


Bændablaðið

19. tölublað 2024 ● Fimmtudagur 24. október ● Blað nr. 666 ● 30 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



Fjölskyldan í Brennholti í Mosfellsdal, Tómas Ponzi, Björk Bjarnadóttir og sonurinn Egill Mikael Ponzi, sem heldur á Boldungi. Það er tómatayrki og afrakstur sjö ára ræktunarstarfs Tómasar. Yrkið Boldungur er ræktað í köldu gróðurhúsi og þrátt fyrir að sumarið hafi verið sólarlaust og kalt þá var ágætis uppskera. Um einstaklega duglega tómataplöntu er að ræða, tómatarnir kjötmiklir og safaríkir með góðu jafnvægi á milli sætu og sýru. *– Sjá nánar á bls. 30–31.*

Mynd / Sigurður Már Harðarson



## Ónæmi gegn sýklalyfjum

Sérfræðingar kalla eftir samdrætti í sýklalyfjanotkun. Í minnkandi heimi getur ónæmi gegn þessum lyfjum borist milli manna og dýra og með fólki og matvælum milli heimshluta.

– 20 –



## Kalt og þurrt

Kuldapollurinn sunnan við Ísland er þegar farinn að hafa áhrif hér á landi. Prófessor við HÍ rekur hvað gerst gæti á Íslandi verði ekki komið böndum á hnignun veltirhringrásar Atlantshafsins, AMOC.

– 8 –

### Stjórnvöld:

# Landbúnaður settur í biðstöðu

**Lítt verður aðhafst í landbúnaðarmálum af hendi stjórnvalda fram yfir kosningar. Hvatt er til að frambjóðendur til alþingiskosninga hugi að brýnum málefnum landbúnaðarins.**

Í kjölfar þess að Sjálfstæðisflokkurinn sleit ríkisstjórnarsamstarfinu 13. október sl. er ekki von á aðgerðum í landbúnaðarmálum út þetta ár, hvorki frá ráðuneyti matvæla né þinginu.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að vissulega gæti óvissu. Starfsstjórn hafi takmarkað vald og því verði í reynd engar stórvægilegar ákvarðanir teknar nú. Þá geti komið áherslubreytingar með nýjum matvælaráðherra og það verði líka að teljast eðlilegt þegar ný stjórn tekur við.

*Haldið í horfinu*

„Okkar hlutverk í Bændasamtökunum er hins vegar að tryggja að málefni landbúnaðarins fái viðeigandi athygli í kosningunum þannig að þau séu sett ofarlega á dagskrá allra flokka. Verkefnin fram undan eru ærin í landbúnaðinum og þau verða það áfram, þannig að við hlökkum bara til að starfa með nýjum ráðherra, hver svo sem hann verður,“ segir Trausti.

Fyrirspurn til stjórnvalda varðandi hvaða áhrif stjórnarslit, starfsstjórn, nýr matvælaráðherra og fyrirhugaðar kosningar eftir örfáar vikur hafi á landbúnaðartengd málefni var svarað með eftirfarandi hætti:

„Hlutverk starfsstjórnar er að tryggja stjórnskipulega festu og að halda nauðsynlegum verkefnum gangandi. Megináhersla verður lögð á fjárlög, fjáraukalög og fjárlagatengd mál. Matvælaráðherra mun eftir þörfum afgreiða fyrirliggjandi mál og taka afstöðu til breytinga á reglugerðum.“

Í lok september gaf Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þáverandi matvælaráðherra, út aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu til fimm ára. Til grundvallar áætluninni liggur landbúnaðarstefna til 2040 sem samþykkt var á Alþingi undir sumar 2023. Má ætla að aðgerðaáætlunin verði síðasta opinbera aðgerðin beinlínis í þágu landbúnaðarmála á þessu ári.

*Kílómetrar og kolefni*

Alþingi mun, ef að líkum lætur, samþykkja fjárlagafrumvarp starfsstjórnar. Jafnframt er stefnt að því að afgreiða hækkun kolefnisgjalds á jarðefnaeldsneyti og kílómetragjald vegna notkunar ökutækja, sem komi til framkvæmda um næstu áramót. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að kílómetragjald komi í stað olíu- og bensíngjalda sem gjald fyrir notkun allra ökutækja í vegakerfinu.

Bændasamtökin gerðu athugasemd við þátt landbúnaðarvéla, þ.e. dráttarvéla og eftirvagna til landbúnaðarnota, í umsögn sinni við frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda. Hvöttu samtökin til að allur vafi yrði tekinn af varðandi að landbúnaðartæki verði undanþegin frá gjaldskyldu.

„Ekki þarf að taka fram að ef slík landbúnaðartæki myndu falla undir gjaldskylduna væri það gríðarlegur kostnaðarauki fyrir bændur og landbúnaðinn í heild sinni,“ segir í umsögninni.

Um það að u.þ.b. tvöfalda eigi kolefnisgjald af jarðefnaeldsneyti segja samtökin í umsögn að rafknúnar dráttarvélar séu ekki til staðar í landinu og traktorar sem gangi fyrir metani teljandi á fingrum annarrar handar. Þannig skjóti skökku við varðandi tilgang og markmið kolefnisgjaldsins, þ.e. að hvetja til vistvænnar tækni og orkugjafa, að hækkun gjaldsins bitni á bændum og íslenskum landbúnaði.

*Mál gufa upp eða tefjast*

Nokkuð ljóst er að allmörg þingmál tengd landbúnaði, beint og óbeint, falla að sinni milli skips og bryggju eða tefjast mögulega vegna stjórnarslitanna og kosninga. Má þar nefna stjórnartillögur um mótun stefnu um dýraheilsu til ársins 2040, stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi og einnig verndar- og orkunýtingaráætlun/virkjunarkosti í vindorku.

Önnur mál sem bíða líklega að sinni eru m.a. umhverfismat framkvæmda og áætlana og skipulagslög (S), ættliðaskipti og nýliðun í landbúnaðarrekstri (S), heildarendurskoðun á þjónustu og vaktkerfi dýralækna (F), búvörulög/niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda (Flf), erfðafjárskattur/ættliðaskipti bújarða (S), leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitímabils (F), skráning og bókhald kolefnisbindingar í landi (F), brottfall laga um gæðamat á æðardúni (S), velferð dýra/bann við blóðmerahaldi (Flf), stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu (F) og breyting á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum (P), skv. vef Alþingis.

*/sá*

Kjötafurðir:

# Sláturhús Hellu og Esja gæðafæði sameinast

**Kennitala Sláturhússins á Hellu hefur verið afskráð og verður reksturinn færður undir kjötvinnslufyrirtækið Esju gæðafæði.**

Að sögn Hinriks Inga Guðbjargarsonar, framkvæmdastjóra beggja fyrirtækja, er það gert til að einfalda rekstur og hagræða í bókhaldi.

Hann segir að með sameiningu ýmissa rekstrarkerfa megi minnka fastan kostnað fyrirtækjanna. Nefnir hann í því samhengi til dæmis bókhaldskerfi. Bæði félögin eru í fullri eigu Kaupfélags Skagfirðinga og Hinrik Ingi segir það vera stefnu stjórnar þess að fækka kennitölum. Engin breyting er fyrirhuguð á rekstri Sláturhússins á Hellu vegna þessa og starfsgildum mun ekki fækka.

Afurðir Sláturhússins á Hellu fer að mestu leyti í vinnslu til Esju gæðafæðis en Hinrik segir að þeir selji einnig til Kjöthallarinnar og Ferskra kjötvara auk þess sem heimtaka fari vaxandi.

Rekstur beggja fyrirtækja sé stöndugur en helstu áskoranir felist í fækkun sláturgripa. „Ég vildi óska að fleiri gripir væru í boði en ég heyri að öll sláturhús séu að glíma við þetta. Það þarf eitthvað samhent átak til að auka framleiðslu hér heima,“ segir Hinrik Ingi.



Sláturhúsið á Hellu.

Hann segir sölu á kjöti ekki fara minnkandi. „En ég heyri að neyslan er að breytast, menn eru að leita að ódýrara próteini.“ Þannig fari sala á fuglakjöti sífellt vaxandi á kostnað sölu lambakjöts.

Hlutafélagið Sláturhúsið Hellu hf. var stofnað árið 2001en Kaupfélag Skagfirðinga keypti sig inn í fyrirtækið árið 2014. Í dag starfa hjá fyrirtækinu um rúm 20 einstaklingar og er megináhersla þess slátrun og vinnsla nautgripa og hrossa.

Esja gæðafæði ehf. hefur verið í eigu Kaupfélags Skagfirðinga frá því árið 2016. Kjötvinnslan er staðsett að Bitruhálsi í Reykjavík sem þaðan vinnur vörur og selur til mötuneyta, veitingahúsa, hótela og verslana. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 75 talsins. /ghp

Kúabændur:

# Hækkun á afurðaverði

**Í síðustu viku kynnti verðlagsnefnd búvara um hækkun á lágmarks afurðaverði til kúabænda.**

Hækkar lágmarksverðið um 2,73 prósent og fer úr 132,68 krónum á lítra í 136,30 krónur á lítrann.

Í rökstuðningi verðlagsnefndarinnar kemur fram að hækkunin sé til komin vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun sem byggði á verðlagi í desember 2023 og tók gildi í janúar 2024. Ákvörðunin um hækkun á afurðaverði er tekin á grundvelli verðlagsgrunns kúabús frá 2001.

Búist er við að vinnu við uppfærslu hans ljúki um næstu mánaðamót. Þá rennur út skipunartími starfandi nefndar og því líklega um síðustu ákvörðun núverandi nefndar að ræða.

Sjaldgæft er að verðlagsnefndin ákveði ekki heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum samhliða hækkunum á afurðaverðinu, en það gerðist þó núna. Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður nefndarinnar, segir að þetta sé í annað sinn á þessum skipunartíma frá 2022 sem heildsöluverðið sé ekki hækkað. „Það hefur verið að frumkvæði iðnaðarins, sem vill með því leggja sitt af mörkum við að ná niður verðbólgunni,“ segir hann.

Heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum helst því óbreytt. /smh



Heildsöluverð á mjólk mun haldast óbreytt. Mynd /smh




Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is



Garðyrkjubændum í útiræk grænmetis virðist vera að fækka, sem er öfug þróun við markmið síðustu endurskoðunar á garðyrkjusamningi búvörusamninganna. Mynd / smh

# Umsóknum fækkaði um jarðræktarstyrki í garðyrkju

**Umsóknum um styrki vegna útiræktunar grænmetis fækkaði um fimm frá fyrra ári.**

Samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu voru þær 50 núna í sumar, en 55 á síðasta ári en ekki liggur fyrir hversu margir hektarar voru undir útiræktuðu grænmeti í sumar þar sem úttektum vegna umsóknanna er ekki lokið. Við endurskoðun búvörusamninga um síðustu áramót varð sú breyting að lágmarksstærð á því landi garðyrkjubænda sem greiddir eru styrkir út á, var minnkað úr hektara lands niður í fjórðung af hektara. Tilgangurinn var meðal annars að hvetja nýliða til að prófa sig áfram í útiræktun – og fá til þess stuðning – án þess að leggja of mikið undir.

*Tvær mögulegar skýringar*

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segist ekki hafa kynnt sér sjálfur ástæður þessa áhugaleysis bænda á styrkumsókn. Hann telur þó að skýringarnar séu mögulega tvær.

„Við höfum kannski ekki lagt okkur nógu mikið fram við að kynna þessa nýju leið, en um leið getur verið að fólk sjái að styrkurinn er orðinn svo lítill þegar þetta er orðinn fjórðungur úr hektara.“

*Bændum fækkar í greininni*

Jarðræktarstyrkir til garðyrkjubænda, vegna útiræktaðs grænmetis, koma inn í búvörusamninga árið 2016. Um fastan pott er að ræða sem skiptist á milli garðyrkjubænda eftir umfangi ræktunarinnar. Árið 2020 var upphæðin samtals 68 milljónir samkvæmt búvörusamningum og hefur verið uppfærð samkvæmt verðlagsþróun síðan. Við síðustu endurskoðun fékkst ekki aukið fjármagn inn í útiræktunina, þrátt fyrir ítrekuð vilyrði stjórnvalda um að skapa ætti hvata til frekari vaxtar í greininni.

Axel segir að málið með útiræktunina sé að hún krefjist talsverðs tækjabúnaðar svo vinnan verði manneskjuleg. „Það er enginn fjárfestingastuðningur í garðyrkju. Því ertu alltaf að fara í stærra land en einn fjórða af hektara og því er möguleiki á að þessi aðgerð skili seint tilætluðum árangri. Sem var að reyna að fá fleiri inn í greinina. Útirækt hefur verið að gefa eftir og því alls ekki góð þróun að bændum fækki í greininni,“ segir hann.

Axel bætir því við að það sé nauðsynlegt að fundin sé leið til þess að bændur geti tryggt sig fyrir áföllum, því þeir séu svo háðir veðráttu sem getur verið mjög rysjótt hér á landi. Ef slíkt fyrirkomulag náist inn í stuðningsfyrirkomulagið skapist alvöru grundvöllur fyrir fólk að koma inn í greinina. /smh

Bændasamtökin:

# Stjórnvöld þurfi að styðja aukna matvælaframleiðslu

**Auka þarf innlenda matvælaframleiðslu um 45–55 prósent næstu þrjátíu árin til að mæta fæðuþörf íbúa og ferðamanna hér á landi, samkvæmt greiningum Bændasamtaka Íslands.**



Margrét Ágústa Sigurðardóttir.

„Þetta verða stjórnvöld að hafa í huga og það verður fróðlegt að sjá hvort einhver flokkur í komandi kosninga baráttu hafi kjark til að gefa þessu gaum,“ segir Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri samtakanna.

*Undirbúa kerfið fyrir vöxt*

Greiningin er hluti af vinnu Bændasamtaka Íslands við að áætla kolefnisspor landbúnaðarins til næstu þrjátíu ára og tekur hún mið af gögnum Hagstofu Íslands um magn matvæla sem fer um hagkerfið. Miðað við spár Hagstofunnar um fólksfjölgun og þróun í komu ferðamanna mun þeim sem verða daglega í mat hér á landi vera nær helmingi fleiri eftir þrjátíu ár en eru í dag og segir Margrét Ágústa að sú staðreynd kalli á stórfellda aukningu íslenskrar landbúnaðarframleiðslu.

„Hvað ætlar allt þetta fólk að borða og hver á að framleiða matinn? Það þarf strax að hefjast handa við að undirbúa landbúnaðarkerfið fyrir þennan vöxt.“

Halda þurfi bújörðum í rekstri, tryggja nýliðun, fjölga bændum og búfé og styðja við aukna og skilvirkari framleiðslu.

„Markmið og forsendur innlends landbúnaðar er að standa skil á þeirri frumframleiðslu sem þarf fyrir þjóðina. Við viljum framleiða hér á landi þær landbúnaðarvörur sem við getum, annað þurfum við að flytja inn. Efla þarf afkomu í landbúnaði, tala fyrir auknum fjárfestingum en um leið tryggja að við byggjum upp landbúnað í takt við kröfur til loftslagsmála og nýtingu auðlinda.“

Margrét Ágústa bendir á að hlutfall innflutta matvara hér á landi séu um 55–60 prósent. „Við getum ekki reitt okkur á að hafa aðgengi að þessum vörum til framtíðar, í ljósi þess að fram til ársins 2050 þurfa þjóðir heimsins að mæta sömu áskorunum vegna fólksfjölgunar og auka matvælaframleiðslu margfalt frá því sem hún er í dag.“

*Samdráttur í losun á hverja framleidda einingu*

Aukinni framleiðslu fylgir óhjákvæmilega aukin losun gróðurhúsalofttegunda og segir Margrét Ágústa að því verði erfitt að leggja þá kröfu á landbúnaðinn að draga úr heildarlosun.

„Landbúnaðinn ætti frekar að mæla út frá losun á hverja framleidda einingu. Frá árinu 2005 hefur til að mynda náðst tæplega 30 prósenta samdráttur á hverja framleidda einingu íslenskra matvæla. Þessi árangur er fyrst og fremst tilkominn vegna aukinnar framlegðar í búskap, hvort sem litið er til afurða eða skilvirkari nýtingu aðfanga.

Hins vegar er það aðkallandi verkefni að við framleiðum meira til að við getum mætt þessari auknu eftirspurn og í því skyni þarf að tryggja rekstrarskilyrði landbúnaðarins. Við þurfum að vera sjálfbær því það verður einfaldlega enginn matur hér á borðum ef ekki verður fyrir bændur.“

*Ábyrgðarlaust að setja ekki skýra stefnu*

Hún segist vonast til þess að málefni landbúnaðar verði sett á dagskrá í kosningabaráttunni. „Það er til lítils að vinna í öðrum stefnumálum ef við höfum ekki burði til að fæða þjóðina með öflugum landbúnaði. Þá er „enginn bóndi – enginn matur“ ekki bara slagorð, heldur einfaldlega staðreynd. Ætlum við virkilega að vakna þegar síðasti bóndinn í dalnum slekkur ljósin? Með skýrri og afdráttarlausri framkvæmd, sem veitir bændum þau verkfæri og stuðning sem þeir þurfa, geta stjórnvöld stuðlað að öflugum og sjálfbærum landbúnaði þannig að við getum haft mat á borðum fyrir alla sem hér búa í náinni framtíð. Ef fram heldur sem horfir, þá er hins vegar vegið að okkar fæðuöryggi, matvælaöryggi og ekki síður þjóðaröryggi. Ég ætlast einfaldlega til þess að frambjóðendur kosninganna taki það til umræðu og setji sér skýra stefnu um það hvernig þeir ætli að efla íslenskan landbúnað þannig að við höfum hér mat á borðum þegar fram í sækir. Annað væri ábyrgðarlaust.“ /ghp



LAND CRUISER 250
KOMDU OG REYNSLUAKTU LAND CRUISER 250 HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.
Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.
Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.
TOYOTA
LAND CRUISER 250
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

## Sauðfjárriða:

# Vel gengur að rækta riðuþolið sauðfé

**Innleiðing á verndandi og mögulega verndandi arfgerðum gegn riðu í sauðfé gengur mjög vel.**

Að sögn Eyþórs Einarssonar, ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, lítur út fyrir að í haust hafi mikið verið sett á af gripum með þessar arfgerðir.

Fljótlega verði hægt að meta hversu hátt hlutfall í íslenska stofninum beri þessar arfgerðir, en bændur séu nú að ganga frá ásetningi fyrir næsta vetur. „Útlit er fyrir að margir bændur muni nánast eingöngu setja á gimbrar sem bera einhverja vernd,“ segir hann.



Útlit er fyrir að margir bændur muni nánast eingöngu setja á gimbrar í vetur sem bera einhverja vernd. Mynd / smh

### *17.800 ARR-gripir*

Í júlí var formleg landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu undirrituð, þar sem gert er ráð fyrir að því verkefni verði lokið innan 20 ára. Að þeirri áætlun koma matvælaráðuneytið, Matvælastofnun og Bændasamtök Íslands.

„Íslensk erfðagreining hefur greint fyrir okkur um 63 þúsund sýni frá byrjun maí. Þar sem bændur voru duglegir við að taka sýni í vor hefur gengið mjög vel að þjónusta þau sýni sem hafa komið inn í haust.

Ef við skoðum afgerðirnar þá eru í þessu sýnasafni um 17.800 gripir, fyrst og fremst lömb, sem bera ARR-genasamsætuna, þar af 200 sem eru arfhrein ARR/ARR,“ segir Eyþór, en sú samsæta er einmitt alþjóðlega viðurkennd sem verndandi.

„Gripir með AHQ, T137 eða C151 eru alls um 16.200,“ heldur Eyþór áfram og bendir á að í þessum tölum getur sama lambið verið tvítalið ef það er með tvo mismunandi breytileika. Þessir breytileikar eru taldir vera mögulega verndandi í fyrrnefndri landsáætlun.

### *Áhuginn eðlilega mestur á riðusvæðum*

Að sögn Eyþórs eru bændur mjög viljugir til þátttöku í arfgerðargreiningunum og mikill meirihluti sauðfjárbænda sé kominn eitthvað af stað í þessa átt með sína ræktun. „Áhuginn er vissulega mestur á riðusvæðunum en ekki er hægt að segja annað en almennt sé þátttaka góð. Sýnin sem hafa verið greind frá í vor eru frá um 780 sauðfjárræktendum vítt og breitt um landið. Til að setja þetta í samhengi þá voru um 1.500 bú sem voru þátttakendur í skýrsluhaldi árið 2023.Við reynum að hvetja bændur almennt til dáða í þessu en bændur sjálfir hafa sýnt mikið og gott frumkvæði.“



Eyþór Einarsson.

### *Ekki íþyngjandi kostnaður*

Spurður út í kostnað bænda við greiningarnar segir Eyþór að þær séu á hagstæðum kjörum hjá Íslenskri erfðagreiningu og síðan niðurgreiddar hjá matvælaráðuneytinu að stórum hluta. „Til dæmis er greiningarkostnaður á öllum gripum sem eru undan ARR-foreldri aðeins 300 krónur á hvert sýni. Sama gildir um sýni úr öllum ásettum hrútum, sama hvernig þeir eru ættaðir eða hvar þeir eru, greiningin á þeim mun kosta 300 krónur. Þetta ætti því ekki að teljast íþyngjandi kostnaður.

Eyþór segir ástæðu til að minna á að gert sé ráð fyrir að greiddir verði hvatastyrkir til búa sem teljast vera í áhættuflokki út á notkun á hrútum sem bera verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir (V/V, V/MV eða MV/MV).

Margir hjá RML koma að þessu verkefni, að sögn Eyþórs. „Bæði varðandi móttöku sýna, afgreiðslu á sýnatökubúnaði og síðan að þjónusta bændur í sambandi við Fjárvís. Þá hefur farið fram mikil vinna við þróun og endurbætur á skýrsluhaldsforritinu Fjárvísi, bæði til að auðvelda bændum að vinna með þennan eiginleika í ræktunarstarfinu og til að halda utan um allar þessar sýnatökur.“

/smh

# Aflýsa Matvælaþingi

**Matvælaráðuneytið hefur aflýst Matvælaþingi sem átti að fara fram í Hörpu 5. nóvember næstkomandi.**

Dýravelferð og hugmyndafræðin Ein heilsa (e. One Health) áttu að vera meginviðfangsefni þingsins.

Ráðgert var að Maarten Hoek frá Lýðheilsu- og umhverfisstofnun Hollands og dr. Rebeca García Pinillos, stofnandi og framkvæmdastjóri samtakanna One Welfare CIC, væru meðal fyrirlesara.

Samkvæmt tilkynningu matvælaráðuneytisins hefur Matvælaþing verið vettvangur fyrir samræðu á milli hinna ólíku starfsgreina sem vinna að matvælaframleiðslu og -vinnslu á Íslandi. /ghp




## Uppskera:

# Kartöflubirgðir litlar í landinu

**Eins og greint var frá í síðasta Bændablaði var uppskerubrestur hjá kartöflubændum í Eyjafirði. Af þeim sökum eru birgðirnar minni í landinu, en uppskeran var slök víðar.**

Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi á Skarði í Þykkvabæ, segir augljóst að það sé minna til af kartöflum í landinu en í fyrra. Langstærstur hluti kartöfluuppskerunnar kemur úr Þykkvabænum, en miðað við það sem Sigurbjartur hefur heyrt frá bændum í kringum sig er uppskera Þykkbæinga nálægt 70 prósent af því sem var í fyrra, sem var meðalár.

Þá dugði uppskeran svo að segja alveg þangað til bændur hófu upptöku að nýju í sumar.

### *Mun ekki birtast sem vöntun*

Sigurbjartur bendir á að þrátt fyrir minni uppskeru sé ekki víst að hún birtist neytendum sem vöntun.

„Við höfum í samstarfi við kartöfluverksmiðjuna möguleika á því að stýra því hvert kartöflurnar fara,“ segir hann. Í þessu árferði noti verksmiðjan innflutt hráefni á meðan hærra hlutfall af innlendu framleiðslunni fer ferskt á neytendamarkað.

„Gagnvart venjulegu fólki sem fer út í búð og kaupir sér poka af kartöflum er ekkert sjálfgefið að þetta skipti máli.“ Afurðirnar úr kartöfluverksmiðjunni eru ýmsir réttir og forsoðnar kartöflur sem fást í verslunum eða fara í mötuneyti og á veitingastaði.

### *Kemur niður á bændum*

Jón Helgi Helgason segir að þrátt fyrir að neytendur muni ekki verða varir við að kartöflubirgðir í landinu séu litlar muni þetta koma niður á framleiðendunum. Hann er stjórnarmaður í deild garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands og stundar kartöflurækt á Þórustöðum í Eyjafirði.

Hann gerir ráð fyrir að kartöflur norðan heiða verði öllum líkindum búnar snemma en önnur landsvæði ættu að geta fyllt í skarðið. Þetta ójafnvægi kallar á að innflutningsaðilar setji pressu á að tollagluginn, það er tollfrjáls innflutningur á kartöflum, verði opinn í ljósi birgðastöðu.



Bændur óttast að þrýst verði á tollfrjálsan innflutning á kartöflum í ljósi birgðastöðunnar. Mynd / Úr safni

Það komi niður á bændum sem vilji sjá neytendum fyrir ferskum kartöflum í verslunum.

„Þá fara verslanir að sperra innkaupaverðið niður til bænda sem þurfa að fara að keppa við innflutning tollalaust,“ segir Jón Helgi. Hann bendir á að smásöluverð á kartöflum hafi ekki lækkað þó svo að tollurinn sé felldur niður.

### *Vantar hvata til að rækta meira*

Efld tollvernd yrði að hans mati til þess að hvetja bændur til að auka ræktun. Eins og staðan er núna sjá þeir ekki hag sinn í að stækka við sig með það að markmiði að eiga nægar birgðir allt árið þar sem þeir óttist alltaf að þurfa að keppa við tollfrjálsar erlendar kartöflur sem eru ódýrari fyrir verslanirnar í innkaupum. „Framboð og eftirspurn tala ekki saman í þessu. Það hækkar ekkert afurðaverðið þó svo að það sé lítið framboð,“ segir Jón Helgi.

Hann bendir á að kartöflubændur hafi lagt í sama kostnað á hvern hektara, jafnvel aðeins meira til þess að reyna að hraða vextinum. Frostanætur í byrjun september hjálpi ekki til, en tjónið af þeim völdum eigi eftir að koma í ljós þegar kartöflurnar blotna upp og skemma út frá sér í geymslu.

„Þetta veður og þessi uppskerubrestur er að valda því að það er tap á rekstri flestra búa hérna norðan heiða. Það er engin trygging sem tekur á þessu tjóni og verða bændur bara að taka þetta á sig. Einhverjir bændur þurfa jafnvel að huga að því að leita sér að vinnu til að brúa bilið,“ segir Jón Helgi.

/ál


Neyðarkall
til þín
Björgunarsveitirnar senda frá sér árlegt Neyðarkall dagana 30. október til 3. nóvember.
Tökum vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og styðjum við öflugt björgunarstarf í landinu.

**Bændablaðið**

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Óvissan

**Starfsstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar er nú við völd í landinu. Starfsstjórninni er ætlað að halda í horfinu þar til ný ríkisstjórn hefur verið mynduð.**

Kosningar fara fram 30. nóvember næstkomandi og varla er gert ráð fyrir að ný stjórn fari að taka til hendinni fyrr en eftir áramót. Á forsíðu þessa tölublaðs er haft eftir talsmönnum starfsstjórnarinnar að hlutverk hennar fram að því sé að tryggja stjórnskipulega festu og halda „nauðsynlegum verkefnum gangandi“. Áhersla sé lögð á fjárlög. Önnur mál fá því væntanlega að bíða og með því skapast óvissa.

*Hvað verður um einkarekna fjölmiðla?*

Rétt fyrir stjórnarslit birtist á Samráðsgátt til umsagnar frumvarp laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, sem fjallar um framlengingu á stuðningi til einkarekinna fjölmiðla. Að óbreyttu mun stuðningurinn falla úr gildi um áramótin en með frumvarpinu er lagt til að framlengja gildistímann um þrjú ár. Í umsögnum fagna talsmenn einkarekinna fjölmiðla drögunum og leggja áherslu á mikilvægi stuðningsins. Við erum einn þessara aðila.

> Að óbreyttu mun stuðningurinn falla úr gildi um áramótin ...

Rekstrarumhverfi prentmiðils á borð við Bændablaðið hefur verið afar erfitt síðustu ár vegna gríðarlegra hækkana á gjaldaliðinni sem erfitt, eða jafnvel ómögulegt, er að mæta á tekjuhliðinni. Þar má aðallega nefna miklar hækkanir á póstburðargjöldum, þrátt fyrir skerta póstþjónustu, sem og hækkandi prentkostnað, m.a. vegna hækkana á heimsmarkaðsverði á pappír.

Stuðningurinn er því lykilatriði til að hægt sé að halda úti útgáfu Bændablaðsins í núverandi formi. Spurningin er hvort frumvarp þetta sé hluti af fyrrnefndum nauðsynlegu verkefnum starfsstjórnarinnar, eða hvort það muni daga uppi eins og fjöldi mála, um áramót.

*Brýn fjárfestingaþörf*

Landbúnaður stendur frammi fyrir áskorunum sem kallar á verulegar fjárfestingar. Fjárfestingaþörfin vex stöðugt því mæta þarf örum loftslagsbreytingum um leið og auka þarf framleiðslumagn. Of litlar fjárfestingar eru meðal annars taldar orsök hægfara framleiðniaukningar.

Hér á landi, sem víðar, þarf að fjárfesta í tæknilausnum, rannsóknum og innviðum. Aðlaga þarf landið, nytjaplöntur og búféð að hröðum loftslagsbreytingum, uppfæra þarf mannvirki samkvæmt nútímakröfum og bæta þarf skilvirkni með meiri tæknivæðingu.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur áætlað að það þurfi að fjárfesta árlega um 680 milljörðum bandaríkjadala á heimsvísu til að nútímavæða landbúnað, auka sjálfbærni hans og tryggja nægan mat á heimsvísu. Stofnunin hefur gefið það út að ef ekki verður brugðist við fljótt með samstilltum fjárfestingum opinberra og einkaaðila sé fæðuöryggi ógnað.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir*
*ritstjóri.*

**Niðurstöður heysýna 2024**
Kynning þriðjudaginn
29. október kl. 13 á Teams
Bústólpi



www.bustolpi.is



Verðlagsgrunnur kúabús hefur verið óbreyttur frá 2001, þrátt fyrir miklar breytingar í rekstrarumhverfi kúabænda.
Mynd / smh

## Verðlagsgrunnur kúabús:

# Vinna á lokametrunum

**Vinna verðlagsnefndar búvöru við uppfærslu á verðlagsgrunni kúabús stendur enn yfir en er á lokametrunum.**

Nefndin, sem skipuð er til tveggja ára, ákveður afurðaverð til kúabænda og verð mjólkurvara í heildsölu. Verðlagsgrunnurinn liggur til grundvallar ákvörðunum nefndarinnar, en sá sem nú er í gildi er frá árinu 2001. Síðast var skipað í nefndina í byrjun september árið 2022 og var í kjölfarið lögð fram tillaga um framkvæmd og verkáætlun að uppfærslu á reiknilíkönum verðlagsnefndar fyrir nýjan verðlagsgrundvöll.

*Seinkun á vinnu Hagfræðistofnunar*

„Það tók Hagfræðistofnun Háskóla Íslands lengri tíma en áætlað var að skila rammanum fyrir nýjan verðlagsgrunn. Þegar hann var kominn stóðu nokkur atriði út af sem nefndin þurfti að taka afstöðu til,“ útskýrir Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður nefndarinnar, en áætlað var að Hagfræðistofnunin skilaði sínum niðurstöðum fyrir síðustu áramót.

„Nefndin hefur verið að vinna sig í gegnum þau atriði og er núna á lokametrunum. Nýr verðlagsgrunnur ætti að vera samþykktur fyrir lok októbermánaðar þegar skipunartími núverandi verðlagsnefndar rennur út,“ segir Kolbeinn enn fremur.

*Sérkennileg staða vegna slita ríkisstjórnar*

Spurður hvort búið sé skipa fulltrúa í nýja nefnd og hvort hann haldi áfram sem formaður, segir Kolbeinn að honum skiljist að búið sé að skipa fulltrúa bænda og frá iðnaðinum. Hann hafi þó ekki frekari upplýsingar um þá. Verkalýðshreyfingin eigi eftir að skipa sína fulltrúa en hann geri ekki sérstaklega ráð fyrir breytingu þar.

„Hvað varðar mína eigin stöðu, þá er hún enn óljós. Ráðherra hefur viðrað þá hugmynd að ég haldi áfram, en þá kemur auðvitað inn sú sérkennilega staða sem er í íslenskum stjórnmálum að sá ráðherra sem skipar næstu nefnd gæti hæglega orðið annar ráðherra en sá sem nú situr og raunar átta ég mig ekki á því hvort ráðherra í starfsstjórn myndi skipa þessa nefnd til tveggja ára eða hvort hún myndi einfaldlega framlengja skipan núverandi nefndar fram yfir kosningar og ný nefnd verði skipuð af nýjum ráðherra,“ segir Kolbeinn.

*Kallað ákaft eftir uppfærðum grunni*

Kúabændur hafa kallað ákaft eftir uppfærðum verðlagsgrunni, enda margt breyst í rekstrarumhverfi búanna á þessum tíma.

Fyrir ári síðan var haft eftir Rafni Bergssyni, formanni deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands og nefndarmanni í verðlagsnefnd búvöru, í viðtali í Bændablaðinu um rekstrarvanda nautgriparæktar í landinu, að það væri löngu tímabært að uppfæra verðlagsgrunninn. „Vinna við uppfærslu stendur yfir og er stefnt að því að verðlagt verði samkvæmt nýjum verðlagsgrundvelli í desember eða strax á nýju ári. Auðvitað hefði verið til bóta fyrir nautgripabændur ef hann hefði verið uppfærður fyrr, þannig að það hefði kannski verið bærilegra fyrir einhverja að takast á við þessa auknu skuldabyrði síðustu missera. Það er alveg ljóst að þessi grundvöllur sem unnið er eftir í dag nær á engan hátt utan um þennan fjármagnskostnað með réttum hætti sem bændur þurfa að takast á við í dag,“ sagði Rafn.



Kolbeinn Hólmar Stefánsson.

Í nefndinni eiga nú sæti þau Kolbeinn Hólmar Stefánsson, skipaður formaður án tilnefningar, Rafn Bergsson og Reynir Þór Jónsson, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Elín Margrét Stefánsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson, tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Steinunn Bragadóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands og Hrannar Már Gunnarsson, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Þá er Hálfdán Óskarsson, eigandi Örnu, áheyrnarfulltrúi minni vinnslufyrirtækja mjólkur í nefndinni. /smh

**Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram**



„Það skiptir máli að kjósa einhvern sem veit um hvað landbúnaðurinn snýst. Umhverfismál og náttúruvernd skipta líka máli," segir Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, bóndi í Miðdal í Kjós.



„Það er verðbólgan og öll aðfangaverð, tekjurnar og afurðaverðið og ekki síst þessir svakalegu vextir. Mér finnst þetta grunnurinn að þessum rekstri okkar," segir Guðmundur Grétar Guðmundsson, bóndi í Múla í Dýrafirði.



„Lykilspurningin er: Á að vera landbúnaður á Íslandi? Við skulum vona að þeir segi já og þá vil ég kannski spyrja hvers konar landbúnaður. Þá er spurningin líka hvernig við getum lifað mannsæmandi lífi af landbúnaði. Það þarf að gera nýja búvörusamninga og þá eru þetta allt saman lykilatriði í því samhengi, en svo það komi fram hefur stuðningur við hvern framleiddan mjólkurlítra minnkað um 43 prósent síðan 2003. Ef þeir segja nei, þá vil ég bara vita það svo við getum pakkað saman," segir Laufey Bjarnadóttir, bóndi á Stakkhamri í Miklaholtshreppi.

# Mikilvægustu kosningamál bænda

Þegar líður að kosningum skiptir máli að vita hvaða málefni brenna á bændum. Bændablaðið fékk álitsgjafa úr þeirri starfsstétt til að svara eftirfarandi spurningu: Hvaða málefni skipta þig sem bónda mestu máli þegar þú ákveður hvaða stjórnmálaflokk þú ætlar að kjósa? /ál



„Maður er mest með það í huga hverjir muni helst vinna landsbyggðinni gagn. Það er ekki alltaf auðvelt að gera sér grein fyrir því hvað stendur upp úr í gegnum fagurgalann allan. Það er margt sem hjálpast að – samgöngur, orkuverð, orkuframleiðsla og fleira," segir Hávar Örn Sigtryggsson, bóndi í Hriflu í Þingeyjarsveit.




„Evrópusambandið, svo maður verði alveg rosalega róttækur. Við erum að fara eftir öllum Evrópusambandsreglugerðum nú þegar. Við erum örþjóð í landbúnaði og getum unnið eftir því sem aðrir eru að gera svo að sykurpúðarnir í Sjálfstæðisflokknum ráði ekki peningaflæðinu og hagstjórninni," segir Guðmundur Geir Jónsson, bóndi í Stærri-Árskógi í Dalvíkurbyggð.



„Ég kýs þá sem hafa trúverðug áform um að tryggja rekstrargrundvöll grunnframleiðslu í landinu. Það þýðir bæði frumframleiðsluna og úrvinnslugeira landbúnaðarafurðanna. Ég vel þá sem eru tilbúnir til að viðhalda raunverulegum tollum á innfluttar landbúnaðarafurðir," segir Sigurður Þór Guðmundsson, bóndi í Holti í Þistilfirði.



„Ég myndi segja að það væri hvernig flokkarnir ætla að sjá til þess að við tryggjum matvælaframleiðslu í landinu og að landbúnaðurinn sé samkeppnisfær um fólk til þess að stunda þessa framleiðslu miðað við aðrar starfsgreinar," segir Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum í Hornafirði.



„Það er vaxtastigið sem étur upp allt hjá öllum og skortur á samkeppni á fjármálamarkaði. Það kemur enginn annar banki hingað af því að hér er einhver gjaldmiðill sem enginn þekkir og ekki nema sirka 250.000 skattgreiðendur," segir Jón Marteinn Finnbogason, bóndi í Minni-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



„Það þarf að verja Ísland í heild sinni. Stoppa sölu á jörðum til útlendinga og stoppa sölu á vatni, það verður okkar olía í framtíðinni. Ég mun styðja þann flokk sem stoppar þessa vitleysu af. Mér er alveg sama hvað sá flokkur heitir," segir Gísli Halldór Magnússon, bóndi á Ytri-Ásum í Skaftártungum.

# Vísnahornið

**Kristinn Bjarnason** frá Ási í Vatnsdal var um tíma bóndi í Borgarholti. Eystri-Tungan var nokkuð klofin frá ytri Tungunni. Bjarni skólastjóri á Laugarvarni hét nýrri brú á Tungufljót 1946. Raunar kom svo brúin 1990.

*Sælt er að lifa í sannri trú*
*að samgöngurnar batni,*
*ef á Fljótið byggir brú*
*Bjarni á Laugarvatni.*

Kristinn var þekktur fyrir hringhendur eins og næstu tvær sýna.

*Lindir hjala léttum róm,*
*litkast bala vangi.*
*Snemma alin brosa blóm,*
*blítt í dalafangi.*

*Býlin rjúka, roðnar sveit*
*risin mjúk úr laugum.*
*Geislar strjúka rakan reit,*
*rósir ljúka upp augum.*

Ekki þarf að kynna **Rósberg Snædal** sem orti líka hringhendur góðar.

*Detta hlýt ég, Drottinn, hér*
*dyggða- þrýtur veginn.*
*Syndin ýtir eftir mér*
*inn á vítateiginn.*

Rósberg sagði einnig:

*Ást þó bindi´ég öls við haf,*
*oft í blindni svalli*
*hugaryndi hlýt ég af*
*hverju syndafalli.*

Ævisaga K.N. í fáum dráttum:

*Blóðið í æðunum brann,*
*ef brautin var framundan slétt.*
*Pegasus frægan ég fann, –*
*á folanum tók ég mér sprett.*

*Lofthræddur löngum ég var, –*
*því lífið á himnum ei skil.*
*Um foldina fákur mig bar,*
*en flaug ekki himnanna til.*

*Bakkus í taumana tók –*
*Að teyma mig var honum kært!*
*Svo gaf hann mér brennivínsbók,*
*á bókina þá hef ég lært.*

**Friðrik Hansen** orti margt fallegt. Þessi haustvísa á vel við:

*Grænum halla blöðum brátt*
*blómin valla fögur.*
*Yfir fjalla herðum hátt*
*hangir mjallakögur.*

Og enn segir Friðrik að hausti:

*Nú er hljótt um holtin öll,*
*horfinn lóusöngur.*
*Nú er yfir frostköld fjöll*
*farið á ný í göngur.*

Sitthvað má finna í Gervilimrum **Gísla Rúnars** sem komu út 2020:

Lögmæt martröð

*Málflutningsmaður einn mætur*
*mælti´upp úr svefni um nætur:*
*Við engifer*
*enginn fer*
*í mál! – (Nema matjurtarætur)*

Rekkjusiðir – óafsakaðir

*Svo lasburða´af leti var Ívana*
*að hún lagðist í velflesta dívana*
*er á vegi´ennar urðu*
*þó vakti mest furðu*
*hve Þrúðmari gekk vel að þríf´ana*

Umsjón: **Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

Loftslagsmál:

# Skilyrði til landbúnaðar versna

## – Áhættan er talin raunveruleg



**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

**Miklar áhyggjur eru af neikvæðum breytingum á hafstraumum Atlantshafsins. Kuldapollur sunnan Íslands veldur þegar kaldari sumrum og gæti átt eftir að gjörbreyta skilyrðum hér á landi í fyrirsjáanlegri framtíð.**

Á fimmta tug vísindamanna í 15 löndum, þ.á m. Íslandi, hafa undirritað opið bréf þar sem áhyggjur af hnignun veltihringrásar Atlantshafsins (AMOC) eru reifaðar.

Í bréfinu er kallað eftir að áhættumat verði gert fyrir Norðurlöndin. Ljóst þyki að aðlögun að þeim miklu breytingum sem hrun á AMOC myndi valda sé ekki raunhæf leið og herða þurfi mjög á loftslagsaðgerðum. Lífvænleiki svæðisins sé undir. „Áhættan er raunveruleg og getur átt sér stað innan 1,5–2°C-marka Parísarsáttmálans. Heimurinn stefnir hraðbyri langt út fyrir þau mörk,“ segir í bréfinu.

Dr. Stefan Rahmstorf, prófessor í hafeðlisfræði við Potsdam-stofnunina í Þýskalandi, afhenti bréfið umhverfisráðherra Íslands til Norrænu ráðherranefndarinnar, á alþjóðlegri ráðstefnu Arctic Circle í Reykjavík 19. október. 76. þing Norðurlandaráðs verður haldið í Reykjavík 28.-31. október þar sem friður og öryggi á Norðurslóðum er eitt meginþemað.

### *Landbúnaður og fiskveiðar í hættu*

Í fyrirlestri Rahmstorfs á Arctic Circle kom m.a. fram að hafsvæðið sunnan og suðvestan Íslands væri eina svæðið á jörðinni sem kólnað hefði frá 19. öld. Hann telur langlíklegast að um afleiðingu veikingar hafstrauma sé að ræða, einkum AMOC-veltihringrásarinnar sem flytji minnkandi varma á svæðið.

Rahmstorf sagði áhrif veikingar AMOC geta orðið til þess að vetrarhiti á Íslandi yrði allt að 9°C lægri en nú og við strendur Noregs gæti hiti lækkað um 20°C. Líklega myndi kólna í N-Evrópu en á hinn bóginn hlýna í S-Evrópu og það myndi enn ýta undir öfgar í veðurfari um heim allan. Áhrif á lífríki hafsins og þar með fiskveiðar í N-Atlantshafi yrðu afgerandi og spurning væri hvort hægt yrði yfir höfuð að stunda landbúnað í Skandinavíu.

### *Hrun AMOC mögulegt á næstu áratugum*

Hringrás hafstrauma Atlantshafsins flytur varma að sunnan og norður á bóginn og hækkar meðalhita á Íslandi og víða um austurhluta N-Atlantshafs. Hægi á henni gæti komið að vendipunkti þar sem ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir að hún stöðvist. Vaxandi vísbendingar eru um að hægt hafi á hringrásinni vegna hnattrænnar hlýnunar.

„Vendipunkturinn þar sem ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir hnignun og hrun AMOC er alvarlegur möguleiki, þegar á næstu áratugum,“ segir í bréfi vísindamannanna.

Alþjóðlegar loftslagsrannsóknir benda til að líkur á breytingum á hringrás hafstrauma Atlantshafsins hafi lengi verið stórlega vanmetnar og vísindamennirnir kalla nú eftir meiri og hraðari loftslagsaðgerðum til að minnka líkur á óafturkræfum breytingum á AMOC. Telja vísindamennirnir að leggja verði aukinn þunga í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins hratt og unnt er svo hlýnun fari ekki mikið yfir 1,5°C mörkin í Parísarsamkomulaginu. Eina þekkta leiðin til að forðast loftslagsvendipunkta sé að draga hratt úr hlýnun jarðar.




Líkanið sýnir fram á hrun AMOC-veltihringrásar Atlantshafsins 300 árum eftir að CO2-magn andrúmslofts tvöfaldast miðað við magn ársins 1990. Mynd / Science





### *Ástæða kaldari sumra*



Áslaug Geirsdóttir.

Hnigni AMOC getur það valdið hröðum og óafturkræfum breytingum í þá veru að mjög kólni í löndum þjóðanna við N-Atlantshaf. Rofni veltihringrásin er það talið munu valda gífurlegum og óafturkræfum breytingum á lífsgæðum þjóðanna.

Áslaug Geirsdóttir, prófessor við jarðvísindadeild Háskóla Íslands, er ein vísindamannanna sem undirrituðu bréfið. „Bæði hermanir og mælingar á styrkleika AMOC benda til að um staðbundinn kaldan blett sé að ræða í hafinu sunnan við Ísland í dag,“ útskýrir Áslaug. „Þessi kaldi blettur er seltuminni, þ.e. ferskari, en hafið í kring og því að einhverju leyti eðlisléttari en hafið umhverfis og myndar því yfirborðssjó. Mælingar benda til að þessi kaldi blettur sé afleiðing af veikari styrk AMOC,“ segir hún.

Hins vegar komi líka fram í hermunum að lönd bæði vestan og austan Íslands séu mun hlýrri, í hlýnandi heimi vegna aukningar gróðurhúsalofttegunda.

„Fyrstu áhrifin af þessum staðbundna bletti sunnan við landið eru þó talin vera ein skýring á því að hér hafi verið kaldara en ætla mætti að undanförnu í annars hlýnandi veröld,“ segir Áslaug. Spurningin sé hver þróun þessa kalda bletts komi til með að verða.

### *Breytt lífsskilyrði*

Áslaug segir að ef AMOC haldi áfram að hnigna megi líta til þess ástands sem átti sér stað á Litlu ísöldinni (1300–1900) en þá var meiri hafískoma og jöklar skriðu fram. Hvort tveggja hafi bein áhrif á hitastig á landi, sífrera, og annars konar erfiðleika vegna fæðuöflunar fyrir búfé. Með áframhaldandi hnignun AMOC muni kaldi bletturinn sunnan við Ísland í dag óhjákvæmilega stækka.

„Afleiðingarnar fyrir Ísland gætu orðið styttri og kaldari sumur, minni spretta og auknar líkur á kali og jarðvegsrofi. Slíkt myndi óhjákvæmilega hafa slæm áhrif á vistkerfi hér á landi. Það gæti þurft að endurskoða þær tegundir sem verið er að rækta og fleira í þeim dúr,“ segir hún. Stöðvist veltihringrásin alveg veldur slíkt hrun AMOC, samkvæmt hermunum, stórum en áberandi mismunandi loftslagsviðbrögðum. „Það yrði áberandi kólnun yfir norðanverðu N-Atlantshafi og nálægum svæðum; Grænlandi, Íslandi, Svalbarða, Skandinavíu og Stóra-Bretlandi, hafís ykist stórlega á hafsvæðinu á milli Grænlands og Noregs og þar með talið við Ísland. Jöklar myndu áfram ganga fram og magna hitalækkunina. Það færi svo eftir tímalengd ástandsins hvort leiðin lægi beint inn í næsta jökulskeið/ísaldarástand. Úrkomubelti myndi hins vegar flytjast suður á bóginn yfir til suðrænni og hlýrri hluta Atlantshafsins,“ segir Áslaug enn fremur.



Veltihringrás Atlantshafsins (AMOC) og kaldi bletturinn í N-Atlantshafi. Mynd / Science Source

### *Aukin úrkoma til að byrja með*

Með hlýnandi loftslagi, vegna aukins magns gróðurhúsalofttegunda, yrði til að byrja með meiri bráðnun á íssvæðum Norðurhvels, ásamt aukinni úrkomu; heitt loft geymir meiri raka en kalt, svo þegar heita loftið berst til kaldari norðlægari breiddargráða missir það getuna til þess að halda raka svo úrkoma eykst.

Áslaug útskýrir að aukin úrkoma, þ.e. aukið ferskvatn bæði á landi og í sjó, lækki seltumagn sjávar, hann verður eðlisléttari og flytur á yfirborði. Þetta ferskara vatn eigi auðveldara með að frjósa og mynda hafís þegar komi í kaldara umhverfi norðar. Um leið og hafísinn eykst og úrkoman í formi snævar verður meiri á landsvæðum, eykst endurskin sólarorkunnar (albedo) sem veldur enn frekari kólnun og framrás stærri jökla.

„Þannig er ástandinu viðhaldið með eins konar keðjuverkun sem styrkir lagskiptingu sjávar og kemur í veg fyrir lóðrétta hreyfingu hans eða djúpsjávarmyndun, sem er ástæða orkulosunar við Ísland og þeirrar hitamyndunar sem er okkur nauðsynleg svo hægt sé að búa hér á landi,“ segir hún jafnframt.

### *Hér yrði mjög kalt og þurrt*

Stóra spurningin nú sé því hvað þurfi til að þessi kaldi blettur sunnan Íslands stækki eða breiðist út og hafi slík

> Afleiðingarnar fyrir Ísland gætu orðið styttri og kaldari sumur, minni spretta og auknar líkur á kali og jarðvegsrofi ...

kólnunaráhrif á allt hafið og löndin umhverfis. „Þarna kemur spurningin um vendipunktinn, hvað þarf til að koma okkur yfir þennan þröskuld og í nýtt ástand. Erum við kannski búin að koma okkur yfir þennan þröskuld – verður aftur snúið?“ spyr Áslaug.

„Við vitum núna að aukning gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu veldur veldisaukningu í hita, sem myndi valda aukinni bráðnun á Grænlandsjökli og úrkomu, s.s. auknu ferskvatni í hafið og því auknum líkum á lagskiptingu sjávar. Samkvæmt hermunum kemur að því að AMOC, sem flytur hita og raka úr suðurhöfum og norður, stöðvast eða í raun flyst suður á bóginn, úrkomubeltið flyst líka í suðurhöf á meðan að N-Atlantshafið „staðnar“ og verður lagskipt, eins og ég lýsti hér að framan. Það viðheldur í raun kuldanum og hefur á sama tíma minni getu til að halda raka, svo loftslagið verður kalt og þurrt,“ segir Áslaug.

Hún áréttar að allt sé þetta byggt á hermunum og líkönum svo ekki sé að fullu ljóst hverjar afleiðingarnar koma til með að verða. Gríðarlega mikilvægt sé að við séum meðvituð um afleiðingar aukins magns $CO_2$ í andrúmslofti og að ekki þurfi endilega mikið til að koma okkur úr jafnvægisástandi í ójafnvægisástand.

Auk Áslaugar rituðu þrír íslenskir vísindamenn undir fyrrgreint bréf, þau Halldór Björnsson, loftslags-, haf- og veðurfræðingur við Veðurstofu Íslands, Guðfinna Þ. Aðalgeirsdóttir, prófessor við HÍ, og Steingrímur Jónsson, prófessor við HA.

### *Áhrifin yrðu skelfileg*

„Áhrifin, sérstaklega á Norðurlöndum, yrðu að öllum líkindum skelfileg. ... Þótt áhrifin á veðurmynstur, vistkerfi og athafnir manna þarfnist frekari rannsókna, munu þau mögulega ógna hagkvæmni landbúnaðar í norðvesturhluta Evrópu,“ segir í bréfi vísindamannanna sem spá áður óþekktum veðuröfgum ef fram fer sem horfir.



# N1 með þér í rekstrinum



**Skrúbbur**
215 mm - ECO



**Einnota hanskar**
Nítríl 6112 PF Showa




**Mobilfluid 428 10W-30**
UTTO 20L



**Öryggisstígvél**
Purofort Terrapro



**Hárský**
Einnota, hvít 100 stk.



**Einnota svunta**

**Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn.**
Þar getur þú skoðað vöruúrvalið okkar
og klárað kaupin þegar þér hentar.

N1
**Sími þjónustuvers: 440 1000**
www.vefverslun.n1.is



Linde Gas hefur óskað eftir deiliskipulagsbreytingu á lóð sinni á Hæðarenda svo leyft verði að byggja iðnaðarhúsnæði. Mynd / hgs

# Vilja reisa mannvirki

**Linde Gas ehf. hefur óskað eftir deiliskipulagsbreytingu á lóð sinni á Hæðarenda í Grímsnesi.**

Á svæðinu fer fram vinnsla fyrirtækisins á koltvísýringi úr vatni sem dælt er upp úr borholum á jörðinni. Í umsókninni óskar Linde Gas eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagi á þann hátt að leyfð verði bygging á nýju 300 fm iðnaðarhúsnæði á lóðinni auk þess að leyfa stækkun við núverandi vinnsluhús um 100 fm. Þá verði heimilt að byggja aðstöðuhús fyrir starfsfólk og skrifstofu, allt að 70 fm. Allt að átta metra háir tankar verði þá leyfðir til geymslu á afurðum stöðvarinnar. Skv. upplýsingum frá skipulagsfulltrúa umhverfis- og tæknisviði Uppsveita barst umsókn Linde Gas um breytt deiliskipulag þann 11. september en ekki liggja fyrir neinar umsóknir vegna hugsanlegra framkvæmda á grundvelli hins nýja skipulags, enda slíkt ekki hægt fyrr en nýtt skipulag tekur gildi.

Tillaga um nýtt deiliskipulag er nú í auglýsingu hjá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps en hægt er að skila inn athugasemdum til 22. nóvember nk. /ghp

# Vindorkugarður á borð Skipulagsstofnunar

**Skipulagsstofnun birti þann 18. október til umsagnar matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vindorkugarðs í Fljótsdalshreppi.**

Um virkjun á vindorku er að ræða til framleiðslu rafeldsneytis í Reyðarfirði í Fjarðabyggð. Gert er ráð fyrir að rafeldsneytið verði nýtt til orkuskipta í skipum. Í fréttaskýringu um verkefnið í Bændablaðinu 17. nóvember 2022 kom fram að áform væru um hliðarverkefni af framleiðslunni sem gengi út á að reisa umhverfisvæna áburðarverksmiðju. Auk þess væri mögulegt að nýta aukaafurðir framleiðslunnar eins og varma í hitaveitu í Fjarðarbyggð og fyrir fiskeldi á landi.

Gert er ráð fyrir að uppsett afl vindorkugarðsins verði 350 MW, sem er helmingurinn af uppsettu afli Kárahnjúkavirkjunar, og miðast það við þá raforkuþörf sem áætlanir um framleiðslu rafeldsneytis í Reyðarfirði byggja á.

Það er Fjarðarorka sem leggur fram matsáætlunina og Skipulagsstofnun metur hana svo á næstu vikum. Í Skipulagsgátt getur almenningur skoðað fyrirliggjandi gögn og lagt fram eigin umsögn.

Magnús Bjarnason er stjórnarformaður Fjarðarorku, íslenska félagsins sem heldur utan um verkefnið. Hann segir að hugmyndin sé sú sama og áður hefur verið fjallað um og forsendur að mestu óbreyttar. Sjóðurinn CI ETF 1 eigi Fjarðarorku, og hann sé í stýringu hjá Copenhagen Infrastructure Partners (CIP).

„Allt tekur þetta heldur lengri tíma, fjárfestingin er meiri en jafnframt hafa markaðir fyrir grænt rafeldsneyti styrkst og orðið augljóst að eldsneyti framtíðarinnar verður meðal annars grænt ammóníak eða rafeldsneyti sem við getum framleitt á Íslandi á alþjóðlega samkeppnishæfum forsendum,“ segir Magnús. /smh




## Slow Food:

# Útrunnið hráefni til diskósúpugerðar

**Slow Food Reykjavík hélt hátíð í garðskála Grasagarðs Reykjavíkur dagana 18. og 19. október undir yfirskriftinni BragðaGarður.**

Fyrri daginn var lögð sérstök áhersla á fræðslu og voru haldnar vinnustofur miðaðar við ungmenni á aldrinum 16–20 ára. Á seinni deginum voru fyrirlestrar og umræður um hringrásarhagkerfi matvæla, upprunamerkt lambakjöt, sveppi og villtar og ræktaðar nytjajurtir.

***Fræðsla um mat og matartengd málefni***

Nemendur úr Hótel- og matvælaskólanum í Menntaskóla Kópavogs fræddu jafnaldra sína á föstudeginum um mat og matartengd málefni ásamt kennurum og meðlimum úr Slow Food Reykjavík-samtökunum.

Því næst var diskósúpa borin á borð, til að vekja athygli á matarsóun og leiðum til að sporna við henni.

***Engin uppskrift að diskósúpunni***

Gerð diskósúpu hefur verið reglulegur viðburður hjá Slow Food Reykjavík á liðnum árum. Að þessu sinni var það Ægir Friðriksson, matreiðslumeistari og kennari við Hótel- og matvælaskólann, sem hafði veg og vanda að súpugerðinni.

„Við vorum með fræðsludagskrá í morgun fyrir skólakrakka og svo tók diskósúpan við. Hráefnið sem við notuðum í súpuna var frá ýmsum birgjum sem voru með hráefni og vörur sem þeir töldu sig ekki geta selt – og var í raun á leið í ruslagáminn ef við hefðum ekki komið og bjargað því.

Uppskriftin er í raun ekki til, því hún stjórnast af því sem er í boði. Við erum líka að vekja athygli á því að hráefni getur verið gott þótt það eigi ekki marga lífdaga eftir,“ segir Ægir.

Á laugardeginum var svo einnig haldinn matarmarkaður Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli. /smh



Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food Reykjavík, og hópur nemenda úr Hótel- og matvælaskólanum. Myndir / smh



Ægir Friðriksson matreiðslumeistari sá um diskósúpugerðina.



Súpan borin á borð.



Diskósúpugerð er reglulegur viðburður hjá Slow Food.



Eilífur Björnsson var ánægður með diskósúpuna.

## Geitur:

# Leitað að verndandi arfgerð

**Heilar 145 geita hafa verið rannsakaðir en enn ekki fundist arfgerð með mótstöðu gegn riðu. Rannsóknir halda áfram.**

Arfgerðarannsóknum á geitum verður fram haldið í vetur og fram á vor. Brynjar Þór Vigfússon, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, segir nú unnið að fjármögnun og fyrirkomulagi verkefnisins og vonast til að unnt verði að kynna það fljótlega. Sýni eru greind í Frakklandi að sögn Brynjars Þórs, þar sem Íslensk erfðagreining hafi ekki treyst sér í verkefnið.

***Ekki árangur enn***

Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð í Skagabyggð, hefur beitt sér mjög fyrir lausnum á riðuveiki hérlendis. Hún segir nú loksins liggja fyrir niðurstöður úr PMCA-næmisprófunum sem Vincent Béringue sem rannsakað hefur príonsjúkdóma spendýra, hafi framkvæmt í Frakklandi. Því miður hafi þær ekki skilað árangri enn sem komið er.



Áætlaðar eru frekari rannsóknir í Frakklandi á næmi mismunandi arfgerða íslenskra geita fyrir riðusmiti. Mynd / sá

***Leita í sem breiðustum hópi***

„Alls 145 geitur voru raðgreindar og Vincent prófaði allar arfgerðir sem hafa fundist til þessa hér á landi: ARQ/ARQ, S138S/ARQ og S138S/S138S,“ segir Karólína í skýrslu til Geitfjárræktarfélagsins. „Hann notaði tvö mismunandi íslensk smitefni. Því miður reyndist engin þessara arfgerða með mótstöðu gegn riðu. Vincent mælir því eindregið með því að leita markvisst eftir D146, S146 og K222 í öllum stofnum sem hafa reynst verndandi gegn riðu víða um heim og sem eru viðurkenndir breytileikar í ESB sem verndandi í geitum,“ segir hún enn fremur.

Markmiðið sé því að leita í eins breiðum hópi og mögulegt er. Það sé kostnaðarsamt en reynt verði að koma til móts við þann kostnað á einhvern hátt. /sá

# can-am®

## NÚNA ER TÍMINN TIL AÐ TRYGGJA SÉR NÝTT CAN-AM

Nýju G3L fjórhjólin eru til á lager og stór sexhjólasending væntanleg.




**FJÓRHJÓL**

**Verð frá 1.685.000 + vsk**




**SEXHJÓL**

**Verð frá: 3.056.000 + vsk**

**ELLINGSEN**

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



# Nýjar vatnsrennibrautir í Þorlákshöfn

**Sveitarfélagið Ölfus hefur fjárfest í tveimur nýjum vatnsrennibrautum fyrir Sundlaug Þorlákshafnar.**

Kostnaður við brautirnar er um 150 milljónir króna. Samkvæmt upplýsingum frá Gesti Þór Kristjánssyni, forseta bæjarstjórnar Ölfuss, verður hærri rennibrautin tæplega 80 metra löng og byrjar í 9,5 metra hæð og verður því í flokki með þeim hæstu hér á landi. Lægri rennibrautin verður 52,4 metra lokuð vatnsrennibraut með svokallaðri skál eða keilu áður en hún endar í sinni eigin innbyggðri lendingarlaug. Stigahúsið upp í brautirnar verður um 12 metra hátt, lokað og upphitað með sameiginlegum stiga fyrir báðar nýju rennibrautirnar.

Nýju brautirnar verða settar upp í vetur og verða formlega teknar í notkun næsta vor. /mhh

# Matartengdar örverur 3% af þarmaflórunni

**Matís tekur þátt í Evrópuverkefni um skráningu örvera í matvælum og framleiðsluumhverfi í nýjan gagnagrunn.**

Nýlegar niðurstöður úr verkefninu sýna að um þrjú prósent af þarmaflóru fullorðinna eru matartengdar örverur, en um 56 prósent af þarmaflóru ungbarna.

Í umfjöllun á vef Matís er haft eftir Nicola Segata örverufræðingi, sem starfar við háskólann í Trento og við Evrópsku krabbameinsstofnunina í Mílanó, að niðurstöðurnar bendi til að sumar örverur í þörmunum komi beint úr mat, eða að mannkynið hafi upprunalega fengið þær úr fæðunni þar sem þær hafi síðan aðlagast og orðið hluti af þarmaflóru mannsins. Það kunni að virðast lágt hlutfall, en þó geti þessar örverur haft mikil áhrif á virkni þarmaflórunnar.

Þar segir enn fremur að gagnagrunnurinn sé mikilvægt framlag til vísinda og lýðheilsu, þar sem hann muni nýtast við rannsóknir á áhrifum matvælatengdra örvera á heilsu manna.

Þáttur Matís felst í að rannsaka sýni úr íslenskum fiskvinnslum en umfang verkefnisins nær til allra helstu fæðuflokkanna. Rannsóknin var hluti af Evrópuverkefninu MASTER, þar sem 29 aðilar vinna saman frá 14 löndum.

Í umfjöllun Matís kemur fram að fáar sjúkdómsvaldandi örverur hafi verið greindar í matarsýnunum, en þó nokkrar tegundir sem geti verið óæskilegar vegna áhrifa á bragð eða geymsluþol.

Þekking á því hvaða örverur tilheyra ákveðnum matvælum geti verið gagnleg fyrir framleiðendur, bæði stóra og smáa, til að bæta vörugæði. Einnig geti þessar upplýsingar aðstoðað við matvælaeftirlit, við að skilgreina hvaða örverur ættu og ættu ekki að vera til staðar í tilteknum matvælum ásamt því að rekja og votta uppruna þeirra. /smh

## Auglýsing um skipulag

*Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 til auglýsingar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sínum 9. október 2024.*

**Hraunsás III (L204514) í Hálsasveit**

Fyrirhugað er að breyta landnotkun svæðis í landi Hraunsáss 3 úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði.

*Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti að auglýsa eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sínum 9. ágúst 2024.*

**Frístundabyggð í Eskiholtsskógi (L229352)**

*Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti að auglýsa eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskiplagi til auglýsingar í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sínum 4. október 2024.*

**Borgarbraut 55, 57 og 59 (f.á. 2007 m.s.br.) sem á við um Borgarbraut 55 (L135499)**

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar.

Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar er í kynningu frá 24. október til og með 8. nóvember.

Tillögurnar eru í kynningu frá 16. október til og með 27. nóvember 2024.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögur á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 16. október 2024

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**

BORGARBYGGÐ

## Rannsóknir:

# Melrakki rannsakaður í krók og kring

## – Stofngerð og staða í fæðuvef könnuð

**Nú stendur yfir rannsókn á stofngerð íslensku tófunnar og stöðu hennar á þremur svæðum á landinu.**

Rannsóknasjóður Rannís veitti í fyrra 53 milljóna króna styrk til rannsókna á stofngerð íslensku tófunnar og stöðu hennar á þremur svæðum á landinu; N-Ísafjarðarsýslu, N-Múlasýslu og Árnessýslu. Er vonast til að rannsóknin muni leiða til aukinnar þekkingar á stofngerð tófunnar, frumbyggja landsins, og þeim áhrifum sem umhverfisbreytingar og mikið veiðiálag hefur á þetta lífseiga litla rándýr.



**Melrakkinn hefur átt heimkynni á Íslandi frá lokum ísaldar. Hér er mórauður refur í Hornvík.** Mynd / Ester Rut Unnsteinsdóttir

### *Rannsóknin á fullri ferð*

Rannsóknin er til þriggja ára og ber vinnutitilinn Stofngerð, stofnbreytingar og lífvænleiki hánorræns afræningja undir álagi af völdum veiða og umhverfisbreytinga.

Rannsókninni er stýrt af Ester Rut Unnsteinsdóttur, spendýravistfræðingi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

„Við erum að vinna samkvæmt áætlun verkefnisins,“ segir Ester. „Anna Bára [Másdóttir, doktorsnemi í líftölfræði við HÍ, innsk.blm.] er búin að vera að vinna í breytileika á lögun kjálka og bera saman eftir landsvæðum. Búið er að safna erfðaefni og það er í frumvinnslu. Ísótópagreining er ekki komin en það er meistaranemi að vinna við það. Nýlega bættist svo í hópinn doktorsnemi sem mun vinna með senditæki og ferðir dýra. Verið er að fjármagna þann hluta núna,“ segir Ester, aðspurð um ganginn í rannsókninni. Hún er einn forsprakka stofnunar Melrakkaseturs, sat í stjórn félagsins um árabil og hefur sinnt refarannsóknum á Hornströndum.

### *Umfangsmikið verkefni*

Segir á vef Náttúrufræðistofnunar að verkþættir fjalli í meginatriðum um greiningu á stofngerð íslensku tófunnar og stöðu hennar í fæðuvef á þremur landsvæðum þaðan sem gögn hafa safnast um refi í gegnum tíðina úr veiðum og mælingum, auk þess sem þekking liggur fyrir á fuglalífi.

Unnið verður úr gögnum sem safnast hafa á yfir 40 ára tímabili vöktunar refastofnsins auk þess sem nýrra gagna verður aflað. Jafnframt verður unnið með veiðigögn frá Umhverfisstofnun, sem ná aftur til ársins 1957. Farið verður í gerð stofnlíkans og áhrifum veiða og unnin greining á fæðu með stöðugum samsætum og lögun kjálkabeina. Erfðaefni verður greint og borið saman innan og á milli svæða og síðast en ekki síst verður fylgst með ferðum refa með notkun senditækja. Samið verður við valda veiðimenn til aðstoðar við að fanga og meðhöndla dýr sem fá senditæki.

### *Melrakkinn á sér mörg nöfn*

Melrakki er eitt elsta ritaða nafn tegundarinnar Vulpes lagopus hér á landi en þar er tilvísun í mjöll (mel) og hund (rakki) úr fornu norrænu máli. Algengasta nafnið er refur en tófa er einnig mjög þekkt. Önnur þekkt nöfn eru til dæmis dratthali, gráfóta, lágfóta, holtaþór, skaufhali, skolli, tæfa, vargur og vembla.

Melrakki hefur verið á Íslandi í árþúsundir en hann hefur sennilega átt heimkynni hér allt frá lokum ísaldar, fyrir um tíu þúsund árum. Elstu leifar sem fundist hafa hérlendis eru um 3.500 ára gamlar. Íslenski melrakkastofninn er sérstakur vegna langvarandi einangrunar frá öðrum stofnum og aðlögunar að sérstökum aðstæðum hérlendis, segir jafnframt á vef Náttúrufræðistofnunar. /sá

## Fljótsdalshreppur:

# Borað eftir köldu vatni fyrir íbúðabyggð

**Á dögunum var byrjað að bora eftir köldu vatni fyrir byggðarkjarnann sem er skipulagður í landi Hamborgar í Fljótsdal.**

Um fyrsta byggðarkjarna sveitarfélagsins verður að ræða sem vonast er eftir að verði hægt að byrja að reisa næsta haust.

Að sögn Helga Gíslasonar sveitarstjóra er í fyrsta áfanga gert ráð fyrir 22 íbúðarhúsum í Hamborg sem liggur við Bessastaðaá, skammt frá Skriðuklaustri.

Skipulagið sé á lokametrunum og í athugasemdaferli hjá Skipulagsstofnun. Verið er að undirbúa hönnun á gatnagerð og veitum. „Við gerum ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið í vor og þá má fara að byggja. Með sæmilegri bjartsýni má því gera ráð fyrir að fyrstu sökkularnir sjáist næsta haust,“ segir Helgi.

Í greinargerð og umhverfisskýrslu deiliskipulags fyrir íbúðabyggðina kemur fram að landinu verði breytt frá því að vera landbúnaðarsvæði yfir í íbúðabyggð. Skipulagið sé liður í því að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja setjast að á svæðinu.

Helgi segir að svæðið sé í raun tún á eyðibýli sem sé um 2,5 hektarar að stærð. Spurður um þá ákvörðun að taka landbúnaðarland undir íbúðabyggð segir Helgi að sveitarfélagið hafi metið það sem svo að í sveitinni væri bæði nægt landbúnaðarland í ræktun og fjölmörg önnur tækifæri til að brjóta nýtt land til ræktunar. Því hefði það ekki neikvæð áhrif á landbúnað í sveitinni að fórna þessu túni.

Í greinargerðinni kemur fram að það sé vilji sveitarfélagsins að koma til móts við þessa eftirspurn eftir því að fá að búa á svæðinu og jafnframt skapa góð skilyrði fyrir atvinnu- og mannlíf. „Atvinnustarfsemi hefur verið að byggjast upp í sveitarfélaginu, s.s. í ferðaþjónustu, úrvinnslu skógarafurða og orkuvinnslu, sem kallar á húsnæði fyrir starfsfólk. Sveitarfélagið annast nú þegar ýmsa þjónustu, s.s. skólaakstur, snjómokstur og sorphirðu. Fjölgun íbúa og þéttari byggð mun einnig stuðla að bættri nýtingu núverandi kerfa samhliða því að fjölga notendum til að standa undir rekstri þeirra og styttri ferðatíma,“ segir um áform sveitarfélagsins í skýrslunni. /smh



**Guðlaugur Helgason og Davíð Skúlason vinna við borun fyrir kalda vatninu, en fyrirtæki þeirra heitir Borbræður.** Mynd / Skarphéðinn Smári Þórhallsson

HAUSTFUNDUR 2024

# Virkjum til velsældar

Hótel Selfoss

Miðvikudaginn 30. okt.

13–15

**Dagskrá**

**Góður granni, gulli betri**

Jóna Bjarnadóttir
*framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis*

**Orka fyrir ferðaþjónustuna**

Guðmundur Finnbogason
*verkefnisstjóri hjá Nærsamfélagi og náttúru*

**Sófaspjall um ávinning nærsamfélaga af orkuvinnslu og orkutengda nýsköpun**

**Ávarp ráðherra**

Sigurður Ingi Jóhannsson
*fjármála- og efnahagsráðherra*

**Látum verkin tala: Virkjunarverkefni næstu ára**

Ásbjörg Kristinsdóttir
*framkvæmdastjóri Framkvæmda*

**Pallborðsumræður um umgjörð grænnar orkuvinnslu og verkefnin fram undan**

Fundarstjóri er Úlfar Linnet, forstöðumaður Orkumiðlunar hjá Landsvirkjun

Landsvirkjun

**Skráning á landsvirkjun.is/haustfundur24**

Norðurlönd:

# Samvinna ungra bænda

**Stjórnir ungbændahreyfinga á öllum Norðurlöndunum eiga í stöðugum samskiptum til þess að fylgjast með hvað er að gerast í nágrannalöndunum og læra af hvert öðru þegar kemur að málefnum ungra bænda.**

Henrik Nordtun Gjertsen, formaður Samtaka ungra bænda í Noregi (NBU), veitir Nordic Young Farmers (NYFA) forystu. Hann segir ungliðahreyfingarnar á Norðurlöndunum nokkuð ólíkar þó svo að vandamálin séu sambærileg. Hann nefnir sem dæmi að í sumum löndum eru samtök ungra bænda deild innan hinna eiginlegu bændasamtaka, á meðan í Noregi eru NBU sjálfstæð samtök, þó svo að þau séu með skrifstofu í sömu byggingu og fulltrúi frá þeim sé í stjórn Norges Bondelag.


Henrik Nordtun Gjertsen. Mynd / ál

NBU eru regnhlífarsamtök fyrir minni félög ungs fólks í sveitum og dreifðari byggðum í Noregi og því ekki afmörkuð við bændur. Meðlimir NBU eru í kringum 7.000 og að auki við hagsmunagæslu byggir starfið á minni viðburðum sem svæðisfélögin skipuleggja og stærri hátíðum sem félagsmenn alls staðar að af landinu sækja.

Henrik kemur frá eplabýli í vesturhluta Noregs og hefur hann lengi verið virkur í félagsmálum bænda. Hann fer með forystu NYFA samhliða því sem norsku bændasamtökin eru kyndilberar Nordens Bondeorganisationers Centralråd (NBC), samstarfsvettvangi bændasamtaka á Norðurlöndunum. Norðurlöndin skipta formennskunni í NBC og NYFA á milli sín þar sem hvert land fer með formennsku í báðum samtökum í tvö ár. */ál*

Umhverfisstofnun:

# Verður forstjóri til áramóta

**Auður H. Ingólfsdóttir, sem gegnt hefur starfi sviðsstjóra loftslagsmála og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, hefur verið skipuð forstjóri stofnunarinnar til áramóta.**

Þann 1. janúar 2025 tekur ný Umhverfis- og orkustofnun til starfa og er hluti af sameiningarferli stofnana í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Sigrún Ágústsdóttir, sem var forstjóri Umhverfisstofnunar, tók við forstjórastöðu nýrrar Náttúruverndarstofnunar 1. október.


Auður H. Ingólfsdóttir.
Mynd / Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að Auður sé alþjóðastjórnmálafræðingur að mennt, með áherslu á alþjóðleg umhverfismál, auðlindanýtingu og sjálfbæra þróun. Hún hafi starfað sem sviðsstjóri á Umhverfisstofnun frá árinu 2023.

Ný Umhverfis- og orkustofnun tekur við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar. Hún fer með stjórnsýslu loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefni auðlindanýtingar.

Megintilgangur hennar verður að stuðla að því að markmið stjórnvalda í loftslagsmálum gangi eftir, auk þess að leggja áherslu á sjálfbæra og ábyrga nýtingu auðlinda með náttúruvernd og lágmörkun umhverfisáhrif að leiðarljósi. */smh*




**Fyrirmyndar mjólkurbú í fullum rekstri í fallegu umhverfi.**
**70 hektarar af ræktuðu landi auk um 30 hektarar af skógrækt.**
**144 gripir þar af 66 mjólkurkýr.**
**Greiðslumark ársins 2024 er 457.345 lítrar.**
**Verð kr. 360.000.000.-**

*Allar nánari upplýsingar gefur:*
**Sigurður Sveinn Sigurðsson**
*Löggiltur fasteignasali*
*Fasteignasalan Hvammur*
*sími: 466-1600 og 862-1013*
*netfang: siggi@kaupa.is*
*www.kaupa.is*

HVAMMUR
FASTEIGNASALA

Náttúruvernd:

# Vörður staðinn um lífríki Látrabjargs

**Staðfest hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Látrabjarg. Markmið hennar er að standa vörð um lífríki Látrabjargs með skýrri stýringu umferðar um friðlandið, hæfilegum innviðum og fræðslu.**

Áætlunin var staðfest af umhverfisráðherra í byrjun september en vinna að henni hefur staðið yfir síðan í árslok 2021. Um er að ræða síkvika aðgerðaáætlun sem uppfæra á reglulega, m.a. í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða. Í henni eru bæði tilgreindar þær aðgerðir sem farið skal í árlega sem og tímasettar aðgerðir.

***Áskoranir og tækifæri***

Í stjórnunar- og verndaráætluninni segir að langstærstur hluti þeirra sem sæki Látrabjarg heim komi að Bjargtöngum og dvelji á svæðinu frá Bjargtangavita að Ritugjá og Stefni, áleiðis að Barðsbrekkum. Punktálag þar sé hátt og nauðsynlegt að innviðir séu góðir. Með því að færa bílastæði fjær vitanum og útbúa göngustíg sem liggi í hring frá nýju bílastæði að Ritugjá og þaðan að vita, sbr. deiliskipulag, megi dreifa álagi, hlífa svæðinu við ágangi og auka upplifun gesta.

Jafnframt er í áætluninni fjallað um að við bjargbrún ofan Stefnis hafi myndast djúpar rásir í gróðurþekjuna eftir umferð gangandi manna. Þær verði torfærar í bleytutíð sem leiði til þess að nýjar rásir myndast með tíma við hlið hinna. Framkvæmdaaðgengi að svæðinu sé erfitt, halli nokkur og hætta á því að möl myndi lítt festa eða þurfa mjög reglulegt viðhald og ofaníburð, komi aðrar ráðstafanir ekki til. Því þurfi að kanna hvaða leiðir eru færar til að ráða bót á ástandinu og lagfæra, eftir föngum, þá bletti sem verst eru útleiknir.

Þá er fjallað um skort á húsnæði og aðstöðuleysi landvarða sem háð hafi landvörslu á svæðinu nokkuð og tafið fyrir því að hægt sé að efla hana í samræmi við álag vegna gestasókna r. Tryggja þurfi landvörðum við Látrabjarg hentugt húsnæði og aðstöðu.

***Líffræðileg fjölbreytni er ríkuleg***

Í áætluninni kemur fram að þeir hlutar Látrabjargs sem eru innan friðlandsmarka eru annars vegar í eigu íslenska ríkisins (Bæjarbjarg) og hins vegar í eigu afkomenda þeirra sem bjuggu á Hvallátrum. Sá hluti er óskipt sameign og deila tugir einstaklinga eignarhaldi.

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur svæðisins. Sérfræðingur stofnunarinnar á sunnanverðum Vestfjörðum hefur umsjón með friðlandinu og ber ábyrgð á framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar í samstarfi við sveitarfélagið Vesturbyggð og landeigendur.

Líffræðileg fjölbreytni Látrabjargs er mikil og þar verpa m.a. tegundir á válistum og ábyrgðartegundir Íslendinga. Náttúrufegurð svæðisins er rómuð og í berginu má lesa jarðsögu Vestfjarða í hraunlögum. Verndargildi friðlandsins felst fyrst og fremst í því að svæðið er mikilvæg varpstöð sjófugla en Látrabjarg er stærsta fuglabjarg í Evrópu og líffræðileg fjölbreytni er mikil.

Af þessu leiðir að vísinda- og náttúruverndargildi er mjög hátt. Menningarsögulegt gildi, einkum í tengslum við landslag, nytjar, sjósókn og sagnir af skipsköðum er einnig hátt sem og jarðsögulegt gildi en landslagið og jarðsagan sem og greina má í standberginu má lesa myndunarsögu Vestfjarða. Hagrænt gildi er talsvert fyrir aðila í nærsamfélaginu sem hafa óbeinar tekjur af svæðinu í tengslum við ferðaþjónustu. Látrabjarg er á lista BirdLife International sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, segir í áætluninni.

Skýrslan var unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar, fulltrúum landeigenda og Vesturbyggðar og í góðu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Ritstjórar skýrslunnar eru Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir. */sá*


**Látrabjarg, þ.e. Bæjarbjarg og hluti lands Hvallátra, er friðlýst sem friðland.** Mynd / UST

Látrabjarg er stærsta fuglabjarg Evrópu og þar er mesta sjófuglabyggð Íslands. Það rís úr hafi yst við Breiðafjörð norðanverðan og vestasti hluti þess, Bjargtangar, er jafnframt vestasti oddi Íslands. Bjargið skiptist í fjóra hluta og dregur hver hluti heiti sitt af bæjarnöfnum í nágrenninu. Frá vestri til austurs nefnast hlutarnir Látrabjarg (Hvallátur), Bæjarbjarg (Saurbær á Rauðasandi), Breiðavíkurbjarg og Keflavíkurbjarg. Í daglegu tali er þó oft vísað til alls svæðisins sem Látrabjargs.

Bjargið allt er um 14 km langt og 444 m hátt þar sem hæst er, en sá hluti þess sem er innan friðlandsins er 9,7 km langur. Friðlandið nær til hafsbotns, lífríkis og vatnsbóls 2 km frá landi og er heildarstærð þess 37 ferkílómetrar.

*Látrabjarg friðland, Stjórnunar- og verndaráætlun, Umhverfisstofnun, 2024.*

# Nýr formaður Lífeyrissjóðsins

**Vala Valtýsdóttir er nýr formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bænda. Aukaaðalfundur sjóðsins fór fram sl. þriðjudag, 22. október.**

Vala er lögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. „Ég hef í seinni tíð verið meira að kenna, kenni bæði við Háskóla Íslands og á Bifröst og sit auk þess í tveimur stjórnum samhliða lögmannsstörfum," segir Vala. Hún er fædd og uppalin á Eskifirði en á ættir sínar meðal annars að rekja til Grýtubakkahrepps.

Vala bauð sig fram í aðalstjórn fyrir ársfund Lífeyrissjóðs bænda í júní sl. og á fundi í september var hún skipuð formaður stjórnar. Jóhann Már Sigurbjörnsson er varaformaður en aðrir í stjórn eru Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Bjartur Thorlacius og Einar Ófeigur Björnsson.


Vala Valtýsdóttir. Mynd / ghp

Fyrir aukaaðalfund sjóðsins þann 22. október sl. lá fyrir tillaga að breytingum á samþykktum þess efnis að sjóðnum verði skylt að gera nauðsynlegar breytingar ef tryggingafræðileg athugun leiðir í ljós að meira en tíu prósenta munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga. Enn fremur ef slíkur munur hafi haldist meira en fimm prósent í samfellt fimm ár. Við þær aðstæður er stjórn sjóðsins heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðsfélaga.

Slíkar breytingar á samþykktum lífeyrissjóða hafa verið að eiga sér stað í fleiri lífeyrissjóðum að sögn Völu. „Bændur verða að treysta því að það verði ekki gengið á sjóði þeirra meira en þarf. Það þarf að tryggja að nægar eignir séu í sjóðnum. Þessi breyting gerir stjórn mögulegt að grípa til aðgerða ef slík staða kemur upp."

Hún segir stöðu Lífeyrissjóðs bænda svipaða og margra annarra minni sjóða hér á landi.

„Hér eru margir litlir sérgreindir sjóðir, rétt eins og lífeyrissjóður bænda. Í slíkum sjóðum er líklegra að það komi upp sú staða að verið sé að greiða meira út en inn. Stóra spurningin er hvort það væri betra fyrir litla sjóði að vera í breiðari sjóðum. Ef það hentar fyrir Lífeyrissjóð bænda að sameinast öðrum sjóði þá verður það skylda stjórnar að skoða þann möguleika," segir Vala.

Hún segir hlutverk stjórnar skýra. „Við þurfum að bera hag þeirra fyrir brjósti sem hafa borgað í sjóðinn og passa upp á fjármagnið þeirra." */ghp*



MHG VERSLUN
Husqvarna - finndu kraftinn
Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.
Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.
Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna AM310 MK II Slátturóbot
1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot
1500m2 - 40%halli
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot
50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS Slátturóbot
10.000m2 - 45% halli
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl/3kW
Bensín (tvígengis)
Husqvarna 450e
Keðjusög - 2,4kW
Bensín (tvígengis)
Helixx 12140
Salt- og sanddreifari.
Tekur 535 lítra og allt að 915 lítra með upphækkun.
SnowEx
Amerískur vetrarbúnaður sem endist
Helixx 11790
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1400 lítra.
Helixx 11780
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1100 lítra.
BOMAG FAYAT GROUP
jarðvegsþjöppur - þýsk gæði
Bomag BT 60 e
Jarðvegsþjappa - 71 kg
Bomag BT 65
Jarðvegsþjappa - 68 kg
Bomag BR 95
Jarðvegsþjappa - 92 kg
Bomag BVP 10/30
Jarðvegsþjappa - 46 kg
Bomag BP 10/35
Jarðvegsþjappa - 65 kg
Bomag BVP 18/45
Jarðvegsþjappa - 91 kg
Bomag BPR 25/50
Jarðvegsþjappa - 140 kg
Bomag BPR 35/60 H
Jarðvegsþjappa - 228 kg
Bomag BPR 45/45
Jarðvegsþjappa - 340 kg
Bomag BPR 60/65 D/E
Jarðvegsþjappa - 460 kg
Bomag BPR 100/80
Jarðvegsþjappa - 695 kg
TYROLIT
kjarnaborvélar - gólf- og veggsagir - kjarnaborar - steinsagarblöð
Tyrolit DME33UW
kjarnaborvél - 450mm
Tyrolit DME20PU
kjarnaborvél - 180mm
Tyrolit steinsagarblöð
Tyrolit kjarnaborar
Tyrolit WSE1621
veggsög 20kW - Sögunardýpt 70cm
Tyrolit FSG513P
gólfsög - Sögunardýpt 19,5cm
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S. 544 4656 | mhg.is

Dagur landbúnaðarins:

# Vegurinn áfram mun ráðast af nýliðun og nýsköpun

**Nýliðun, afkomutrygging, nýsköpun, fæðuöryggi og umhverfismál voru efst á baugi á nýliðnum degi landbúnaðarins.**

Á degi landbúnaðarins 11. október sl. efndu Bændasamtök Íslands (BÍ) til málþings á Hótel Selfossi þar sem ýmsir voru kallaðir til framsögu og umræðna í panel.

Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ, sagði í opnunarræðu að íslenskt samfélag væri í bílstjórasætinu þegar umgjörð íslenska landbúnaðarins væri annars vegar. Það væri sem betur fer sinnar eigin gæfu smiður.

„Við erum vissulega ekki óháð aðstæðum í alþjóðasamfélaginu, stríðsátökum, náttúruhamförum, hlýnun jarðar o.s.frv. Í aðalatriðum ráðum við samt för þegar nýting hinna íslensku náttúruauðlinda okkar, ræktun, framleiðsla matvæla og gæði þeirra er annars vegar,“ sagði Trausti.

Eitt breyttist samt ekki og ávallt væri hægt að ganga að því vísu að fólk þyrfti að borða.

„Væntanlega mun það heldur ekki breytast að landsmönnum haldi áfram að fjölga. Til viðbótar munu kröfurnar um gæði matvælanna og heilbrigðan uppruna þeirra verða stöðugt fyrirferðarmeiri,“ sagði hann jafnframt.

Trausti sagði tvo þætti standa upp úr fyrir framtíð landbúnaðarins: „Nýliðun svo að landbúnaðurinn lifi og nýsköpun sem vonandi mun með margvíslegum hætti bæði auka tekjur og svo sjálfbærni samfélagsins í fæðuframleiðslu sinni,“ sagði hann.



Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Myndir / sá

### *Íslendingar hafa forskot*

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri BÍ, ræddi m.a. fæðuöryggi sem yrði að vera efst á baugi bæði hjá bændastéttinni og stjórnvöldum.

„Það kallar ekki eingöngu á að við verðum hér á landi algjörlega sjálfum okkur næg um matvæli, heldur er mikilvægast að auka framleiðsluna, fjölbreytni hennar og tryggja að hún sé sjálfbær, tryggja að aðfangakeðjan sé órofin,“ sagði Margrét.

Hún ræddi sýklalyfjaónæmi í tengslum við matvælaöryggi og minnti á að Ísland hefði þar algjöra sérstöðu vegna lítillar sýklalyfjanotkunar í landbúnaði og lágs hlutfalls sýklalyfjaónæmis. Rýmri innflutningur og tollareglur gætu stefnt þessu í hættu og eftirliti með innflutningi hvað þetta varðar sé sérlega ábótavant þrátt fyrir að sýklalyfjaónæmi sé mesta ógn sem steðjar að lýðheilsu mannsins á 21. öldinni skv. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

### *Gullhúðun er vandamál*

Margrét Einarsdóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, flutti framsögu um gullhúðun EES-gerða. Gullhúðun er notað um það þegar stjórnvöld einstakra ríkja ganga lengra og gera ríkari kröfur í innleiðingarlöggjöfinni en felst í þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru í EES-löggjöfinni sem verið er að innleiða.

Svo virðist sem beiting gullhúðunar í íslenskri löggjöf sé talsvert algeng. Af 27 stjórnarfrumvörpum sem innleiddu tilskipanir EES í íslenskan rétt og skoðuð voru ítarlega voru 11 þar sem gullhúðun hafði verið beitt, eða í um 40 prósent tilvika. Margrét segir engar vísbendingar um að beiting gullhúðunar fari minnkandi. Á árabilinu 2019 til 2022 var gullhúðun t.a.m. beitt í fjórum af átta innleiðingarfrumvörpum. Rökstuðningur fyrir því að beita gullhúðun var nær undantekningarlaust takmarkaður.

Margrét fjallaði um tillögur um úrbætur en hún sat ásamt fleirum í starfshópi utanríkisráðuneytisins um aðgerðir gegn gullhúðun sem lagði tillögurnar fram í byrjun sumars. „Tillögur starfshópsins ganga út á að strax á upphafsstigum lagasetningar geti hagsmunaaðilar áttað sig á því hvort til standi að beita gullhúðun og að umfjöllun um slíkt verði auk þess aðgengileg og skýr í sérstökum kafla í innleiðingarfrumvörpum,“ sagði hún. Mikilvægt sé þó að hafa í huga að tillögurnar feli ekki í sér neina töfralausn fyrir hagsmunaaðila.

„Enn þá mun vera þörf á því fyrir þá, eftir atvikum, að berjast gegn gullhúðun á hinum pólitíska vettvangi. Þá vil ég nefna að mikilvægt er að hagsmunasamtök, eins og t.d. Bændasamtökin, fylgist ekki einungis með EES-löggjöfinni eftir að búið er að taka hana upp í EES-samninginn og hún er komin í innleiðingarferlið, heldur líka á meðan verið er að móta löggjöfina á vettvangi Evrópusambandsins.

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi hér á landi er alltaf möguleiki á að Evrópusambandið fallist á undanþágur eða annars konar aðlaganir til að koma til móts við slíkar aðstæður. En ef enginn fylgist með hvað er í farvatninu hjá stofnunum Evrópusambandsins kunna íslensk stjórnvöld að missa af slíku tækifæri,“ sagði Margrét enn fremur.


Trausti Hjálmarsson og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.


Reynir Þór Jónsson, Guðrún Björg Egilsdóttir og Sigurbjörg Ottesen.


Margrét Einarsdóttir, Margrét Gísladóttir og Ragnheiður Þórarinsdóttir.

### *Nýju lánin breyta stöðunni*

Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar, fjallaði um útlánastarfsemi Byggðastofnunar, þ.á m. nýliðun í landbúnaði og kynslóðaskiptalán þar sem mögulegt er að fá allt að 90% lán vegna kaupa á bújörðum fyrir unga bændur.

„Frá því að farið var að veita slík lán hafa þau stuðlað að kynslóðaskiptum á 42 íslenskum bújörðum,“ útskýrði Arnar. Vanskilahlutfall bænda væri einkar lágt þrátt fyrir gríðarlega erfitt vaxtaumhverfi. „Vanskilahlutfall landbúnaðarlána hjá Byggðastofnun er 1% sem er er talsvert lægra en vanskilahlutfall lánasafns stofnunarinnar í heild. Hlutur bænda er um helmingur af lánasafni Byggðastofnunar sem alls er um 26 milljarðar króna,“ sagði Arnar.

*Framhald á bls. 18*

## Úr panel:

„Að fá nýtt fólk inn í greinina og að örva ættliðaskiptin, sem hægt er að gera með breytingu á regluverki og löggjöf, er eitt meginstef þess sem koma skal.“

*Runólfur Sigursveinsson, ráðunautur hjá RML*

---

„Það er ekki langt síðan að eina markmið landbúnaðar var matvælaframleiðsla. Svo gerist það tiltölulega nýlega að landbúnaðurinn verður einn stærsti leikandinn í baráttunni gegn loftslagsvánni. Við sjáum það í matvælastefnu, landbúnaðarstefnu og í áherslum frá stjórnvöldum að það tekur miklu meira pláss; umræðan og hlutverk þeirra sem halda á landinu og hugsa um landið. Við erum svolítið að fóta okkur í nýjum veruleika, sem gefur gríðarleg tækifæri, en þetta er áskorun og tekur svolítinn tíma.“

*Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.*

---

„Aðalatriðið er að menn taki ákvarðanir um hvernig þeir ætla að nýta landið. Það vantar hér betra regluverk um landnotkun. Það er allt í lagi að hver sem er eigi land en spurningin er hvernig eigi að nýta það. ... Það er ákaflega hættulegt að ganga á landbúnaðarland eins og málum er háttað. Það er greinilegt að landbúnaðarland mun hækka mjög í verði. Það verður aukin eftirspurn og því aukin krafa um að menn setji hér skýrar landnotkunarreglur og geti vísað til almennra reglna sem gilda fyrir alla þannig að ekki sé verið að ráðstafa góðu landbúnaðarlandi undir eitthvað annað.“

*Björn Bjarnason, fv. ráðherra.*




Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is (undir Sjóðir & nefndir).

**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2024. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa og um verndarsvæði í byggð, sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á https://reykjavik.is/husverndarstofa).

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 5701300 (beinn sími húsafriðunarsjóðs er 5701307)
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

limtrevirnet.is

# STÖÐLUÐ HÚS ÚR LÍMTRÉ OG STEINULLAR-EININGUM



**Setur 160 m² — 11.900.000 kr. m.vsk.**

| | |
|---|---|
| Breidd 10,0m | Þakhalli 20° |
| Lengd 16,0m | 1 x Iðnaðarhurð 3,5 x 3,25m |
| Vegghæð 3,15m | 2 x Gönguhurðir |
| Mænishæð 4,97m | 2 x Gluggar |



**Óðal 240 m² — 17.900.000 kr. m.vsk.**

| | |
|---|---|
| Breidd 12,0m | Þakhalli 20° |
| Lengd 20,0m | 1 x Iðnaðarhurð 4,0x4,0m |
| Vegghæð 4,15m | 2 x Gönguhurðir |
| Mænishæð 6,33m | 2 x Gluggar |

- Burðarvirki úr límtré
- Útveggir og þak úr steinullareiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Aðaluppdrættir og teikningar af sökkli og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Íslensk framleiðsla

Skoðaðu betur á Limtrevirnet.is

**HAFÐU SAMBAND**

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: Byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

## Úr panel:

„„Ég vil ekki tala um endurnýjun búvörusamninganna heldur um að verið sé að fara inn í nýtt fyrirkomulag af því að það er augljóst að það fyrirkomulag sem við höfum haft hefur ekki verið að skila þeim árangri sem að ég held að allavega bændur hafi vonast eftir. Við verðum að endurhugsa þetta. ... Við þurfum að vinna íslenskum landbúnaði betri sess en mér finnst hann hafa hjá mörgum í dag.“

*Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, fv. matvælaráðherra og þingmaður VG*

„Við erum svolítið eftir á hér á Íslandi með að innleiða aukið svigrúm fyrir greinina. Við erum að veita svigrúm frá samkeppnislögum árið 2024 á Íslandi. Þetta var fyrst gert 1996-8 í Noregi og svo 2004. Þetta er búið að vera í sextíu ár í Evrópusambandinu. En við erum að koma inn núna. Það er búið að innleiða regluverk í Evrópusambandinu þar sem aðgerðir sem auka sjálfbærni, þ.e.a.s. samningar á milli frumframleiðenda og jafnvel verslana, eru undanþegnar samkeppnislögum vegna þess að þær stuðla að aukinni umhverfisvernd og sjálfbærni. Við erum ekki að ræða þetta hérna. Við erum ekki að ræða nægjanlega aukið svigrúm fyrir heimavinnslu eða almennt meira frelsi fyrir bændur.“

*Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.*

„Þessir tveir stólpar sem blasa við okkur eru einmitt að nýliðun sé til staðar og að við fjárfestum og þróumst, hvort sem það er í nýsköpun, þróun framleiðslu eða bættum búskaparháttum, sem við svo sannarlega erum að taka samtal um enda hefur það aldrei verið mikilvægara.“

*Steinþór Logi Arnarsson, bóndi á Stórholti í Dölum og formaður Ungra bænda.*

### *Kvótakerfi á raforkuna*

Sveinn Margeirsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar og loftslagsmála hjá Brimi og fv. forstjóri Matís, fjallaði um tækifærin í endurnýjanlegum auðlindum og upplýsingagjöf um sjálfbæra þróun. Sveinn sagði m.a. að aukin raforkuframleiðsla myndi ekki leysa úr óvissu í raforkuþörf úrvinnslugreina eins og landbúnaðar. Til að unnt væri að byggja upp verðmætasköpun um allt land og til langs tíma væri nauðsynlegt að stýra raforkunotkun þannig að hagur samfélagsins væri hafður að leiðarljósi.

Hann gerði að tillögu sinni að sett yrði upp kvótakerfi, þar sem a.m.k. 20% af framleiddri raforku yrðu nýtt til verðmætasköpunar úr endurnýjanlegum auðlindum. Sölufyrirkomulag raforku tæki mið af sveiflu í framboði endurnýjanlegra auðlinda og stuðlað yrði að samvinnu landbúnaðar og sjávarútvegs um orkunotkun og uppbyggingu innviða. Fara ætti í samstarf við sveitarfélög um allt land, t.d. tengt nýtingu glatvarma og uppbyggingar innviða.

Fundarstjóri málþingsins var Jón Bjarnason, bóndi í Skipholti á Flúðum og oddviti í Hrunamannahreppi /sá



Rafn Bergsson og Runólfur Sigursveinsson.



Axel Sæland, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Óli Björn Finnsson.



Steinþór Logi Arnarsson og Birgir Þórarinsson.



Lárus M. K. Ólafsson, Margrét Gísladóttir og Þórarinn Ingi Pétursson.

## Úr panel:

„Við hjá SI höfum talað fyrir því sem kallast millistórir notendur raforku. Nú eru stórnotendur og aðrir notendur. Þið þekkið það vel hvað dreifikostnaðurinn er þungur baggi í rekstri, úti á landi sérstaklega. Það eru fyrirtæki sem nota verulega mikla orku en eru ekki stórnotendur. Til að stuðla að m.a. framgangi atvinnulífs úti á landi þarf að tryggja að hér verði skilgreindir millistórir notendur, það vantar þó lagalega skilgreiningu á millistórum notanda, sem njóti sérkjara vegna þess að þeir eru að nota mikla raforku, eru þjóðhagslega mikilvægir en þurfa þá að njóta þess líka í kjörum.“

*Lárus M. K. Ólafsson, sérfræðingur á sviði orku og umhverfismála hjá Samtökum iðnaðarins.*

„Ég hnýt um að við erum að tala um að framleiða mat með sjálfbærum hætti en athyglin er ekki á hverjir vinna störfin. Launafólkið gleymist í þessari umræðu. Við ættum að tryggja aðbúnað launafólks og menntun þeirra sem starfa í landbúnaði.“

*Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags.*

„Á báðum síðustu tveimur árum hafa komið sérstakar aukagreiðslur frá hinu opinbera inn í landbúnaðinn. 2022 var það Úkraínuþátturinn, óbeint, þ.e.a.s. hækkun áburðarverðs á þeim tíma, og 2023 var þessi margumræddi fjármagnskostnaður sem kom til skjalanna í auknum mæli vegna hækkandi vaxtastigs og verðbótaþáttarins. Þetta eru þá aukagreiðslur umfram þá búvörusamninga sem eru í gildi. Fyrir stéttina í heild hlýtur þetta að vera áhyggjuefni m.t.t. reynslu af núgildandi búvörusamningum. Og fyrir stjórnvöld líka með tilliti til hvers konar stuðningsform eigi að vera til framtíðar við greinina.“

*Runólfur Sigursveinsson, ráðunautur hjá RML.*

„Til framtíðar litið, til að matvælaframleiðsla á Íslandi geti haldið áfram að þróast og dafna, þá þurfum við að taka heildarstarfsskilyrði landbúnaðarins frá a til ö, feta okkur í gegnum það vegna þess að í grunninn er þetta alltaf þannig að þeir sem eru að framleiða matinn þurfa að fá laun fyrir það sem þeir eru að gera. Stór hluti af starfsskilyrðum er að tryggja ákveðna afkomuvernd, þ.e.a.s. þú verður að hafa einhverja afkomutryggingu á því sem þú ert að gera og sömuleiðis ef þú lendir í tjónum.“

*Þórarinn Ingi Pétursson, formaður atvinnuveganefndar.*

„Síðan erum við með regluverk sem stenst ekki þær kröfur sem við viljum að séu um frjálsræði og svigrúm manna. Viðskiptaráð hefur gefið út skýrslu um eftirlitsiðnaðinn og þar er mælt með því, til dæmis, að auka gildi faggildingar. Eftirlitið með hollustu og matvælum verði fært frá ríkinu yfir til einkaaðila. Og það eru heimildir til þess í lögum sem ekki hafa verið nýttar. Þessar heimildir voru nýttar varðandi bifreiðaskoðun og eftirlit með öryggi bifreiða og það hefur leitt til þess að bifreiðum hefur fjölgað en skoðunarkostnaðurinn hefur lækkað. Af hverju eru ekki þessar leiðir farnar í landbúnaði til að skapa jafnréttisgrundvöll, opna möguleika fyrir vinnslu og fullvinnslu og draga úr regluverkinu?“

*Björn Bjarnason, fv. ráðherra og meðhöfundur Ræktum Ísland.*

„Launaþátturinn er áhyggjuefni. Þær tölur og sá breytileiki sem við erum að sjá í þeim þætti sérstaklega. Ég skoðaði m.a. varðandi mjólkurframleiðendur og reksturinn 2023 þau gögn sem við erum komin með vegna þess árs. Ég tók út úr þeim gögnum mismunandi skuldastöðu búanna og síðan launaþátt búanna. ... Vanskil hjá bændum eru ótrúlega lítil þrátt fyrir oft og tíðum mjög erfiða stöðu fjárhagslega. Þetta er í raun og veru áhyggjuefni í núinu og til framtíðar.“

*Runólfur Sigursveinsson, ráðunautur hjá RML.*





**Umsóknarfrestur er til 30. október nk.**

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast og skila á heimasíðu Skaftárhrepps.

Umsóknum þarf að fylgja staðfesting á því að veiðikort umsækjanda sé í gildi.

**Nánari upplýsingar**

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri í síma 842 5800.

klaustur.is




benni.is
BÍLABÚÐ BENNA
kolefnisjafnar nýja bíla

7
Sjö ára ábyrgð

kgm.is

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Sýklalyfjaónæmi:

# Helsta ógn við lýðheilsu í dag

## – Þörf á aðgerðum til að bregðast við óbreyttu ástandi

**Íslendingar nota mun meira af sýklalyfjum fyrir fólk en Norðurlandaþjóðirnar en eru til fyrirmyndar þegar kemur að landbúnaði. Uppruni baktería með sýklalyfjaónæmi er ekki á Íslandi og þarf að gæta varúðar svo þær nái ekki fótfestu.**



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Á dögunum kom út skýrslan *Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería hjá mönnum og dýrum á Íslandi 2023*. Karl Gústaf Kristinsson, prófessor emeritus við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, segir eitt af því umhugsunarverðasta sem kemur fram í skýrslunni vera að á milli áranna 2022 og 2023 hefur sýklalyfjanotkun í mönnum hérlendis eiginlega ekkert breyst. Íslendingar eru að nota hlutfallslega langmest af Norðurlandaþjóðunum en eru samt sem áður undir meðaltali Evrópusambandsins. „Ég er ekki ánægður með þann árangur, en vonandi verður þetta betra þegar landsáætlun ríkisstjórnarinnar gegn sýklalyfjaónæmi verður hrundið af stað af alvöru.“

Karl telur þessa neikvæðu tölfræði mega að hluta rekja til þess hversu mikið álag er á læknum og hversu lágt hlutfall einstaklinga er með heimilislækni sem þekkja sína sjúklinga vel. „Ef þú ert með sýkingu þarftu oft að komast að strax til að fá meðhöndlun,“ segir Karl. Fæstir fá tíma með skömmum fyrirvara hjá sínum heimilislækni og fara því frekar á læknavaktina. Þar bíða tugir manna á biðstofunni og þar sem læknirinn þarf að afgreiða hratt er mikil freisting að skrifa út sýklalyf í staðinn fyrir að rannsaka viðkomandi til hlítar.

Karl telur að kostnaðurinn af völdum sýklalyfjaónæmis eigi eftir að margfaldast og vonar því að stjórnvöld standi við gefin heit um aðgerðir sem draga úr sýklalyfjanotkun. „Með því erum við að vinna í haginn og bæði að spara gríðarlega fjármuni til framtíðar í heilbrigðiskerfinu og einnig að spara mannslíf og heilsu,“ segir Karl. Hann bendir á að vísindasamfélagið hafi sýnt fram á að sýklalyfjaónæmar bakteríur valdi aukinni sjúkdómsbyrði og dánartíðni og ef ekkert verði að gert muni fleiri deyja af völdum sýklalyfjaónæmra baktería en af völdum krabbameins árið 2050.



Með mikilli og rangri notkun sýklalyfja hafa ónæmar bakteríur frekar lifað af og náð að hasla sér völl. Sýklalyfjaónæmi verður til meðal annars með stökkbreytingum og flutningi ónæmisgena yfir í bakteríur sem sýndu ekki ónæmi áður. Fjölónæmar bakteríur bera gen sem gera þeim kleift að mynda ónæmi fyrir sífellt fleiri sýklalyfjum.
Teikning / Hlynur Gauti

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur ályktað að sýklalyfjaónæmi sé ein helsta ógn við lýðheilsu í heiminum í dag. Karl segir að það sé í raun ákall til stjórnvalda í löndum heimsins að setja samdrátt sýklalyfjanotkunar í forgang.

### *Hreint vatn skiptir sköpum*

Á meðan sýklalyfjanotkun hjá fólki á Íslandi hefur verið fyrir ofan meðaltal Norðurlandanna hefur notkunin í landbúnaði verið minnst hér og í Noregi.

Karl bendir á að ein af höfuðástæðunum fyrir því sé gott aðgengi að ómenguðu vatni. „Við erum að drekka hreinasta vatn sem finnst í heiminum og við erum að nota þetta vatn í að rækta grænmeti og til að gefa dýrunum,“ útskýrir Karl. Á meðan er gjarnan endurnýtt vatn gefið plöntum og dýrum í mörgum öðrum löndum og hreinsunarbúnaðurinn yfirleitt ekki nógu öflugur til að fjarlægja allar sýklalyfjaleifar og ónæmar bakteríur.

„Ástæðan fyrir því að [sýklalyfjaóþol] er svona mikið vandamál í Indlandi, Suðaustur-Asíu, fyrir botni Miðjarðarhafsins og í Afríku er að þar eru menn að nota sýklalyf í miklu óhófi í landbúnaði. Með því að setja þau í fóðrið er minna um sýkingar og þú færð fleiri kíló af kjöti fyrir hvert kíló af fóðri,“ segir Karl. Sýklalyfin hafa þau áhrif á meltingarveginn að upptaka næringarefna verður meiri sem leiðir til aukins vaxtar.




Notkun sýklalyfja getur því skilað meiri tekjum fyrir bændur og er víðast hvar ekki mikill hvati til að gæta hófs. Karl bendir á að árið 2006 var sett löggjöf í Evrópusambandinu sem tók fyrir notkun sýklalyfja til vaxtarörvunar búfjár. „Menn héldu að það myndi hafa miklar afleiðingar að hætta þessu, en Svíar, Danir og fleiri sýndu fram á að það var hægt að ná sama árangri án sýklalyfja í fóðri,“ segir Karl, en lykillinn að því var hreinlæti og góðar aðstæður. Þetta geti hins vegar verið erfiðara í þeim löndum þar sem mannfólkið hefur ekki einu sinni aðgang að hreinu vatni til að drekka.

### *Berast milli manna og dýra*

„Það er mikilvægt að hafa í huga að það eru ákveðnar bakteríur bara í mönnum og sýkja bara menn og það eru ákveðnar bakteríur sem eru nánast bara í dýrum og sýkja bara dýr. Svo er stór flokkur baktería sem valda svokölluðum súnum, það er sýkingum sem berast á milli manna og dýra,“ segir Karl, en súna er íslenskun á orðinu Zoonoses.

E. coli og skyldar bakteríur eru hluti af örveruflórunni í mönnum og dýrum. Í þeim flokki er mest aukning á bakteríum með sýklalyfjaónæmi og eru nær alónæmar bakteríur sífellt að verða útbreiddari. Þær geta líka flutt ónæmið í hættulegri bakteríur sem valda oftar sýkingu, eins og salmonellu. Karl segir þær vera útbreiddar í áðurnefndum heimshlutum þar sem sýklalyfjanotkun í landbúnaði er mikil. Þá er fjölónæmi orðið nokkuð algengt í Suður- og Austur-Evrópu en sem betur fer tiltölulega fátítt á Íslandi og á Norðurlöndunum.

Uppsprettan á þessum bakteríum er ekki hér og segir Karl nauðsynlegt að verjast því að þær berist til landsins og nái hér fótfestu. Þær komi helst með ferðamönnum og Íslendingum sem hafa dvalið í þeim löndum þar sem ónæmu bakteríurnar eru algengar, sérstaklega ef þeir hafa þurft að leggjast inn á heilbrigðisstofnun.

Bakteríurnar geta líka borist með matvælum og segir Karl upprunamerkingar því gríðarlega mikilvægar. „Því þá getur fólk tekið upplýsta ákvörðun um það hvort það vill borða viðkomandi matvæli. Það er kannski ekkert mikið vandamál að flytja inn frá hinum Norðurlöndunum þar sem ástandið er gott, en ef þú ert að flytja inn matvæli lengra frá, sem er orðið afar algengt, þá er þetta vandamál,“ segir hann.

### *Risarækjur, kjúklingur og ferskt grænmeti*

Þau matvæli sem eru langlíklegust til að bera þessar bakteríur eru kjúklingar, afurðir úr fiskeldi og grænmeti sem er neytt ferskt. Karl bendir sérstaklega á risarækjur sem eru oft fluttar inn frá Indlandi, Egyptalandi, Suðaustur-Asíu og Suður-Ameríku. „Í þessu eldi er verið að nota sýklalyf og þess vegna er mjög algengt að þessar ónæmu bakteríur séu í afurðum.“

Þeir sem vilja komast hjá því að innbyrða ónæmar bakteríur, ýmist á ferðalegi eða hér heima, ættu að neyta afurða sem er hægt að fullelda eða taka utan af mengaða hlutann. Því er ekki mikil hætta af því að borða appelsínur eða banana á meðan hvers kyns óeldað kjöt, salat og ferskt grænmeti sem er ekki flysjað getur verið varasamt.

Karl bendir á að frysting hefur engin áhrif á sýklalyfjaónæmar bakteríur, á meðan hún getur dregið úr kamfílóbakter sem veldur niðurgangi og ristilbólgum. Hann segist því hafa haft áhyggjur af því þegar innflutningur á kjúklingakjöti frá Úkraínu hófst, en þar er sýklalyfjaónæmi útbreitt.

### *Ónæmi baktería ekkert nýtt*

Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis hjá



20% afsláttur af öllum innréttingum út október.

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum.

FRÍFORM
Hjarta heimilisins

Virka daga 10-17
Laugardaga 11-15

562–1500
Friform.is

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.



Karl Gústaf Kristinsson.



Vigdís Tryggvadóttir.

Matvælastofnun, tók þátt í vinnslu áðurnefndrar skýrslu, sem hún segir sýna nokkuð svipaða stöðu og undanfarin ár. „Við stöndum vel hvað varðar sýklalyfjaónæmi miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við,“ segir hún.

Vigdís bendir á að ónæmi baktería hafi verið til áður en sýklalyf komu til sögunnar. Það voru varnir þeirra sem sýklalyf voru þróuð til að ráðast á. Með tímanum hafa ónæmisgen borist til baktería sem sýndu ekki ónæmi og jafnframt eiga stökkbreytingar sér stundum stað sem auka þol bakteríanna fyrir sýklalyfjum. Það sem hefur gerst með rangri og mikilli notkun sýklalyfja í næstum heila öld er að ónæmu bakteríurnar lifa frekar af en þær næmu.

Fjölónæmar bakteríur eru þær sem hafa myndað ónæmi fyrir þremur sýklalyfjaflokkum eða fleiri. Oft er það þannig að fjölónæmar bakteríur bera erfðaefni sem gerir þeim kleift að mynda ónæmi fyrir enn fleiri sýklalyfjum. Þá er talað um nær-alónæmar bakteríur þegar eingöngu sýklalyf sem eru síðasta úrræðið virka.

„Sem betur fer höfum við ekki verið að sjá það í búfénaði hjá okkur,“ segir Vigdís, en það hafa fundist einstök tilfelli hjá fólki og gæludýrum.

### *Ein heilsa*

Undanfarið hefur verið lögð aukin áhersla á svokallaða „einnar heilsu“ nálgun sem felst í því að allt sé samtengt og að sýklalyfjaónæmi getur færst frá mönnum til dýra og öfugt, bæði beint eða óbeint í gegnum umhverfi.

Vigdís nefnir sem dæmi að aukið ónæmi gegn karbapenem sýklalyfjum hafi fundist í búfé á Ítalíu og víðar. Það sé merkilegt í ljósi þess að þessi tilteknu lyf eru ekki notuð til dýralækninga, heldur hefur starfsfólkið eða eitthvað í umhverfinu líklega borið ónæmið í dýrin.

Vigdís bendir jafnframt á að í minnkandi heimi með bættum samgöngum geti ónæmar bakteríur flust með ferðafólki, íslensku og erlendu, sem fer til þeirra heimshluta þar sem ástandið er allt öðruvísi. „Bakteríur þekkja engin landamæri og geta borist með fólki, hlutum og öðru,“ segir Vigdís.

Hún telur fræðilegan möguleika fyrir fjölónæmar bakteríur að berast í íslenskt búfé í gegnum innflutning á hráu kjöti en spyr hvort sá innflutningur sé hinn stóri áhættuþáttur fyrir búféð. „Við megum ekki gleyma að við förum út um allt og borðum mat á meðan við ferðumst,“ segir Vigdís og bendir á að bakteríurnar ættu ekki beina leið frá innfluttu kjöti yfir í búfé, heldur væri fólk alltaf milliliðurinn.

„Er meiri áhætta á að þú takir upp ónæmar bakteríur við að fara í viku til Spánar eða er áhættan meiri ef þú borðar spænskt svínakjöt á Íslandi?“

### *Notkun lítil í hefðbundnum landbúnaði*

Hvað varðar notkun á sýklalyfjum hér á landi segir Vigdís að þegar kemur að hefðbundnum búfénaði sé lítil sem engin breyting milli ára. Það kom hins vegar upp sjúkdómur í bleikjueldi á landi í lok árs 2022 sem leiddi til þess að heildarnotkun sýklalyfja fyrir dýr rauk upp árið 2022. Þessari sýklalyfjagjöf þurfti að fylgja eftir árið 2023, þó í minna magni. Vigdís segir að heildargjöf sýklalyfja til dýra sé minni í ár en í fyrra og sýklalyfjagjöf í fiskeldi nánast engin fyrir utan þetta eina tilvik.

„Það er eiginlega engin sýklalyfjanotkun í alifuglaræktinni á Íslandi. Hún er nánast í núlli,“ segir Vigdís. Allir kjúklingar í ræktun eru skimaðir fyrir salmonellu á meðan á ræktun stendur og við slátrun. Í þeim tilfellum þar sem smit greinist er ekki gripið til sýklalyfjanotkunar, heldur er fuglunum fargað og allt kjöt hitameðhöndlað eða innkallað ef það hefur ratað á markað. Salmonella getur verið hluti af eðlilegri bakteríuflóru alifugla og svína og veldur þeim sjaldnast veikindum.

### *Fylgst með þróuninni*

Allar næmisprófanirnar sem eru gerðar á bakteríustofnum úr dýrum og dýraafurðum eru fyrst og fremst til að sjá hvernig staðan á sýklalyfjaónæmi er hér á landi og til að fylgjast með þróuninni til að geta áttað sig á hvað er í vændum. Þetta er ekki hugsað sem vöktun sem leiðir til viðbragða, en ef það sést eitthvað óvanalegt er reynt að skoða það í kjölinn.

Á árinu 2023 fundust níu salmonellustofnar í stroksýnum af svínaskrokkum í sláturhúsi og af þeim voru sex ónæmir fyrir sýklalyfjum, þar af tveir fjölónæmir.

Vigdís bendir þó á að þar sem fáir stofnar greindust er hlutfall ónæmis vart marktækt og að salmonella hafi eingöngu fundist í 0,6 prósent stroksýna sem tekin voru.

### *Ný sýklalyf ólíkleg*

Vigdís útskýrir að sýklalyfjaflokkum hefur verið skipt í fjóra hópa fyrir dýralækna.

Lyf í flokki D eru þau sem dýralæknar ættu helst að nota. Dýralæknar geta notað lyf í flokki C ef ekkert í D flokknum virkar. Lyf í flokki B mega dýralæknar ekki nota nema liggi fyrir næmispróf sem réttlætir notkunina. Lyf í flokki A ættu dýralæknar aldrei að nota. Í síðastnefnda flokknum eru sýklalyf í hæsta forgangi sem einungis skal nota í sérstökum tilvikum fyrir lækningar á mönnum.

Þrátt fyrir að sýklalyfjaónæmi sé ein helsta heilsufarsógn samtímans segir Vigdís að ekki megi búast við mikilli þróun á nýjum sýklalyfjum. Hún sé mest í höndum einkageirans sem þurfi að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Ný sýklalyf færu aldrei í almenna sölu, heldur yrðu þau einungis notuð í sérstökum tilvikum fyrir fólk og aðgengi að þeim yrði takmarkað, allt til að bakteríur þrói ónæmi gegn þeim.

Til stóð að gera einnar heilsu stefnunni skil á matvælaþingi sem átti að fara fram 5. nóvember næstkomandi.


## Fyrst kosningamál svo áherslumál og loks forgangsmál

Bændasamtök Íslands skora á frambjóðendur allra flokka að setja sig inn í aðalatriðin í málefnum landbúnaðarins. Vonandi verða einhver þeirra til umfjöllunar í aðdraganda komandi kosninga og í kjölfarið að áhersluatriðum í stjórnarmyndunarviðræðum. Best væri auðvitað að þau yrðu að forgangsmálum hjá þeim sem að lokum setjast við stjórnvölinn.

Brýnustu úrlausnarefnum landbúnaðarins verður ekki lengur drepið á dreif. Í þessari auglýsingu gerum við grein fyrir þeim meginatriðum sem við höfum einkum sett á oddinn að undanförnu. Við erum bjartsýn á að frambjóðendur og stjórnmálaflokkar séu reiðubúnir til þess að gera það líka – bæði fyrir og eftir kosningar.

### 1 *Afkoma og öryggi*

Það er eflaust enginn sem mælir því í mót að bændur eigi að hafa tekjur til jafns við aðrar stéttir í samfélaginu. Styrkja þarf stoðkerfi landbúnaðarins með margvíslegum hætti. Skattalegir hvatar og aukin tryggingavernd eru grundvallarþættir til viðbótar við afurðaverð sem leggur grunn að eðlilegri afkomu bústarfanna.

### 2 *Nauðsyn nýliðunar og kynslóðaskipta*

Ungu fólki hrýs eðlilega hugur við þeim miklu fjárfestingum sem fylgja kaupum eða stofnun á fyrsta flokks búrekstri í íslensku lántöku- og vaxtaumhverfi. Það er áhyggjuefni vegna þess að bændur eldast eins og annað fólk en eiga við þessar aðstæður erfitt með að bregða búi. Staðan er patt og verður það áfram án aðgerða.

### 3 *Rekstrarumhverfi bænda*

Sem betur fer eru gerðar ríkar kröfur til búreksturs og matvælaframleiðslu hans á Íslandi. Fjárfesting í fyrsta flokks húsakosti og tækjabúnaði er grundvallaratriði. Vitað er að vanskil bænda hjá lánastofnunum eru í algjöru lágmarki. Skilvísi búrekstursins hefur forgang. Heimilistekjurnar mæta afgangi. Þess vegna er krafa ungra bænda, fyrir sína hönd og annarra í bændastéttinni, um laun fyrir lífi brýnt réttlætismál.

### 4 *Leiðandi hlutverk íslensks landbúnaðar í fæðuöryggi þjóðarinnar*

Stríðshörmungar í heiminum, faraldur kórónuveirunnar, náttúruhamfarir, sýklalyfjaónæmi búpenings víða um heim o.m.fl. hefur beint sjónum þjóðríkja að fæðuöryggi sínu. Óvíða er þörfin meiri en hér á landi og í þeim efnum gegnir íslenskur landbúnaður lykilhlutverki.

### 5 *Kjölfestuframlag landbúnaðar til þjóðarframleiðslunnar*

Landbúnaður er einn af fjórum undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Framlag hans til þjóðarframleiðslunnar er umtalsvert auk þess sem hann er ásamt hreinleika og fegurð íslenskrar náttúru grunnstoð undir umsvifamikilli ferðaþjónustu okkar. Sóknarfæri landbúnaðarins á ört stækkandi innanlandsmarkaði eru mikil en stærsta viðfangsefnið um þessar mundir snýst um framleiðslugetu hinnar líðandi stundar sem er langt undir því sem ásættanlegt er.

### 6 *Nauðsyn tollverndar til samræmis við nágrannaþjóðir okkar*

Enginn landbúnaður í nágrannaríkjum okkar og viðmiðunarlöndum fær þrifist án opinbers stuðnings og tollverndar frá samfélagi sínu. Íslenskur landbúnaður er þar engin undantekning. Vandað regluverk eykur stöðugleika í hagkerfinu og tryggir fæðuöryggi þjóðarinnar. Ef til viðbótar er tekið mið af ströngum og metnaðarfullum gæðakröfum hér innanlands til matvælaframleiðslunnar blasir við þörf fyrir leiðréttingu á samkeppnisgrunni okkar við innflutning frá löndum þar sem gæðaþröskuldar eru lægri.

### 7 *Menntun og rannsóknir á sviði landbúnaðar*

Um þessar mundir opnast nánast eins og flóðgáttir nýjar hugmyndir um spennandi leiðir í menntun og rannsóknarstörfum í landbúnaði. Nýsköpunartækifæri til aukinnar verðmætasköpunar, m.a. í krafti nýrrar þekkingar og tækni, eru fjölmörg við sjóndeildarhringinn. Öflug fjárfesting stjórnvalda á þessu sviði þarf ávallt að ryðja brautina og í kjölfarið mun þátttaka sprotafyrirtækja ekki láta á sér standa.

### 8 *Auknar kröfur um umhverfisþætti, gæði og hreinleika*

Enda þótt e.t.v. sé erfitt að sanna staðhæfinguna leyfa Bændasamtök Íslands sér að halda því fram að gæði landbúnaðarframleiðslu séu hvergi meiri í heiminum en hér á landi. Hvorki meira né minna! Landfræðileg einangrun Íslands, orka fallvatna og jarðvarma, aðgengi að ferskvatni sem gerir okkur kleift að brynna dýrunum með sama kranavatni og við mannfólkið notum, sýklalyfjanotkun sem væntanlega er sú allra minnsta sem þekkist og strangar gæðakröfur ásamt öflugu eftirliti setja Ísland einfaldlega í allra fremstu röð. Í því eru mikil tækifæri fólgin.

### 9 *Upprunamerkingar og orðspor íslenskrar landbúnaðarframleiðslu*

Það eru mikil tækifæri fólgin í þeirri nýju tækni sem auðveldar íslenskri landbúnaðarframleiðslu upprunamerkingar og nákvæmar upplýsingar í gegnum allt vinnsluferli afurðanna. Um þessa þætti munu neytendur um allan heim gera stórauknar kröfur á næstu árum.

### 10 *Loftslagsvegvísir Bændasamtakanna*

Bændasamtök Íslands hafa síðustu misserin mótað sér metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum. Í árlegri fundaferð okkar til móts við bændur um land allt munum við kynna þennan loftslagsvegvísi og vonandi fáum við tækifæri til þess að gera það einnig gagnvart fulltrúum allra þeirra flokka sem gefa kost á sér í komandi alþingiskosningum. Markmiðin eru háleit. Við viljum – og teljum okkur geta – rekið loftslagsvænsta landbúnað í heimi.

### 11 *Samstarfsverkefnin með stjórnvöldum*

Við höfum síðustu mánuðina lagt mikla áherslu á að hraða búvörusamningum eins og frekast er unnt. Í þeim er stóra tækifærið til þess að treysta umgjörðina utan um landbúnaðinn og laða um leið til hans fleira fólk. Við sjáum fyrir okkur mörg önnur brýn samstarfsverkefni. Eitt þeirra sem enga bið þolir er samtal stjórnvalda við bændur um nýtingu þess víðfeðma lands sem okkur er treyst fyrir. Erlend eftirspurn eftir íslensku jarðnæði í margskonar tilgangi öðrum en hefðbundnum landbúnaði gerir þörfina fyrir stefnumörkun, aðhald og eftirlit mikla.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

## Fljótsdalshreppur:

# Þjónustan aukin við Hengifoss

## – Ferðamálafræðingur ráðinn til að stýra nýrri þjónustumiðstöð

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is





Þjónustumiðstöðin í nærmynd.



Þjónustumiðstöðin og Hengifossárgljúfur. Myndir / Nives Dragan

**Í ágúst var ný þjónustumiðstöð við leiðina upp að Hengifossi í Fljótsdal formlega vígð.**

Hengifoss er einn af vinsælustu áfangastöðum á Austurlandi og sá ferðamannastaður sem laðaði flesta ferðamenn til sín á þessu landsvæði þangað til Stuðlagil kom til sögunnar.

Helga Eyjólfsdóttir ferðamálafræðingur var ráðin í vor til að annast utanumhald fyrir ferðaþjónustuna við Hengifoss, en það er í fyrsta skipti sem sérstakur starfsmaður er ráðinn til slíkra verka fyrir Fljótsdalshrepp.

### *Þörfin vaxið fyrir betri aðstöðu*

„Eftir því sem ferðamönnum hefur fjölgað síðustu 15 árin eða svo hefur þörfin fyrir endurbætta aðstöðu vaxið en hér var í rauninni engin aðstaða fyrir, fyrir utan skúr með tveimur klósettum og of lítið bílastæði. Síðastliðin tíu ár hefur fjöldi þeirra sem ganga upp að fossi að minnsta kosti. þrefaldast, farið úr 40 þúsund upp í um 120 þúsund á síðasta ári,“ útskýrir Helga.

„Árið 2016 var haldin arkitektasamkeppni og vinningstillaga valin frá ZIZ AS, Eirik Rønning Andersen, siv.ark. MNAL og Sigríði Önnu Eggertsdóttur arkitekt FAÍ. Í kjölfarið var farið í að útfæra nánar hús og skipulag og ýmsar samningsgerðir til að tryggja starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar,“ heldur hún áfram.

### *Sýning um jarðfræði, náttúru og samfélag*

Helga segir að hönnun hafi að mestu leyti verið búin á árinu 2022 og verkið boðið út þá um haustið. „Byrjað var að reisa húsið vorið 2023 og veturinn nýttur í frágang innanhúss. Þann 11. ágúst síðastliðinn opnuðum við svo formlega með nýju húsnæði sem inniheldur rúmlega 110 fermetra sal, sjö salerni og stærra bílastæði. Húsnæðið nefnum við þjónustumiðstöð eða Visitor Center.

Salurinn hefur ekki verið tekinn í notkun eins og er, þar sem enn á eftir að ákveða nákvæmlega í hvað salurinn verður nýttur en sú vinna er í fullum gangi. Salernin eru þó opin ferðafólki. Meginmarkmið með salnum verður að taka á móti ferðafólki og veita þeim upplýsingar um staðinn og nærliggjandi svæði. Þá horfum við einnig til þess að hafa hér veitingasölu og einhvers konar sýningu þar sem við miðlum áhugaverðum upplýsingum um jarðfræði, náttúru og samfélag,“ segir Helga sem vonast til að salurinn verði tekinn í notkun næsta vor.



Helga Eyjólfsdóttir. Mynd / Aðsend





Stórfelldar endur- og viðbætur hafa orðið á stígum meðfram gilinu. Myndin til vinstri er frá því í vor og sú hægra megin er tekin núna í október.

### *Enn streymir ferðafólk að Hengifossi*

Að sögn Helgu kemur talsverður fjöldi ferðafólks enn að Hengifossi og áætlar hún að á bilinu 250–450 manns komi daglega. Alls hafi um fimm þúsund manns komið í október.

Sérstakur rafrænn teljari sér um að afla upplýsinga um fjölda ferðamanna, að sögn Helgu. „Það er leysigeisli sem nemur fólkið á uppleið að fossi en ekki á niðurleiðinni. Samkvæmt teljaranum komu um 17 þúsund manns í september en mestur var fjöldinn í ágúst þegar 24.500 manns lögðu leið sína upp að fossi. Mest eru þetta einstaklingar sem koma saman á bílaleigubílum,“ segir hún og bætir við að fólk fari upp í öllum veðrum en um tvo tíma tekur að ganga upp og niður aftur.“

### *Hringleið um gilið*

„Gjaldtaka á bílastæði hófst núna í ágúst í gegnum „Check-It“, þar sem við rukkum gjald miðað við stærð bíls fyrir aðgang að þjónustu á staðnum. Þá bjóðum við upp á hraðhleðslu fyrir rafmagnsbíla frá InstaVolt.

Í gegnum árin hefur alltaf verið eitthvert viðhald á stígum en síðastliðin þrjú ár höfum við farið í stórfelldar endur- og viðbætur á þeim. Sumarið 2022 opnuðum við hringleið um gilið og tvær göngubrýr voru settar yfir ána, en áður fyrr var labbað upp og niður sömu megin. Síðastliðin tvö sumur höfum við unnið að því að byggja stígana upp svo þeir þoli ágang ferðafólks og tryggi jafnframt að ekki sé labbað út fyrir þá með tilheyrandi gróðurskemmdum. Við neðri göngubrúna hefur svo verið unnið að því að hlaða upp flóðvörn við brúarstólpana sem kláraðist núna í sumar,“ segir Helga.

### *Mikilvægt að tryggja öryggi ferðafólks*

Umhverfið við Hengifoss er varhugavert, gilið er djúpt og bæði mikil fallhætta og hætta á grjóthruni. „Þess vegna er það okkur mjög mikilvægt að byggja upp stígakerfið til að tryggja öryggi ferðafólks og til að björgunaraðilar hafi greiðan aðgang um stígana. Við náðum stórum áfanga núna í sumar þegar við náðum að keyra í stóran hluta af stígnum sunnan við ána en hann var verulega illa farinn eftir rigningar og leysingar síðustu ára, ásamt því að laga stíginn umtalsvert efst uppi í gili sem tryggir betra aðgengi.

Við eigum þó enn eftir að byggja upp nokkra kafla bæði innan og utan við gil til þess að stígakerfið geti kallast viðunandi. Við munum alltaf þurfa að sinna viðhaldi á stígunum en fjallið er alltaf á hreyfingu og mikið vatn leynist í jarðveginum.

Allar þær framkvæmdir sem við höfum farið í síðustu ár hafa miðast að því að bæta álagsstýringu, vernda náttúruna og bæta upplifun ferðafólks. Við hefðum að öllum líkindum aldrei getað farið í þessar framkvæmdir ef ekki hefði verið fyrir Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem hefur styrkt okkur dyggilega í gegnum árin og mun vonandi halda því áfram. Við erum til að mynda nýbúin að skila inn tveimur umsóknum fyrir næsta ár, önnur þar sem við ætlum okkur að klára uppbygginguna á stígakerfinu og hin inniheldur áætlun um að byggja upp nokkra útsýnispalla til þess að tryggja öryggi ferðafólks og vernda náttúruna betur.

### *Uppalin á Melum í Fljótsdal*

Það er Fljótsdalshreppur sem hefur haldið utan um alla uppbygginguna við Hengifoss og heldur utan um allan rekstur tengdum þjónustumiðstöðinni. Helga segir að hún hafi verið ráðin sem verkefnastýra í kjölfar þess að hreppurinn auglýsti eftir starfsmanni í byrjun árs.

„Mitt helsta verkefni er að hafa umsjón með allri uppbyggingu og rekstri á staðnum. Ég er menntaður ferðamálafræðingur frá Háskólanum á Hólum og hef starfað að mestu leyti í ferðaþjónustu síðastliðin ár, nú síðast hjá Tanna Travel.

Þá er ég uppalin á Melum í Fljótsdal, en land Mela liggur meðal annars að Hengifossárgljúfri. Ég þekki staðinn og samfélagið vel og hef brennandi áhuga á þeirri uppbyggingu sem á sér stað hér í dalnum.“

### *Uppbygging sem gagnast nærsamfélaginu*

Helga leggur áherslu á að öll uppbygging á svæðinu komi nærsamfélaginu öllu til góða. „Hengifoss er allra stærsti áfangastaður ferðamanna í Fljótsdal en innan svæðisins má einnig finna fjölmarga aðra staði sem vert er að heimsækja og mætti nefna Skriðuklaustur, Snæfellsstofu, Hallormsstaðaskóg, Vallanes, Óbyggðasetur Íslands og marga aðra staði. Þá erum við einnig með eitt besta aðgengi að hálendinu hér rétt í túnfætinum. Við erum því í kjöraðstöðu hér við Hengifoss að upplýsa ferðafólk um hvað fleira má skoða í nærumhverfinu.

Hún segir tvær jarðir liggja að Hengifossi; að innanverðu Melar, sem er í einkaeigu, og að utanverðu Hjarðarból, sem sé í eigu ríkisins. Fljótsdalshreppur leigi lóð úr landi Mela fyrir þjónustumiðstöðina og sé með samning við báða aðila sem gefur rétt til uppbyggingar á stígum meðfram gilinu.



# Á grænu ljósi landbúnaðarins



## Kæru félagar.

Yfirskrift bændafundanna sem nú eru framundan hefur þríþætta skírskotun. Í fyrsta lagi hefur kviknað á allskyns grænum ljósum fyrir sóknarfæri íslenska landbúnaðarins. Í öðru lagi fáum við kærkomið grænt ljós í kosningamánuðinum til þess að nálgast frambjóðendur allra flokka og ydda áhersluatriði okkar. Og græna ljós landbúnaðarins undirstrikar svo auðvitað þar til viðbótar margþætta umhverfisvæna þætti sem setja íslenskan landbúnað í fremstu röð á heimsvísu.

Við munum einskis láta ófreistað til þess að koma málefnum landbúnaðarins á dagskrá í aðdraganda kosninganna og aðalatriði þeirra munum við meitla í sameiningu þegar við hittumst. Eftir því sem fundirnir verða fjölmennari verður samtalið líflegra og þunginn í skilaboðunum meiri. Kannski hefur jarðvegurinn fyrir hina mikilvægu umræðu um rekstrarumhverfi, sóknarfæri og tekjuskapandi umhverfisþætti á borð við loftslagsmál aldrei verið frjósamari en einmitt núna. Það lag skulum við nýta til hins ítrasta.

Auk mín og framkvæmdastjóra Bændasamtakanna munu nokkrir starfsmenn okkar og stjórnarmenn slást með í för á einhverja fundanna þegar við leggjum land undir fót samkvæmt dagskránni sem hér er kynnt. Og ég er sannfærður um að það verður mikið einvalalið sem kemur til móts við okkur á hverjum stað. Þess vegna verða fundirnir okkar án efa í senn bæði skemmtilegir og gagnlegir. Til viðbótar munu þeir senda skýr og mikilvæg skilaboð inn í aðdraganda alþingiskosninganna.

Með kveðju og von um að hitta ykkur sem allra flest,

Trausti Hjálmarsson

formaður Bændasamtaka Íslands

## Bændafundir 2024

### Mánudagur 4. nóvember

kl. 12:00 Félagsheimilið Félagslundur, Flóahreppi
kl. 16:00 Félagsheimilið Hvoll, Hvolsvelli
kl. 20:00 Hótel Katla, Vík í Mýrdal

### Þriðjudagur 5. nóvember

kl. 12:00 Flatey á Mýrum
kl. 20:00 Barnaskólinn á Eiðum

### Miðvikudagur 6. nóvember

kl. 12:00 Öxi, Kópaskeri
kl. 17:00 Félagsheimilið Breiðamýri, Þingeyjarsveit

### Fimmtudagur 7. nóvember

kl. 12:00 Hlíðarbær, Akureyri
kl. 17:00 Menningarhúsið Miðgarður, Varmahlíð
kl. 20:00 Hótel Laugarbakki, Laugarbakka

### Föstudagur 8. nóvember

kl. 12:00 Félagsheimilið Tjarnarlundur, Saurbæ
kl. 20:00 Félagsheimilið Þinghamar, Varmalandi

### Miðvikudagur 13. nóvember

kl. 12:00 Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði
kl. 17:00 Félagsheimili Patreksfjarðar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Kraftur, svartgolsóttur hrútur. Mynd / Sigursteinn Bjarnason



Grábotnóttar mæðgur með óvenjulegar rákir.
Mynd / Aðalheiður Elfríð Heiðarsdóttir




Sýnishorn af Íslandskortinu í bókinni sem sýnir helstu svæðisbundin litaheiti á sauðfé.





Munurinn á litbrigðum Lísu eftir árstíma. Ærin er arfhrein grá. Myndin til vinstri er tekin í byrjun maí en hin í byrjun ágúst.
Mynd / Karólína

# Litadýrð í íslensku sauðfé

## – Handbók um sauðaliti eftir Karólínu í Hvammshlíð

**Litafjölbreytileiki íslenska sauðfjárins er einstakur á heimsvísu. Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð hefur gefið út ritið Litadýrð þar sem honum er fagnað.**

Hún segir að þessa litadýrð í stofninum megi þakka íslenskum bændum sem í áranna rás hafi jafnan ekki séð tilgang í að banna ákveðna liti í sinni ræktun sem hefði gert stofninn einsleitan – eins og gerðist í flestum öðrum löndum. En þessi fjölbreytileiki flækir greiningu lita og því hafi hún fyrir nokkrum árum ákveðið að ráðast í gerð þessarar fyrstu handbókar um liti í íslenska sauðfjárstofninum. Hún kom svo út fyrir síðasta sauðburð.

### *Grámórauð eða ljósmórauð*

„Í bókinni er leitast við að svara mögulegum spurningum áhugafólks um ullarliti. Þessar spurningar geta verið: Er þessi kind grámórauð, eða ljósmórauð eða kannski mókolótt? Hvernig lítur mógolsubotnótt út? Af hverju fór ærin á fjall með gult andlit en kemur um haustið með dökkgrátt heim? Hvað er gofótt, eða mögótt? Hvað eru tilviljunarblettir?

Þannig hjálpar handbókin annars vegar bændum að greina liti á réttan hátt, bæði á lömbum og fullorðnum kindum, og sýnir hins vegar fjölbreytileika íslenskra sauðalita í allri sinni dýrð,“ segir Karólína.

„Þar að auki eru litaerfðir útskýrðar á auðskiljanlegan hátt án þess að nota hefðbundnar skammstafanir sem virka oft ruglandi. Á þennan hátt er hægt að nýta sér þessa þekkingu bæði til að spá fyrir um liti lamba og til að skilgreina liti afkvæma sem eru kannski óljósir á vissum aldri eða ákveðnum árstíma,“ bætir hún við.




### *Furðulítið til af upplýsingaefni*

Karólína bendir líka á að í handbókinni sé Íslandskort með helstu svæðisbundnum litaheitum á sauðfé. Það varpi ljósi á ráðgátur eins og til dæmis um það þegar bændur úr Öræfum tala við skagfirska bændur um „kindur með ljósan kvið“. „Þeir kalla þennan lit mögótt á meðan Skagfirðingar segja botnótt. Í Mýrdal hins vegar er mögótt það sama og goltótt í Skagafirði – það er að kviðurinn er dökkur,“ útskýrir hún.

Í lokin er aðeins fjallað um ullarliti, bæði út frá sjónarhorni ullarverksmiðja og handverksfólks – og bornar saman mismunandi rúningsaðferðir og áhrif þeirra á ullargæði.

### *Litafjölbreytileiki og ullarframleiðsla*

Karólína er sauðfjárbóndi sem leggur í sinni ræktun áherslu á litafjölbreytileika og ullarframleiðslu. Hún tók eftir því að það er almennt talað mikið um liti og að óvenjulegir litir vekja mikla athygli, en á sama tíma virðist fólk alls ekki sammála um litaheiti.

Við nánari athugun fannst henni furðulítið til af upplýsingaefni, sérstaklega vantaði myndefni af smáatriðum sem skipta sköpum við litagreiningu. Þess vegna byrjaði hún fyrir nokkrum árum að safna markvisst myndum og lýsingum af alls konar litarafbrigðum, sótti um styrk í Framleiðnisjóð landbúnaðarins til bókaútgáfunnar og fékk hann.

Hún hefur verið þátttakandi í rannsóknum á riðuveiki og innleiðingu á verndandi arfgerðum gegn riðu inn í íslenska sauðfjárstofninn. Hún segir að sú vinna hafi seinkað bókarútgáfunni, en í millitíðinni hafði bæst við aukastyrkur frá Kraftvélum/Kristjáni B. Jónssyni, sem gerði henni kleift að láta prenta bókina með hágæða offset-prentaðferð hér á Íslandi. Það var henni kærkomið þar sem „íslensk framleiðsla“ er henni hjartans mál, ekki síst þegar um upplýsingaefni um íslensku sauðkindina er að ræða.

/smh

**Skólar geta pantað ókeypis bekkjarsett**

Öll bókasöfn landsins fengu ókeypis eintak af bókinni. Einnig er skólum boðið upp á bekkjarsett, þeim að kostnaðarlausu; áhugasamir kennarar eru hvattir til að hafa samband við Karólínu á Facebook eða í gegnum netfangið lina@ridaneitakk.net




HH workwear
HÁGÆÐA VINNUFATNAÐUR OG
ÖRYGGISSKÓR Í ÚRVALI
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


Weckman stálklæðningar
H. HAUKSSON EHF.
• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •
Bárujárn
Verð kr. 3.600 m2 með vsk.
Stallað stál
Verð kr. 4.900 m2 með vsk.
Trapisustál
Verð kr. 3.600 m2 með vsk.
H. Hauksson ehf. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is
WECKMAN
MADE IN FINLAND

## Laxeldi:

# Vilja efla atvinnulíf í Fjallabyggð

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



**Einn af nýjustu íbúum Fjallabyggðar er Vigdís Häsler, fyrrum framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Hún starfar nú sem verkefnastjóri Kleifa fiskeldis sem áformar stórtæka framleiðslu og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.**

„Áætlanir Kleifa byggja á áformum um uppbyggingu á að minnsta kosti 20.000 tonna framleiðslu af laxi á ári á landi og í fjörðum á Tröllaskaga," segir Vigdís, en að baki verkefninu standa athafnamennirnir Róbert Guðfinnsson, Siglfirðingur og Árni Helgason frá Kleifum í Ólafsfirði.

Ef af verður mun starfsemin vera þrískipt; seiðaeldi, landeldi og kvíaeldi og mun framleiðslan skapa um 170–180 bein störf í Fjallabyggð. „Uppbyggingin yrði í húsnæði sem áður hýsti starfsemi SR mjöls á Siglufirði og í höfninni í Ólafsfirði, sem nú er að mestu ónotuð. Hér verður því um að ræða umtalsverða umbreytingu á hafnarmannvirkjum á svæðinu. Seiðaeldið og slátrun yrði á Siglufirði. Landeldi yrði í kvíum sem komið yrði fyrir í lokaðri höfninni í Ólafsfirði. Áframeldi í kvíum færi svo fram í fjörðunum á norðanverðum Tröllaskaga," segir Vigdís.

*Ófrjór laxastofn*

Laxfiskurinn sem ætlað er að rækta verður ófrjór en Vigdís segir að vísindamenn fyrirtækisins Benchmark Genetics séu nú að þróa nýja aðferð við framleiðslu geldfisks fyrir fiskeldi. „Verkefnið snýr að því að beita svokallaðri genaþöggun, þ.e. að gera genin óvirk, en vitað er hvaða gen það eru sem stjórna myndun kynfrumna. Fiskurinn verður algerlega sambærilegur við frjóan lax í dag, að því frátöldu að hann verður ófrjór." Ef slíkur fiskur sleppi úr kvíum hafi hann ekki burði til þess að synda langt.



Árni Helgason athafnamaður og Vigdís Häsler, verkefnastjóri Kleifa fiskeldis, við höfnina í Ólafsfirði. Mynd / ghp

*Eyjafjörður heppilegur*

Vigdís segir að eldi á laxi hafi aukist mikið á undanförnum áratugum og fiskneysla enn fremur.

„Útflutningsverðmæti laxeldis hér á landi voru tæplega 49 milljarðar árið 2022 og við framleiðum um 1,5 prósent af öllum laxi í heiminum. Samhliða hefur störfum í fiskeldi fjölgað verulega, en rúmlega 83 prósent starfa í fiskeldi eru á landsbyggðinni," bendir Vigdís á. Tækifærin til að auka framleiðslu hér á landi séu mikil og Eyjafjörður sé ákjósanlegur til þess.

„Síðustu ár hafa ýmsir aðilar sýnt því áhuga að hefja sjókvíaeldi í Eyjafirði, enda er fjörðurinn afar heppilegur til slíkrar atvinnustarfsemi sé horft til ýmissa þátta, s.s. veðurfars, öldufars og hafstrauma en mælingar hafa staðfest hringstreymi í firðinum. Þannig var Brim fiskeldi hf., með starfsleyfi til framleiðslu á þorski og ýsu út af Skjaldavík, innarlega í Eyjafirði, Íslandslax hf. var með starfsleyfi og áætlanir um framleiðslu á 1.000 tonnum af laxi á tveimur staðsetningum við Ystuvík og Stapa í Eyjafirði og Skelfélagið ehf. var með starfsleyfi til kræklingaræktar á fjórum stöðum í Eyjafirði. Hugmyndir um uppbyggingu eldis í sjókvíum hafa því verið viðvarandi og til umræðu í allnokkurn tíma.

Áskoranirnar eru þó margvíslegar en tækifærin einnig, því þótt umhverfisáhrif sjókvíaeldis, sem er það eldi sem er komið lengst í þroskaferlinu í samanburði við annað eldi, séu dregin upp sem áskorun þá liggja tækifærin einnig í framleiðslu matvæla sem grundvallast á sjálfbærri orkunotkun, lágri losun gróðurhúsalofttegunda og nýtingu hliðarafurða. Tækifærin felast enn fremur í efnahagslegum verðmætum í gegnum útflutning, störf og tekjur af sköttum og gjöldum. Á svæðinu eru því sóknartækifæri til þess að byggja upp stöndug strandsamfélög og nýjan þekkingariðnað."



Umtalsverð umbreyting verður á hafnarmannvirkjum í Ólafsfirði ef af verkefni Kleifa landeldis verður. Mynd / Aðsend

*Ætthagaþráhyggja*

Nafn fyrirtækisins er vísun í fæðingarstað Árna, Kleifa í vestanverðum Ólafsfirði. Þar er að finna húsþyrpingu en á tuttugustu öld bjuggu þar hartnær hundrað manns þegar mest lét. Nú er Árni eini ábúandinn þar.

„Hér er ég fæddur og uppalinn, var á sjó í áraraðir, en hef svo verið í vinnuvélabransanum síðan árið 1980. Það er ákveðin ætthagaþráhyggja að búa hér. Það kostar til dæmis miklu minna fyrir mig að gera út frá Akureyri, enda dýrt að flytja aðföng fram og til baka og nær allar tekjur koma utan bæjar," segir Árni en kýs þó að búa á Kleifum og vill með laxeldinu skapa forsendur fyrir frekari atvinnuþróun í Ólafsfirði.

Aðdragandinn að stofnun Kleifa fiskeldis var víst ekki flókinn en hugmyndin kemur frá fyrrnefndum Róberti Guðfinnssyni. Hann hefur staðið fyrir mikilli uppbyggingu á Siglufirði og er stofnandi líftæknifyrirtækisins Genís. „Þetta var var einhver hugdetta hjá honum. Hann bankaði upp á hjá mér einn daginn. Ég veit ekkert af hverju honum datt í hug að spyrja mig hvort ég vildi vera með í þessu," segir Árni sem sló þó til enda segir hann leitt að horfa upp á heimabæinn drabbast niður. Snúa þurfi þeirri þróun við og bæjarfélög sem ekki hýsa stórútgerðir verði að finna aðrar leiðir til tekjuöflunar. Laxeldi sé ein slík leið.

*Nærsveitarfélögin fái hlutdeild í ágóða*

Vigdís segir að ef af verði geti Kleifar fiskeldi vænst um 26 milljarða króna veltu árlega. Heildarskattspor fyrirtækisins yrði þá um 3,5 milljarðar króna sem færu til hins opinbera, fyrir utan störfin öll staðsett í Fjallabyggð – sem sé lykilatriði.

„Forsvarsmenn Kleifa eru meðvitaðir um að forsenda þess að atvinnugreinin fái að blómstra og að nærumhverfið njóti góðs af, þá þurfi þau sveitarfélög þar sem fiskeldi fer fram og áform eru um að byggja upp atvinnugreinina, að fá sanngjarnt afgjald af auðlindinni sem sveitarfélögin og samfélög þeirra geti nýtt til innviðauppbygginga r." Einnig sé ætlunin að sveitarfélögin á svæðinu fái hlutdeild í þeim arði sem skapast verði af framleiðslunni í gegnum B-hlutaeign í félaginu.

*Pattstaða vegna kosninga*

Árni telur að um helmingslíkur séu á því að áform þeirra félaga raungerist. Verkefnið sé á fyrsta stigi núna en forsendur þess að haldið verði í vegferðina séu leyfisveitingar í framhaldi af burðarþolsmati í Eyjafirði. En matvælaráðherra þarf, lögum samkvæmt, að kalla eftir slíku mati. „Það er þó allt í pattstöðu núna út af kosningum," segir Árni.

Staða stjórnmálanna er þeim því óhjákvæmilega báðum hugleikin. „Ég vil bara skipta alveg út fólki á Alþingi. Stjórnmálamenn í dag virðast ekki þora að taka á óvinsælum málefnum, þó vitað sé að það þurfi að takast á við þau," segir Árni og nefnir að bæði heilbrigðis- og vegakerfið séu komin á vonarvöl og gríðarleg þörf sé á orkuuppbyggingu. „Það er glórulaust að það fari einn olíubíll með tengivagn á hverjum degi til Bolungarvíkur til að knýja rafstöðina þar. Þetta er víðar svona og fer versnandi."

Vigdís tekur í sama streng. „Við þurfum bara að fá fólk sem fattar hvað atvinnuuppbygging og tekjuöflun samfélaganna er." Hún býr nú á Siglufirði og segir þessi nýju verkefni sín afskaplega spennandi. „Verkefnum fylgir ákveðið frelsi. Það er yndislegt að vera hérna og starfið hentar mér ótrúlega vel."

Árni skefur ekkert utan af væntingum hans til Vigdísar. „Þegar hún er búin með þetta verkefni þá reynum við að gera hana að bæjarstjóra hér. Mér er andskotans sama hvar manneskja er í pólitík – hún þarf bara að geta tekið til hendinni."




McHale
Við minnum á
Forpöntunartilboð!
Gilda aðeins ef pantað er fyrir 1. nóvember
Fáðu vél sem að hentar þínum þörfum!
McHale
FUSION 4
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is


Husqvarna®
HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



F.v.: Sveinn Halldórsson (sitjandi), Kristín Þ. Magnúsdóttir (Hollvinasamtökin), Ragnheiður Geirsdóttir (Bjargið dagdvöl ), Halldóra K. Ágústsdóttir (Hollvinasamtökin), Dóra Kolbeinsdóttir (Hollvinasamtökin), Sólveig Adólfsdóttir (Hollvinasamtökin), Marinó Sigursteinsson (Hollvinasamtökin), Þór Vilhjálmsson (form. félags eldri borgara í Vm), Hörður Pálsson, ritari Lionskl. Vestm., og Sævar Þórsson, form. Lionskl. Vestm. Myndir / Óskar Pétur Friðriksson



Páll Steinþórsson frá Körlum í skúrum í Mosfellsbæ sýnir Sigurði Sveinssyni Eyjamanni undirstöðuatriði í útskurði.



Örn Ragnarsson, form. félags trérennismiða á Íslandi og félagi í Snúið og skorið, kynnir áhugasömum handverk.

## Samfélagið:

# Karlar í skúrum víða um land

**Karlar í skúrum er samfélagslegt úrræði þar sem karlmenn hittast með það að leiðarljósi að auka lífsgæði sín gegnum handverk, tómstundir og ekki síst samveru.**

Verkefnið hóf göngu sína upphaflega á vegum Rauða kross Íslands að ástralskri fyrirmynd sem hefur slegið í gegn víða á heimsvísu.

Rannsóknir sýna að einmanaleiki og félagsleg einangrun séu í vaxandi mæli eitt þeirra málefna sem brýnt sé að hlúa að. Þetta snertir auðvitað alla aldurshópa, en samkvæmt hlédrægnikenningunni eru aldraðir í stærsta áhættuhópnum. Kenningin fjallar um virkni einstaklinga í samfélaginu þegar hefðbundin hlutverk þeirra breytast, en þá er hætta á að tengslamyndun rofni við annað fólk. Konur virðast virkari í að sækja sér félagsskap á öllum aldursskeiðum og eigi í kringum sig ríkara tengslanet en karlmenn.

*Góð heilsa og vellíðan grundvallarmannréttindi*

Áhersla er lögð á andlega, líkamlega og félagslega heilsu með verkefninu Karlar í skúrum. Hugmyndafræðin að baki verkefninu er að nokkru leyti byggð á rannsóknum sem hafa sýnt fram á að karlmönnum þyki betra að vera í samskiptum á meðan að þeir hafa eitthvað að vinna með í höndunum. Með þetta í huga hóf Rauði krossinn verkefnið hérlendis.

„Oftast taka svo opinberir aðilar eða önnur samtök við rekstri þeirra verkefna sem við hefjum. Dæmi um það er Konukot sem borgin hefur tekið við og útvistar til Rótarinnar," segir Hildur Helga Gísladóttir hjá Rauða krossinum. Hvað varðar Karla í skúrum minnist hún á sambærilega starfsemi í Hafnarfirði og víðar um land – sem í dag er rekin af einstaklingum eða félagasamtökum, oft með einhverjum stuðningi bæjarfélaga.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja er eitt slíkra samtaka, en nú föstudaginn 18 október sl. var verkefnið Karlar í skúrum formlega opnað í kjallara Dvalarheimilis Hraunbúða þar í bæ. Ingimar H. Georgsson, verkefnastjóri klúbbsins, ávarpaði gesti og fór yfir ferli verkefnisins í stórum dráttum. Eyjamönnum var óskað til hamingju með daginn og bæjarstjóranum, Írisi Róbertsdóttur, formlega afhent afnot af aðstöðunni. Áætlað er að þeir karlmenn sem taka þátt í verkefninu, hittist þar og starfi, muni stofna eigið félag en megi njóta góðs af aðstöðunni í kjallaranum svo lengi sem þeir kjósa.

*Karlar í skúrum Vestmannaeyja*

Þakkir fengu fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar sem höfðu styrkt verkefnið með ýmsum hætti, bæði í formi fjárframlaga, tækjabúnaðar og annars, svo og Vestmannaeyjabær sem útvegaði húsnæðið. Lionsmenn stóðu sjálfir í að innrétta rýmið, sem var yfir 400 stunda verkefni, listavel og haganlega gert, en öll aðstaða er til fyrirmyndar og mjög vel búin tækjum og verkfærum. Meðal þess sem þar má finna er vélasalur, föndurherbergi og smíðastofa, ótal handverkfæri, borðsög, bandsög, fræsari, hefilbekkir, rennibekkir, kaffistofa og ýmislegt fleira.



Ingimar H. Georgsson, verkefnastjóri Lions, og Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri.



Sævar Þórsson, formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja, stjórnaði athöfninni af myndarskap.



Á opnuninni gátu gestir barið augum verk staðarlistamannanna Sigurðar Óskarssonar frá Hvassafelli, Friðgeirs Þorgeirssonar trésmiðs og Kristmanns Kristmannssonar múrara. Einnig mættu góðir gestir frá félagi trérennismiða á Íslandi og Karla í skúrum Mosfellsbæjar og Hafnarfjarðar sem kynntu starfsemi sína við góðar undirtektir auk þess sem félagar frá Hafnarfirði sýndu ýmsa handverksmuni.

*Málefni aldraðra í fyrirrúmi*

Mikill áhugi var og ánægja með opnun verkefnisins og var strax ágætis mæting daginn eftir, en þá var boðið upp á kynningarnámskeið. Arnar Ragnarsson, formaður Félags trérennismiða á Íslandi, uppfræddi menn um rennismíði, umhirðu rennijárna og brýningu ern Arnar er félagi í hafnfirska handverkshópnum Snúið og skorið. Páll Steindórsson frá Mosfellsbæ kynnti útskurð og sýndi listavel gerða muni frá félaginu þar í bæ. Að lokum sáu þeir Jóhann Gunnarsson, Sigurjón Elíasson og Ólafur Guðmundsson frá Hafnarfirði um að fræða menn og svara spurningum auk þess sem sá síðastnefndi sýndi smíðisgripi og leiðbeindi mönnum við tálgun.



Aðstaðan í Hraunbúðum verður opin alla virka daga frá klukkan níu og fram yfir hádegi – en þeir sem hafa áhuga á að líta við á öðrum tímum dagsins eða um helgar geta fengið lykil sér til þægindaauka.

Til gamans má geta þess að Lionsklúbbur Vestmanneyja sem fagnar hálfrar aldar starfsafmæli nú í ár styrkti einnig félagasamtökin Félag eldri borgara í Vestmannaeyjum, Hollvinasamtök Hraunbúða og Bjargið um 300.000 kr. hvert til eflingar starfsemi þeirra – málefni aldraða. /sp



Séra Guðmundur Örn Jónsson, Guðmundur Stefánsson, Leifur Gunnarsson og Bjarni Valtýsson kíkja á veitingarnar.



# Tækni- og þjónustumaður

DeLaval

**Bústólpi óskar eftir að ráða öflugan aðila í þjónustudeild DeLaval.** Við leitum að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að veita góða þjónustu, er lausnamiðaður, úrræðagóður og hefur áhuga á tækni. Vinna starfsmannsins fer að mestu fram á sveitabæjum og fylgja starfinu því nokkur ferðalög um landið.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Þjónusta við **DeLaval** mjaltaþjóna ásamt öðrum DeLaval tæknibúnaði og þátttöku í uppsetningum mjaltaþjóna. Starfið er því afar fjölbreytt og spennandi og býður upp á góða möguleika á að vaxa í starfi í ört stækkandi deild.

## Hæfniskröfur

- Þjónustulund
- Jákvæðni og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á landbúnaði er kostur
- Iðnmenntun eða reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Bílpróf er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2024.**
Umsókn um starfið ásamt ferilskrá skal senda til aðstoðarframkvæmdastjóra á netfangið **hanna@bustolpi.is**

Bústólpi er umboðsaðili fyrir DeLaval á Íslandi og er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki í landbúnaði. Hjá Bústólpa starfar öflugur hópur fólks sem kappkostar að veita góða þjónustu og gæða vöru. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á gott starfsumhverfi, góðan starfsanda og samfélagsábyrgð. Fyrirtækið hefur verið valið framúrskarandi fyrirtæki 14 ár í röð af Creditinfo og hefur hlotið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar síðustu tvö ár.

Bústólpi

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

## Tómataræktun:

# Gómsæt og kuldaþolin tómatayrki

## – Boldungur er afrakstur sjö ára ræktunarstarfs

**„Þetta er Boldungur, nýtt tómatayrki sem varð til með krossfrjóvgun á gömlu tómata-ættardjásni (Heirloom tomato) við kuldaþolið síberískt yrki,“ segir Tómas Ponzi þar sem hann heldur á óvenju stórum og fallegum tómati í gróðurhúsi sínu í Brennholti í Mosfellsdalnum.**

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



„Það tekur sjö ár að fá fram stöðugt yrki, sem breytist hvorki í stærð, lit né lögun og getur því fengið sitt eigið nafn og hægt að bjóða fræ af honum. Núna eru einmitt sjö ár síðan ég prófaði að rækta saman þessi tvö yrki,“ útskýrir Tómas.

### *Vinnur að aðalstarfi í tæknilausnum*

Síðustu þrjátíu árin hefur hann rekið lítið tæknifyrirtæki sem hannar sérhæfðar örtölvulausnir til vöktunar, stýringar og upplýsingamiðlunar.

Hann hefur ekki hlotið formlega menntun á þessu sviði, ekki frekar en í garðyrkjunni, en segist ganga vel að mennta sig sjálfur. „Ég er bara með stúdentspróf en fékk áhuga á tölvum í framhaldsskóla. Sérhæfði mig svo í elektróník og örgjörvalausnum. Hef síðan hannað alls konar lausnir fyrir hina og þessa,“ segir hann.

Garðyrkjan hefur verið aukabúgreinin í Brennholti, en Tómas segir að hún sé svolítið að taka yfir – enda hafi hann mikla ástríðu á því þróunarstarfi sem hann stundar þar. „Það er nauðsynlegt fyrir mig að slíta mig reglulega frá tækninni og vinna með plöntunum til að halda heilsu,“ segir hann.

### *Stanslaus straumur viðskiptavina*

Fjölskylda Tómasar eignaðist landið í Brennholti árið 1965 og voru ræktunaraðstæður ákjósanlegar; heitt vatn, sendinn jarðvegur og stutt í grunnvatnið. Þar var reist um 100 fermetra upphitað gróðurhús og stundaði fjölskyldan tómata- og vínberjarækt. Í heita húsinu hafa þessi ættardjásn lengi verið ræktuð og eru geysivinsæl að sögn Tómasar, sem selur tómatana beint út úr gróðurhúsinu.

„Það streyma til okkar gestir stanslaust yfir sumartímann, frá miðjum júlí til septemberloka.“ Viðskiptavinirnir fá þá blöndu af því sem til er, en á bilinu 30–50 afbrigði af öllum gerðum eru jafnan í ræktun hvert sumar í heita húsinu.



Tómas Ponzi heldur stoltur á fallegum Boldungi. Þrátt fyrir að sumarið hafi verið sólarlaust og kalt þá var ágætis uppskera af Boldungi í Brennholti. Myndir / smh



Úrval af ættardjásnum úr upphitaða gróðurhúsinu. Mynd / Aðsend

### *„Michelin-gæði“ á tómötunum*

„Vegna þess hversu uppskeran er takmörkuð getum við aðeins látið eitt veitingahús fá tómata frá okkur og það er Michelin-staðurinn Óx á Laugavegi,“ heldur Tómas áfram.

„Landið sem faðir minn og móðir keyptu hér er einmitt einstaklega hentugt til salat- og tómataræktunar og ég hef í raun helgað mig þeirri ræktun – og kynbótum á tómötum – af mikilli ástríðu síðan. Ég reyni að hafa ræktunina eins náttúrulega og kostur er. Jarðveginn hef ég bætt með mómold, notað sauðatað og smá þaramjöl sem áburð og svolítinn skeljasand sem kalkgjafa. En plönturnar þurfa að hafa fyrir því að sækja þessa næringu sem gera þær harðgerar. Svo vökva ég bara fimmta til sjöunda hvern dag og það byggir upp sterkt rótarkerfi. Einnig myndast sveppaþræðir í jarðveginum sem hjálpa plöntunum að sækja næringarefnin og vatnið. Þannig verða gæðin til – bæði bragðgæði og næringarlega,“ segir Tómas og bætir við að um lífræna ræktun sé að ræða, en þó án vottunarinnar.

### *Gerði samning við lífið*

Eftir að hafa lifað af erfið veikindi árið 2011 fékk Tómas það verkefni í hendurnar að gera tilraunir með ræktun kuldaþolinna tómatayrkja. „Fyrst ég komst lífs af, varð ég að spyrja tilveruna að því hvað ég ætti að gera við lífið mitt og svarið kom á augabragði á ensku: „You should grow tomatoes outdoors in Iceland“ – og það var eins og svarið hefði komið frá látnum föður mínum.

Þá fór ég að skoða þessi kuldaþolnu yrki. Ég komst í kynni við ræktanda í Minsk í Hvíta-Rússlandi og hann sendi mér 20 kuldaþolin yrki frá Síberíu. Ég byrjaði á að prófa ræktun á þeim í svona litlum vermireitum, í litlum A-laga húsum, en það gekk brösuglega.

Þá ákvað ég að byggja óupphituð bogahús sem eru fjögurra metra breið og með sex metra boga yfir og klædd með ylplasti. Þau hafa gefið alveg svakalega góða raun. Núna er ég kominn með fjögur slík, 18 metra löng, og er búinn að prófa upp undir hundrað yrki af kuldaþolnum tómataafbrigðum frá öllum heimshornum, aðallega þó Síberíu, Austur-Evrópu, Litáen, Kanada og Kasakstan – og reyndar víðar.“ Tómas bendir á að mestmegnis séu plönturnar litlar runnatýpur og nefnir Boldungs-plöntuna sem dæmi, sem er mjög lágvaxin miðað við þær sem þekkjast frá öðrum garðyrkjubændum í hefðbundinni tómataframleiðslu. „Plantan verður aðeins um 50 sentímetrar á hæð en gefur af sér stóra og afar bragðgóða tómata,“ segir Tómas.

### *Ákjósanleg bogahús*

Tómas segir að svona bogahús séu ákjósanleg fyrir tómata- og salatræktunina – og raunar margs konar ræktun. „Sérstaklega henta þau fyrir tómataræktunina mína, þar sem þau einangra vel og það þýðir að frostlaust er hér alveg frá maíbyrjun og fram í miðjan október.

Aðalvandamálið við tómataræktun er rakastigið og mikilvægt að rakinn sé ekki lengi á plöntunum. Þegar það gerist er hætt við myglu. Þetta á sérstaklega við óupphituð hús,





Þráinn Freyr Vigfússon, eigandi veitingastaðarins Óx, tínir hér skjaldfléttu úr köldu tómatahúsi Tómasar og fékk nokkra stóra og fallega tómata til að framreiða um kvöldið.




Tómas og Björk selja tómatana beint úr gróðurhúsunum. Garðyrkjan hefur verið aukabúgrein í Brennholti en Tómas segir að hún sé svolítið að taka yfir enda hafi hann mikla ástríðu fyrir þróunarstarfi sínu.

því í þeim safnast mikil dögg yfir nóttina. Hins vegar er ég með viftu á gaflinum hérna sem er beintengd sólarsellu og það þýðir að loftstreymið í gegnum húsið er í réttu hlutfalli við hitamyndunina í húsinu. Viftan fer í gang strax við sólarupprás og gengur svo mishratt eftir því hversu sterkt sólarljósið er – virkar sem hitastillir og rakastillir hússins.“

*Þola kulda að frostmarki*

Tómas útskýrir að kuldaþolnu yrkin þoli kulda allt niður undir frostmark, en þá falli blöðin líkt og gerist með kartöflugrös. „Ég hef boðið fræ og forræktaðar plöntur síðustu tíu árin og verið með marga fasta viðskiptavini þennan tíma. Núna er ég með um 14 yrki og þau eru öll sæmilega bragðgóð – alltaf betri en tómatarnir úti í búð. Mig langaði hins vegar til að reyna að þróa þau áfram í ræktun og ná þeim á pari við þau sem ég er með í heita húsinu.

Þar eru ættardjásnin, sem þýðir að fræin af þeim hafa varðveist mann fram af manni í að minnsta kosti 50 ár. Viðskipti með fræ í dag eru orðin þannig að í raun þarf maður að fá ákjósanleg fræ frá einstaklingum eða fræsamtökum, þá meina ég af arfhreinu yrki. Af því að ráðandi markaður selur mest það sem er kallað „hybrid yrki“, sem margir þekkja sem F1-yrki, sem þýðir fyrsta kynslóð eftir krossfrjóvgun. Fræ af slíkum tómötum er ekki hægt að taka, rækta upp af þeim og fengið sama tómatinn aftur. Ef þú vilt fá sama tómatinn úr ræktuninni verður þú þá að kaupa ný fræ og það hugnast mér ekki. En þetta snýst um peninga. Mér finnst að fræin eigi ekki að vera einkaleyfisvarin eða háð ákveðnum framleiðanda eins og F1-yrkin. Það ætti að vera frjáls dreifing á fræjum eins og náttúran sjálf ætlaði það.Við ættum frekar að snúa okkur að því að hjálpa náttúrunni og vera í þjónustuhlutverkinu, í stað þess að vera alltaf að reyna að græða 1 á henni.“

„Árið 2017 krossfrjóvgaði ég sjö harðgerðustu kuldaþolnu afbrigðin með bragðbesta yrkinu úr heita gróðurhúsinu, sem heitir Brandywine. Ég vildi endilega bragðbæta þessi kuldaþolnu, þó að þau hafi verið bragðgóð fyrir.“

*Boldungur er orðinn að stöðugu yrki*

„Ég náði í frjó af Brandywine ættardjásn-afbrigðinu, sem eru alveg stórkostlegir tómatar, og frjóvgaði það við tiltekið síberískt yrki,“ heldur Tómas áfram og greinir frá tilurð Boldungs.

„Ættardjásnin eru arfhrein og kuldaþolnu yrkin líka, mörg þeirra meira að segja með mikla sögu. Við krossfrjóvgunina fæ ég fyrstu kynslóð (F1) sem er öll eins og klónuð. Svo blandast erfðaefnið í kynslóð tvö (F2), þegar þú tekur fræ úr fyrstu kynslóðinni og setur niður á ári tvö – þá færðu fjölbreytnina.

Allar plönturnar eru ólíkar og einstakar í kynslóð 2. Þetta er hin náttúrulega aðferð sem ég vildi fara. En svo vildi ég búa til arfhrein yrki úr þessari krossfrjóvgun minni, sem ég gæti boðið fólki og sagt að hér væru fræ úr þessum tómat og þú getur fengið þannig tómat með því að sá því. Ég vil þannig útdeila möguleikum náttúrunnar,“ segir hann.

„Það hefur tekið þennan tíma frá 2017 fyrir erfðaefnið í Boldungi að verða stöðugt þannig að nú mun ég alltaf fá sams konar tómata úr ræktun með fræjunum úr honum sjálfum. Í þróunarferlinu, á þessum sjö árum, komu fram ýmsar útgáfur en svo var það mitt að velja hvaða eiginleika ég vildi halda í og halda áfram með í ræktun. Þar skiptu bragðgæðin sköpum. Svo er það auðvitað mikil heppni að þessir góðu eiginleikar kæmu fram. Boldungur er einstaklega duglega planta og tómatarnir kjötmiklir og safaríkir með gott tómatabragð þar sem gott jafnvægi er á milli sætu og sýru,“ bætir Tómas við í lokin.









## Kópasker:

# Í hálfa öld á bak við borðið

## – Biðin eftir vegaúrbótum orðin ansi löng

**Örlög margra smávöruverslana í kringum landið geta ráðist af slæmum vegasamgöngum og hafa eigendur verslunarinnar og matsölunnar Ásbyrgis ekki farið varhluta af því. Fjölskyldan, Ævar Ísak Sigurgeirsson, kona hans, Senee Sankla, og synir þeirra, Aron og Sigurgeir, hafa um langt skeið tekið á móti viðskiptavinum og velunnurum, en félagslegt gildi staða á borð við Ásbyrgi er ómetanlegt í litlum samfélögum.**

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Á norðausturhorni landsins stendur verslun sem ber heitið Ásbyrgi, nefnd eftir einum fegursta stað Vatnajökulsþjóðgarðar. Mörg þekkjum við söguna um hest Óðins, Sleipni, sem tyllti niður fæti í Öxarfirðinum á ferð sinni um heiminn. Í dag má þar sjá skeifulaga hamrabelti þar sem fegurð og gróðursæld haldast í hendur, mikið náttúruundur.

Hróður verslunarinnar Ásbyrgis hefur einnig farið víða, en þar tók Sigurgeir Ævarsson við stöðu verslunarstjóra árið 1974 meðfram búskap. Með honum við búðarborðið stóð Ísak, sonur hans, annar í röð fjögurra barna þeirra Sveininnu Jónsdóttur, en Ísak hefur nú í ár staðið vaktina í hálfa öld. Áður starfræktu þau hjón, Sigurgeir og Sveininna, bensínafgreiðslu og söluturn í Ásbyrgi á árunum 1966–74, er Kaupfélag Norður-Þingeyinga opnaði þar útibú.

„Þarna hafði áður verið rekin smáverslun frá kaupfélaginu í Keldunesi. Ferðamennskan var að aukast mikið á þessum tíma, opnast hafði vegur austan Jökulsár og umferðin um svæðið því heldur meiri en áður,“ segir Sigurgeir. „Þarna rákum við verslun fyrir sveitirnar og ferðamenn líka, enda ferðamennskan býsna mikið öðruvísi en hún er í dag. Tjaldbúskapur ráðandi og stórir flokkar á ferð frá Guðmundi Jónassyni, Úlfari Jakobssyni og Arena, ferðafyrirtækjum á rútum.

Þjónustustigið var einnig öðruvísi þá en það er í dag auðvitað. Þarna voru ekki stórmarkaðir í kring eða viðlíkt og því þurftum við verslunarmenn að hafa allt til alls. Einnig var sú breyting á í sveitum, sem er öðruvísi en nú, að þá var búið á hverjum bæ. Sums staðar margt fólk en fækkun sveitafólksins hefur verið afgerandi með árunum. Vaninn var að ungt fólk kæmi í sveitina til að vinna bústörf yfir sumarið og þá höfðum við opið í búðinni frá kl. 9 til 23.30 til að þjónusta sem flesta vanalega yfir þrjá mánuði. Reksturinn var svo háður veðráttunni, en í góðviðrinu byggðust upp heilu tjaldbyggðirnar bæði í Ásbyrgi og Hljóðaklettum fram í Vesturdal. Sumarnæturnar geta verið stórkostlegar. Illviðrissumrin svo aftur á móti erfið viðureignar á margan hátt.

Vetrartíminn einkenndist af styttri vinnutíma, enda verslunin þá fyrst og fremst til að þjóna sveitunum en ekki ferðamönnum eða farandverkamönnum. Þetta er gjörólíkt miðað við hvernig þetta er í dag,“ segir Sigurgeir.

Þeir feðgar keyptu reksturinn árið 1990 og sjö árum síðar tók Ísak alfarið við rekstrinum ásamt konu sinni, Senee Sankla, sem oftast er kölluð Noi. Þá var Sigurgeir á sextugasta aldursári og fluttust þau hjónin til Akureyrar þar sem hann hóf störf hjá umhverfisráði Akureyrarbæjar.



Fjölskyldan í Ásbyrgi, þau Aron, Ísak, Sigurgeir og Noi. Myndir / Einkaeign



Í græna húsinu er Ísak fæddur og uppalinn, en foreldrar hans fluttu þangað árið 1961. Í dag eru þar skrifstofur Lands og Skóga og Vatnajökulsþjóðgarðs. Fjárhúsin og hlaðan sem áður hýstu búfé fjölskyldunnar gegna einnig nýju hlutverki, skrifstofu þjóðgarðarins, Gljúfrastofu. Hér stendur faðir Ísaks, Sigurgeir Ævarsson sem gengdi um langt skeið formennsku Skógræktar N-Þingeyinga.

### *Hóflegt verðlag fyrir dýrindis veitingar*

„Ég hringdi í pabba í sumar núna 25. júlí og sagði, er þetta ekki afmælisdagur búðarinnar? Jú, jú, svaraði pabbi, þú varst nú strákur þegar þú komst hérna inn í búðina í fyrsta skipti árið 1974, og þá var komin hálf öld! Ég hafði hringt á fimmtíu ára afmæli búðarinnar,“ segir Ísak glaðlega. Hann telur sig eiga einn lengsta starfsaldur á sama stað hérlendis, en segir frá því að upphaflega hafi Ásbyrgi opnað sem útibú frá Kaupfélagi N-Þingeyinga og haldist þannig í nokkur ár. „Við pabbi sammæltumst svo um að kaupa lagerinn og reksturinn og að ég myndi starfa þar í eitt ár. Þau urðu eitthvað fleiri. Ég labbaði inn í búðina á opnunardegi fyrir fimmtíu árum séróu, hóf ferilinn með því að raða glerjum í kassa og er hér enn!“

Þau hjónin bjóða meðal annars upp á staðgóðan morgunverð sem samanstendur af eggjum, beikoni og ristuðu brauði, kaffi og te. Grillið hefur svo verið opið langt fram á kvöld þar sem fiskur og franskar eru hvað hæst á vinsældalistanum auk súpu dagsins og hamborgara sem eru alltaf klassískir réttir. Í Ásbyrgi er einnig boðið upp á veganborgara, enda hefur verið stefnan að koma til móts við viðskiptavina í gegnum árin, eins og best lætur.

„Fólk hváir sem kemur hérna, hvað segirðu – kaffi og kökusneið á tólf hundruð krónur? Kaffið kostar 450 kr. og einhver alþingismaðurinn sem kom hérna í sumar á ferð um landið sagði þetta sjálfsagt með ódýrustu bollum á landinu,“ segir Ísak.

### *Handverk listakonu*

Góður rómur hefur alla tíð verið gerður að utanumhaldi Ásbyrgis þar sem gott viðmót og þjónustulund hafa einkennt verslunina frá upphafi. Til að mynda kemur fram í blaðagrein dagblaðsins Dags, árið 1992, að hjá þeim fái menn „nauðsynjar og nauðsynlegan óþarfa“ enda næsta víst að það vanhagar nú flesta um.

Í dag segir Ísak úrvalið enn af ýmsu tagi en meðal þess sem vekur athygli í versluninni er undurskemmtilegt og fagurt handverk Noi. Eftir hana liggja ófá verkin, allt frá fíngerðum hekluðum leikföngum eftir taílenskum uppskriftum, fallega mynstraðar lopapeysur, húfur og margt fleira sem allt er til sölu í Ásbyrgi. Þarna er mikil listakona á ferð, en Noi lærði að prjóna með aðstoð nágranna sinna og svo við áhorf á vefmiðlinum YouTube sem býður upp á ýmis myndskeið. Verslunin hefur selt lopa og band undanfarin ár og á Noi það til að sitja í versluninni og prjóna eða hekla eitthvað sem viðskiptavinir óska eftir.

Í Ásbyrgi fæst einnig gott safn geisladiska og eitthvað af vínylplötum. Ísak segir erlenda ferðamenn afar hrifna af úrvalinu enda æ sjaldgæfara að hægt sé að fjárfesta í slíkum gripum, hvað þá á vegum úti. Geisladiskarnir koma sér vel í gömlum bílum, enda útsendingarskilyrði útvarpsins ekki alltaf upp á tíu á löngum ferðalögum.



Verslunin Ásbyrgi:

„Hér fá menn nauðsynjar og nauðsynlegan óþarfa“

– segir Ævar Ísak Sigurgeirsson

**Margir ferðalangar hafa komið við í Versluninni Ásbyrgi, enda oft töluverður straumur þangað á sumrin. En verslunin er líka opin þrjá dagparta yfir vetrarmánuðina og hafa íbúar í Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi kunnað vel að meta þá þjónustu, ekki síst eftir að Kaupfélag Þingeyinga hætti verslunarrekstri á Kópaskeri.**

Feðgarnir Sigurgeir Ísaksson og Ævar Ísak Sigurgeirsson reka verslunina Ásbyrgi og hafa gert síðan Kaupfélagið hætti með verslunina um áramótin 1989/90. Sigurgeir hafði áður verið verslunarstjóri hjá Kaupfélaginu í ein sautján ár, eða frá því verslunni var komið á fót.

Í austurferð Dagsmanna í snjóleysinu og blíðunni í lok janúar var komið við í Ásbyrgi og spjallað við Ævar Ísak um verslunarreksturinn.

### *Lífæð byggðar ekki í forgangi*

Eins og virðist viðtekin venja hjá smærri verslunum landsbyggðarinnar eru þó einhverjar líkur á að hætta þurfi rekstri í náinni framtíð.

Ísak segir næstu auglýsingu frá sér verða um vetrarlokun frá 1. nóvember til 20. apríl 2025. „Fyrri dagsetningin miðar þá við lokun tjaldstæðisins í Ásbyrgi en sú seinni við opnun vegarins í fyrra, enda virðast allir snjópeningar Norðausturlands fara sem fyrr í Víkurskarðið.“

Þetta verður þó ekki fyrsta vetrarlokunin sem Ísak og fjölskylda hans standa frammi fyrir, en á fréttasíðu helgarblaðs DV í mars árið 2017 var fjallað um dræman framgang vegaframkvæmda milli Ásbyrgis og Dettifoss.

Skemmtilegir
LYKLAR í úrvali



LYKIL LAUSNIR
Lyklasmiði & öryggiskerfi
Skútuvogur 1e | s: 533-2900
Mán-fim 8:00-18:00 | Föstudaga 8:00-17:00
Laugardaga 11:00-15:00


Sigurgeir og Pétur Jökull, flugmaður sjúkraflugvélarinnar sem flutti Sigurgeir til Svíþjóðar, hittust óvænt í Ásbyrgi.


Í Ásbyrgi er ávallt líf og fjör enda sækja þangað bæði ferðamenn sem og heimamenn. Í minni samfélögum er félagslegt gildi staða sem þessara ómetanlegt.





Handverk Noi vekur aðdáun aðkomumanna, en það fæst í versluninni.


Þau hjónin Noi og Ísak eru þakklát fyrir þann stuðning sem samfélagið veitti þeim þegar mest á reyndi.

Gremja íbúa við Öxarfjörðinn var mikil og var meðal annars rætt við Ísak, sem þurfti að loka versluninni veturinn áður í fyrsta skipti frá opnun og svo einnig að langmestu leyti árið 2017. Var minnst á að verslunin væri innan marka eins fegursta þjóðgarðs landsins, á mesta uppgangstíma ferðaþjónustu í sögunni, en vegna þess að óvissa væri um hvenær gerð Dettifossvegar lyki væri framtíð hennar ótrygg.

Dettifossvegur var loks kláraður árið 2020, en þá komu á Ríkisútvarpinu fréttir þess efnis að í lok þess sumars yrði hægt að aka á malbikuðum vegi frá Dettifossi um Jökulsárgljúfur og niður í Öxarfjörðinn.

### *Vetrarþjónustu ekki sinnt*

Ísak segir lítinn áhuga virðast vera hjá innviðaráðherra að halda sveitinni í byggð, en hann er langþreyttur á samgöngumálunum og telur ekki líta út fyrir að Dettifossvegur fari í snjómokstursútboð í ár.

Aðspurður segir G.Pétur hjá Vegagerðinni engin áform um að auka vetrarþjónustu á komandi vetri, enda sé mikill halli á þeirri þjónustu og fjárveitingar dugi engan veginn.

Sveitarstjóri Norðurþings, Katrín Sigurjónsdóttir, tekur undir þetta. Á síðasta samráðsfundi Norðurþings með Vegagerðinni hafi komið fram að ekki séu fjárheimildir til þess að sinna vetrarþjónustu á þessum vegi.

Hún segir sveitarstjórnina hafa ítrekað óskað eftir því við Vegagerð, þingmenn kjördæmisins og ráðherra að Dettifossvegi sé haldið opnum á heilsársgrundvelli enda skipti þessi vegtenging afar miklu fyrir atvinnulíf, ferðaþjónustu og mannlíf á svæðinu, mjög mikilvæg tenging á milli atvinnusvæða í Þingeyjarsýslu.

### *Óvissa með framhaldið*

Þau hjónin eru óviss með framhaldið. Fyrir utan langvinnan mótbyr með vegasamgöngur bankaði sorgin upp á fyrir um tveimur árum. Yngri sonur þeirra Ísaks og Noi, Sigurgeir Sankla, brenndist illa í slysi þann 21. nóvember 2022.

„Við erum varla tilbúin að rifja það upp," segir Ísak. Brunasár þöktu 41% af líkama Sigurgeirs, sem var í snatri sendur til Svíþjóðar þar sem honum var haldið sofandi í þrjár vikur og gekk undir sjö aðgerðir.

„Við erum afar þakklát þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem lögðu okkur lið svo við gátum verið með drengnum okkar í þessu ferli og viljum koma því á framfæri hérmeð. Þetta stóð yfir í hálft ár. Fyrst mánuð í Svíþjóð, síðan rúma fjórutíu daga á Landspítalanum og sjúkrahótelinu þar og síðast á barnadeildinni á Akureyri," segir Ísak klökkur, en litlu mátti muna að verulega illa færi.

Sigurgeir, sem einnig er afar þakklátur fyrir stuðning samfélagsins, hóf störf í Ásbyrgi seinni part sumars. Gaman er að segja frá því að einn viðskiptavinanna reyndist vera flugmaðurinn Pétur Jökull Jacobs, sem flaug honum í sjúkraflugvélinni til Svíþjóðar og var það nokkuð tilfinningarík stund.


# Skipulagsauglýsing

Vesturbyggð

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010***
er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

**Deiliskipulag Þinghóll.**
Deiliskipulagið nær yfir um 7,8 ha og felur í sér lóðir fyrir frístundabyggð, þar af eina með 5 smáhýsum, eina lóð fyrir þjónustu/hótel, leiksvæði, kirkjulóð og kirkjugarð.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 14. október til 25. nóvember 2024 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is sem og undir málsnúmeri 1205/2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 25. nóvember 2024.
Skila skal athugasemdum undir málsnúmerinu 1205/2024 í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

**Virðingarfyllst,**
**Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar**



# BÍLALYFTUR Á GÓÐU VERÐI TIL Á LAGER




FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVÉLAR

DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS
IDNVELAR.IS

Cogeca:

# Bændur sterkari saman

**Lennard Nilsson, formaður Cogeca, sem eru hagsmunasamtök evrópskra landbúnaðar- og skógarsamvinnuhreyfinga, telur að allir bændur vilji í grunninn vera umhverfisvænir, enda lifi þeir af náttúrunni.**


Lennard Nilsson. Mynd / ál

Einhver þurfi hins vegar að fjármagna slíka breytta búskaparhætti og benti Lennard á mikilvægi samvinnuhreyfinga í því samhengi á fundi NBC í Reykjavík fyrir skemmstu. Þar sagði hann að þegar kemur að orkuskiptum í landbúnaði séu tvær augljósar leiðir fyrir samvinnuhreyfingar að fá fjármögnunina í gegn. Annars vegar geti þau leitað til stjórnvalda og óskað eftir fjárframlögum þar, eða þá að samvinnuhreyfingarnar geti sagst greiða fyrir orkuskiptin sjálf, en þá þurfi neytendur og markaðurinn að taka þátt.

### *Jafna efnahag bænda*

Þegar harðnar á dalnum geta samvinnuhreyfingar skipt miklu máli til að jafna efnahag bænda. Lennard tekur sem dæmi að þegar verð á áburði hækkaði gífurlega eftir innrás Rússa í Úkraínu urðu þeir bændur sem keyptu áburð í gegnum samvinnuhreyfingar ekki fyrir eins miklum áhrifum. Það sé ýmist út af því að hreyfingarnar geti samið um betri verð en stakir bændur eða að þau geti leitað fleiri leiða til að afla hráefnis. Vel rekin samvinnufélög greiði hluta af hagnaði sínum til baka til bænda.

Meðlimir Cogeca koma frá öllum 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í norðanverðri og vestanverðri Evrópu eiga samvinnuhreyfingarnar það sammerkt að vera búnar að koma vel undir sig fótunum og hafa ráðandi stöðu á markaði. Í sunnanverðri Evrópu er mikill fjöldi minni samvinnuhreyfinga sem þjóna mikilvægu hlutverki í hverju samfélagi og sækja styrk sinn á markaði í gegnum stærri sambönd samvinnuhreyfinga. Í austanverðri Evrópu eiga samvinnuhreyfingar á brattann að sækja vegna arfleifðar kommúnismans og samyrkjubúskapar.

### *Samvinnuhreyfingar sterkar í Svíþjóð*

Lennard er frá Svíþjóð og þekkir umhverfið best þar. Hann segir að langflestir mjólkurframleiðendur séu meðlimir í samvinnufélögum. Nálægt helmingi skógareigenda taki þátt í samvinnuhreyfingu og í kornrækt sé hlutfallið í kringum 70 prósent. Eins og er eru engin sláturhús rekin af samvinnuhreyfingum bænda í Svíþjóð.

Cogeca er með höfuðstöðvar í Brussel og vinnur í nánu samstarfi við Copa, sem eru samtök evrópskra bænda. Saman gæta þau hagsmuna sinna félaga þegar kemur að sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, breytingum á umhverfis- og loftslagskröfum og sjálfbærnikröfum. Cogeca einblínir sérstaklega á hagsmunagæslu samvinnufélaga, svo sem þegar kemur að skattlagningu, hvaða stöðu þau hafa í virðiskeðjunni og svo framvegis. /ál

Bændablaðið á
Instagram & Facebook





Gates-stofnunin fjárfestir í átaksverkefnum til að þróa kynbætur, þannig að afrískar kýr verði bæði afkastamiklar og þoli erfitt loftslag. Leitast er við að sameina framleiðni kúa frá öðrum heimsálfum þar sem meiri velmegun ríkir og hita- og sjúkdómsþol afrískra kynja. Mynd / Rob Kelly Uni-Edinburgh

Afríka:

# Mjólkin er hið hvíta gull

## – Lykilþáttur í að bæta úr vannæringu

**Mjólk er talin lykilþáttur í að koma í veg fyrir vannæringu barna í Afríku.**


Bill Gates.

Stofnun Bill og Melindu Gates stendur fyrir verkefninu Kapphlaupið um að næra hlýnandi heim (e. The Race to Nourish a Warming World). Ný skýrsla um verkefnið var kynnt á dögunum, sú áttunda á jafnmörgum árum. Skýrslan fjallar um mögulegar lausnir á verstu barnaheilbrigðiskreppu sögunnar, vannæringu og aðferðir til að gera fólk heilbrigðara og þolnara fyrir loftslagsbreytingum.


Mynd / Pixabay

Fyrsta lausnin er sögð vera mjólk. Bætt framleiðni mjólkurafurða í Eþíópíu, á Indlandi, í Kenía, Nígeríu og Tansaníu gæti, skv. Alþjóðamatvælastefnurannsóknastofnuninni (IFPRI), komið í veg fyrir allt að 109 milljónir tilfella af vaxtarskerðingu í æsku árið 2050 og skapað hærri tekjur fyrir mjólkurbændur og seljendur í lág- og miðtekjulöndum, sem flestir eru konur.

Áhrif þessa næðu þó lengra en til mjólkurframleiðslu. „Við sjáum að þetta hefur hækkað tekjur kvenna,“ segir Bill Gates í samtali við tímaritið Forbes. „Þær verja síðan peningunum frekar fyrir börnin en karlmennirnir myndu gera, færu tekjurnar til þeirra.“

### *Mjólkin er hvítagull*

Forbes hefur eftir Soumya Swaminathan, barnalækni og fyrrverandi yfirmanni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, að mjólk sé í rauninni ofurfæði sem innihaldi mikilvæg næringarefni fyrir börn. Mjólk, drykkurinn sem margir víða um heim telja sjálfsagðan hlut, ætti að teljast „hvítt gull“ vegna þess að hún sé mikilvægur næringargjafi, tekjulind og öflug vörn gegn vannæringu.

Í Gates-skýrslunni er því spáð að um 23% afrískra barna undir fimm ára aldri verði enn fyrir áhrifum vaxtarskerðingar (lág hæð miðað við aldur) árið 2030. Án snarpra aðgerða á heimsvísu geti loftslagsbreytingar valdið því að 40 milljónir barna til viðbótar muni þjást af vannæringu og afleiðingum hennar.

Gates segir mjólk vera næringarríka fæðu sem geti á margan hátt bætt úr þeim næringarskorti sem börn standi frammi fyrir, með kalsíum, vítamínum (þar á meðal A- og B-12), próteini og hollri fitu. Slík næring geri börn heilbrigðari og jafnvel loftslagsþolnari til lengri tíma litið.

### *Afkastameiri kýr og öruggari mjólk*

Enn sé áskorun á lágtekjusvæðum að framleiða nóg af mjólk og mjólkurvörum, tryggja að mjólkin sé á viðráðanlegu verði og koma í veg fyrir að hún spillist. Ný landbúnaðartækni sé þó að breyta þessu. Nota megi m.a. erfðavísa til að velja kýr sem beri afkastameiri afkvæmum. Unnt sé að hjálpa bændum til að framleiða betra og meira kjarnfóður og endurnýta úrgang frá ræktun í næringarríkt kýrfóður. Fyrir vikið, skv. Gates-skýrslunni, gefa kenískar kýr nú af sér sex til tíu sinnum meiri mjólk en áður. Það þýði meiri mjólk til að drekka heima og auknar tekjur fyrir mjólkurbændur og seljendur.

Þá sé þjálfun ómissandi þáttur. Forrit eins og LEAP og MoreMilk geti hjálpað mjólkurbændum og seljendum að læra og fylgja bestu starfsvenjum um örugga geymslu og meðhöndlun.

### *Kýr fellur á hverjum þrjátíu sekúndum*

„Í Afríku er sagt að kýr drepist á 30 sekúndna fresti,“ segir Donald Nkrumah, sem hefur umsjón með fjárfestingum landbúnaðarþróunarteymis Gates-stofnunarinnar tengdum búfénaði. Til að bregðast við þessum áskorunum leggur stofnunin áherslu á að fjárfesta í átaksverkefnum til að þróa kynbætur, þannig að kýrnar verði bæði afkastamiklar og þoli erfitt loftslag. Því tengt vinna m.a. afrískir vísindamenn að lausnum sem sameina framleiðni kúa frá efnameiri þjóðum og hita- og sjúkdómsþol afrískra kynja.

Gates segir að árangurinn af fjárfestingum stofnunarinnar í mjólkurframleiðslu sé enn á frumstigi. Hann leggur áherslu á nauðsyn samstarfs við stjórnvöld, fjárfesta og alþjóðastofnanir til að knýja framfarir. „Ef við leysum vannæringu verður auðveldara að leysa öll önnur vandamál,“ segir hann. /sá

Matvælaþróun:

# Mun kaplamjólkurís slá í gegn?

**Pólskir vísindamenn hafa rannsakað hvort kaplamjólk, þ.e. merarmjólk, sé heppileg til ísgerðar.**


Frank Shellard.

Niðurstöður nýlegrar pólskrar rannsóknar á kaplamjólk eru m.a. að hún geti verið heppileg til ísgerðar þar sem hún skili ákjósanlegri áferð og útliti auk þess að vera um helmingi fituminni en kúamjólk. Hvati rannsóknarinnar var vaxandi áhugi á notkun kaplamjólkur í matvælaframleiðslu. Guardian greinir frá.

Matvæla- og næringarfræðingar frá pólska Zachodniopomorskiháskólanum í Szczecin náðu að búa til heila framleiðslulotu af kaplamjólkurís sem fullnægði kröfum um samræmi og útlit jafnframt því að vera helmingi fituminni en kúamjólkurís. Rannsókn þeirra leiddi einnig í ljós að umtalsvert var af fosfólípíðum í ísnum sem geti verið hjálplegt við magakvillum, fitusýrum sem sagðar eru styðja við öndun og laktóferríni sem talið er styrkja ónæmiskerfið.


Misjöfnum sögum fer af því hvort kaplamjólkurís sé lystugur en vísindamönnum hefur í öllu falli tekist að búa til ís sem þótti uppfylla öll hefðbundin skilyrði.

| | Orka (kcal) | Prótín (g) | Fita (g) | Mjólkursykur (g) |
|---|---|---|---|---|
| Móðurmjólk | 71 | 1,3 | 4,1 | 7,3 |
| Kúamjólk | 68 | 3,4 | 4,0 | 4,7 |
| Kaplamjólk | 46 | 1,8 | 1,5 | 6,2 |

*Magn orku og þrenns konar næringarefna í 100g af mjólk úr þremur tegundum spendýra.*

**Tafla um næringarinnihald kúa-, kapla- og móðurmjólkur.** Tafla / Vísindavefurinn

### *Gæðin ekki einhlít*

Sem viðbragð við rannsókninni fóru nokkrir breskir blaðamenn frá mismunandi fjölmiðlum á stúfana til að kanna hvort ís úr kaplamjólk sé í raun og veru lystugur. Þeir fengu nokkurt magn mjólkur hjá eina kaplamjólkurframleiðanda Bretlandseyja, Frank Shellard, eiganda Cromwell-býlisins, og bjuggu ýmist til ís úr henni sjálfir eða báðu ísgerðarfyrirtæki liðsinnis.

Blaðamennirnir lögðu m.a. til grundvallar könnun sinni mögulegt ógeð fólks á þessari tegund mjólkur sem og umrædd hollustuáhrif mjólkurinnar.

Niðurstöður ísframleiðslutilraunarinnar voru á ýmsa lund, allt frá frábærum ís niður í eitthvað sem ekki var einu sinni hægt að taka mynd af, hvað þá borða. Var til dæmis bent á að kaplamjólk væri frábær í jógúrtdrykki, það væri alsiða í t.a.m. Kasakstan, en virkaði tæplega í ísgerð. Miklar krókaleiðir þyrfti til að búa til góðan ís úr fitulitlu hráefni.

### *Trúir á hollustu kaplamjólkur*

Bóndinn og kaplamjólkurframleiðandinn Frank Shellard heldur því m.a. fram að glas af kaplamjólk á dag hafi minnkað slæma kólesterólið hans um helming í kjölfar vægs hjartaáfalls. Vísindalegar sannanir fyrir slíkum ávinningi eru þó langt í frá að vera óyggjandi.




Hann selur yfir 80 manns kaplamjólk að staðaldri og selur hverja 250 ml á um 1.200 kr. Fimmtán hryssur eru mjólkaðar hjá honum að jafnaði. Notuð er sérhæfð mjaltavél og hver hryssa gefur um einn og hálfan lítra hverju sinni en unnt er að mjólka þær allt að fjórum sinnum á dag. Folöldin eru þó í forgangi að mjólk mæðra sinna.

Mjólkin er gerilsneydd og fryst áður en hún er send til viðskiptavina. Hún er eilítið sæt og létt af henni bragðið miðað við venjulega mjólk. Af henni er einnig sagður einhvers lags „hestakeimur“, sem er kannski ekki undarlegt.

### *Lítil orka og minna af prótínum og vítamíni*

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram í tengslum við niðurstöðu pólsku rannsóknarinnar hvort eigi yfir höfuð að vera að leita leiða til að koma nýjum dýrategundum inn í mjólkuriðnaðinn og sýnist þar sitt hverjum.

Samkvæmt grein Björns S. Gunnarssonar, matvæla- og næringarfræðings, á Vísindavefnum er kaplamjólk talsvert ólík kúamjólk að næringarinnihaldi. Þannig er mun minna af prótínum og fitu í henni en í kúamjólk, en meira af mjólkursykri. Kaplamjólk líkist móðurmjólk í prótín- og mjólkursykurinnihaldi, en mun meira er af fitu í móðurmjólk og þar af leiðandi er orkuinnihald hennar mun hærra en kaplamjólkur og hún líkari kúamjólk að því leyti. Kúamjólk er næringarþéttari en kaplamjólk, inniheldur til að mynda meira af A-vítamíni, B2-vítamíni og kalíni (K), en meira C-vítamín er að finna í kaplamjólk.

„Aðalástæðan fyrir því að við notum kúamjólk frekar til manneldis en mjólk annarra spendýra eða jórturdýra, er líklega sú að nyt kúa er mun meiri en annarra dýrategunda. Það er einfaldlega hagkvæmara að mjólka kýr en hryssur, því kýrnar mjólka meira.

Annars er mjólk annarra jórturdýra einnig notuð í einhverjum mæli, menn drekka geita- og sauðamjólk og vinna afurðir eins og osta úr mjólk þessara dýra. Einnig hefur kapla- eða merarmjólk verið nýtt til manneldis, en þó eru ekki ýkja margar heimildir til um það hér á landi. Í Mongólíu hefur kaplamjólkin hins vegar verið notuð öldum saman, meðal annars í drykkinn rarg eða merarmjólkurdrykk, sem er í raun gerjuð og örlítið áfeng kaplamjólk,“ skrifar Björn. /sá


# Kjósahreppur Skipulagsauglýsing

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010***
er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

**Deiliskipulag Sandslundur 17, L215924**
Deiliskipulagssvæðið nær yfir lóðina Sandslundur 17, L215924.
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 6 lóðum fyrir frístundahús.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 14. október 2024 til 25. nóvember 2024 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is sem og í skipulagsgátt undir málsnúmerinu 1220/2024.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 25. nóvember 2024.
Skila skal athugasemdum í skipulagsgáttina undir málsnúmerinu 1220/2024.

**Virðingarfyllst,**
**Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps**



# ERU VANDRÆÐI MEÐ RAFMAGNIÐ?

**Eða vantar auka rafmagn fyrir heimilið, verkfærin eða útihúsin?**

**Bluetti orkukerfið tekur við á sekúndubroti, verði rafmagnslaust og tryggir að ekki verði rof á tölvusambandi, ljósum, hita, kælingu, dælum eða hverju því sem skiptir mestu máli.**

**Dæmi um nokkra kraftmikla orkubanka frá Bluetti**




## AC200PL - 12V - USB - 220V - 2000W

**Stækkanlegur og færanlegur orkubanki - Hentar frábærlega fyrir ljós, hitara, verkfæri, dælur og fleira. Hægt að nota sem varaafl fyrir heimili og fyrirtæki.**



## AC500 - 12V - USB - 220V - 5000W

**Stækkanlegur og færanlegur orkubanki - Vinnuhestur þegar kemur að því að knýja stærri verkfæri og orkufrek tæki. Hægt að nota sem varaafl fyrir heimili og fyrirtæki.**




## EP600 - 220V - 6000W - 20Kw

**Staðbundið og stækkanlegt varaafl fyrir heimili og fyrirtæki. EP600 er hugsað sem geymsla fyrir rafmagn og traust varafl þegar raforkukerfið bregst.**



**Bluetti orkubankar fyrir fjölbreytta notkun og starfsemi. Henta vel sem varaafl eða sem færanlegur kraftmikill orkugjafi fyrir vinnuhópa eða fólk á ferðalögum.**

BLUETTI
Hrein íslensk orka fyrir heimili, fyrirtæki og fólk á ferðinni

**Bluetti á Íslandi: JH Vinnustofa - 680 6000 - www.bluetti.is - jax@jax.is**

# Fylgist þú með át-atferli kúnna?

**Atferli kúa getur gefið afar mikilvægar vísbendingar um bæði líðan þeirra og umhirðu, þ.e. hvernig bústjórninni er háttað á viðkomandi kúabúi. Atferlið sem slíkt er vissulega nokkuð breytilegt á milli kúa, eins og gerist og gengur, en þó geta bændur fylgt ákveðnum ferlum til þess að meta atferli þeirra í þeim tilgangi að bæta hjá sér bústjórnina. Í þessum pistli verður einungis tekið á nokkrum þáttum sem lúta að atferli og fóðrun.**

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Á Íslandi er líklega enn algengast að kýr séu fóðraðar á gróffóðri annars vegar og kjarnfóðri hins vegar. Erlendis er aftur á móti oftast um svokallað heilfóður að ræða, þ.e. öllum fóðurefnum er blandað saman í eina blöndu en með þeirri aðferð fæst best nýting meltingar kúa. Sértæk kjarnfóðurgjöf nýtist aftur á móti vel kúm sem eru frábrugðnar heildinni, þ.e. ef afurðasemi á milli kúa er mjög breytileg þá er gott að geta mismunað kúm og þá gefið meira eða minna af kjarnfóðri til að svara þörf viðkomandi kýr. Margir erlendir kúastofnar eru ekki með mikinn breytileika á milli gripa og því er heilfóður heppilegri aðferð þar sem allar kýr fá í raun sama fóðrið. En að því gefnu að um aðskilda fóðrun sé að ræða, þ.e. gróffóður annars vegar og kjarnfóður hins vegar, þarf að fylgjast vel með því hvernig einstakar kýr éta og fóðrast.

### *Át- og hvíldartímar*

Eitt það einfaldasta sem hægt er að gera er að fylgjast með áttíma kúa og hvíldartíma þeirra. Almenna reglan er sú að við viljum að kýrnar nýti tímann sinn helst í það að jórtra, enda er það forsenda mjólkurframleiðslunnar. Því ættu kýrnar ekki að dvelja löngum stundum við fóðurganginn heldur að skófla vel í sig hverju sinni og fara svo að hvíla sig. Almenn viðmiðun er að kýr eigi að geta innbyrt sólarhringsskammtinn sinn í 9–14 átlotum og ætti heildaráttíminn helst ekki að fara yfir 5 klukkustundir. Þá ættu kýr að liggja að jafnaði í 10–14 klukkustundir í 15–20 legulotum. Hinn hluti sólarhringsins fer þá í að ganga um, standa, í mjaltir o.s.frv.

### *Jórtrun*

Önnur aðferð, sem er afar einföld í notkun, er að hreinlega telja hversu oft kýrin tyggur við jórtrun. Hve oft hún tyggur segir mikið um trefjainnihaldið í fóðrinu og raunar hversu súr vömbin er. Kýrin eyðir mestum tíma sínum í að jórtra og góð jórtrun skiptir sköpum fyrir átið og góða mjólkurframleiðslu. Ef kýrin tyggur 55–60 sinnum áður en hún kyngir, og byrjar að jórtra næstu tuggu, er jafnvægið á milli trefja og auðmeltanlegra kolvetna ákjósanlegt. Ef hún tyggur minna en 50 sinnum bendir það til þess að of lítið af trefjum sé í fóðrinu og ef hún tyggur oftar en 60 sinnum bendir það til þess að kýrin hafi möguleika á að nýta fóður með hærra hlutfalli auðmeltanlegra kolvetna. Í dag bjóða flest mjaltatæknifyrirtækin upp á sjálfvirkan tölvubúnað (sjá mynd 1), sem einfaldlega fylgist með jórtrun og „telur“ hve oft þær jórtra og hve langan tíma það tekur. Bændur fá svo skilaboð frá tölvunni ef fóðrunin hefur farið út af sporinu.

### *Mat á skít*

Leikmönnum sem lesa þetta kann að finnast það hálfbroslegt að skítur kúa geti lyktað illa, en tilfellið er að hægt er að meta skít kúa út frá lykt. Ef hann hefur mjög sterka lykt, og ef það sjást loftbólur í skítnum, bendir það til þess að of mikil sterkja hafi farið í gegnum vömb og smágirni. Þá hefur þessi sterkja gerjast í þörmum og myndað gas og sýru sem gefur súra lykt og myndar loftbólur í skítnum. Sé svona skítur sjáanlegur víða í fjósinu bendir það til þess að breyta þurfi fóðruninni. Skítur afurðamikilla kúa ætti að vera glansandi, vera með áferð eins og þykkur búðingur og vera einsleitur. Þá ættu ekki að finnast í skítnum mikið af heilum fóðurögnum.



**Mynd 3. Svanginn er þríhyrnda svæðið sem sést vel á myndinni, aftan við rifbeinin.** Mynd / Sara María Davíðsdóttir



**Mynd 1. Mörg fyrirtæki bjóða núorðið upp á einfalda tölvumæla, sem festir eru við hálsól kúnna eða eru hluti af eyrnamerkjum þeirra, sem „fylgjast“ með át-atferli kúa.** Mynd / Afimilk



**Mynd 2. Rétt holdastig um burð er 3,5.** Mynd / Þórdís Halldórsdóttir.

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI



Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn

kristjan@sulurehf.is www.sulurehf.is 669 0803

Opnað fyrir skil á **haustskýrslum**

***Matvælaráðuneytið hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2024 í Bústofni.***

Í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er öllum umráðamönnum búfjár skylt að skila árlega rafrænni haustskýrslu í Bústofn fyrir 20. nóvember n.k.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu. Einnig skal koma fram gróffóðursuppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum ásamt fyrningum og upplýsingum um aðra fóðuröflun og landstærðir.

**Skila þarf haustskýrslu í Bústofn fyrir 20. nóvember 2024.**

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið



Sérstakur einkunnaskali er til fyrir mat á skít kúa þar sem hann er metinn út frá áferð og lögun (og jafnvel lykt).

Geldkýr og fengnar kvígur ættu að vera með mun formfastari skít sem ætti að ná að hlaðast upp þegar kýrnar eða kvígurnar skíta honum. Þá ættu ekki að finnast ómeltar fóðurleifar í skít þessara gripa.

*Holdastig*

Rétt holdastig við burð er mjög mikilvægt fyrir kúabúskap enda kýr í réttum holdum við burð í mun minni hættu á að lenda í efnaskiptasjúkdómum auk þess sem þær eru líklegri til þess að komast í háa nyt. Að vera með kýr með réttum holdum getur þó verið erfitt, sérstaklega í minni fjósum enda kýrnar á mismunandi stigum mjaltaskeiðsins og/eða í geldstöðu og kröfur til holdastigs þeirra því ólíkar eftir því um hvaða kú er að ræða. Það er heldur ekki fýsilegur kostur að skipta kúahjörðinni upp í marga hópa sé hjörðin talin í tugum en ekki hundruðum. Það á þó alltaf að vera fyrsti valkostur hvers kúabónda að tryggja að geldu kýrnar séu ekki hafðar saman við hinar mjólkandi, enda fóðrunarkröfur mjólkurkúa annars vegar og geldkúa hins vegar gjörólíkar. Rétt holdastig við burð er um 3,5 (sjá mynd 2) en oft verða geldkýr of feitar vegna rangrar fóðrunar eða vegna of langrar geldstöðu. Best er að miða við að kýr, sem eru að fara í geldstöðu, komi inn í geldstöðuna í þeim holdum sem þær eiga að vera í við burð. Þetta kallar á að fóðrun á mið- og síðmjaltaskeiði sé rétt, svo þær verði ekki of feitar þegar þær koma inn í geldstöðuna.

*Vambarfylli*

Að fylgjast með vambarfylli er góður ávitull á hvernig viðkomandi kýr er að fóðrast. Oft gerist það t.d. á sumrin að beit kúa getur verið ólík frá tímabili til tímabils og stundum fá kýr nánast allt sitt fóður á beit en kjarnfóður mögulega í fjósi í tengslum við mjaltir. Þetta fóðrunarlag, sem er algengt um allan heim, kallar á virkt eftirlit með því að kýrin nái að éta vel á beitinni. Þetta á auðvitað við um fóðrun kúa allan ársins hring, þ.e. að fylgjast þurfi vel með og þá má nota þá aðferð að horfa á kýrnar sjálfar og á vinstri hlið þeirra þar sem bil á milli rif- og mjaðmabeina mynda sjáanlegan þríhyrning sem kallast svanginn (sjá mynd 3). Þar sem vömbin er staðsett á vinstri hlið, alveg upp við kviðvegginn og fest þar við efri hluta kviðarholsins er hún alltaf á sama stað og frá vambarveggnum að svanganum eru ekki nema 3–4 cm. Svanginn er því kjörinn til þess að meta vambarfyllingu þ.e. hve vel fóðrið, eða flotlagið í vömbinni, fyllir hana upp. Auðvitað tekur tíma að læra að meta þetta en almenna reglan er sú að sé þetta svæði innfallið þá bendir það til þess að át hafi verið lélegt eða kýrin innbyrt of lítið hlutfall af trefjum síðustu 6–8 klukkustundirnar. Fyrir vikið er vömbin ekki vel fyllt upp og þar með er ekki verið að hámarka nýtingu meltingarinnar.

*Setja sér reglur*

Hér að ofan hafa verið nefnd nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við mat á fóðrun og má raunar bæta fleiri atriðum við þá upptalningu, m.a. hvernig kýr eiga helst að bera sig að við át svo dæmi sé tekið. Mestu skiptir í raun að hver sá sem sér um fóðrun setji sér ákveðnar reglur til að meta eigin bústjórn og vinnulag, kýrnar munu klárlega „segja frá“ sé ekki rétt staðið að verki. Reglubundin holdastigun er t.d. ein leið sem gott er að temja sér að gera, sem og að meta svangann og skítinn og það tekur smá tíma að komast upp á lag með að gera þetta. Hér skiptir ekki mestu að vera með gríðarlega nákvæmni og má í raun gera þetta einfalt s.s. að meta vambarfylli sem lélega, miðlungs eða góða. Með sama hætti má meta holdastig kúnna sem grannar, miðlungs eða feitar. Þó ekki sé farið dýpra í stigunina myndi svona einkunnagjöf þegar gefa góða mynd af hjörðinni, t.d. ef þetta er gert mánaðarlega og skráð vel niður. Rétt er að geta þess að hægt er að fræðast um hvernig bæði holdastigun og skítastigun er gerð í kennslubókinni Nautgriparækt sem er aðgengileg öllum á vef Bændasamtakanna.












Fallegt er um að litast á Laugum í Sælingsdal.

Myndir / Hlynur Gauti

# Sameinaðir skógarbændur

**Málþing skógarbænda var haldið á Laugum í Sælingsdal laugardaginn 12. október sl. og árshátíð var haldin um kvöldið.**

Yfirskrift málþingsins þetta árið var „Skógrækt í dag, hvað ber framtíðin í skauti sér?“ Vel fór á með um sextíu gestum sem dvöldu í góðu yfirlæti á Dalahóteli. Andinn á málþinginu var með eindæmum jákvæður og samtakamátturinn mikill. Félagsmál voru efst á baugi enda mikið í húfi fyrir skógarbændur að standa saman á þessum tímum sem öðrum. Einnig var sögu trjáræktar á Vestfjarða gerð góð skil.



Hlynur Gauti Sigurðsson.

Styrktaraðilar málþings voru: Arnarlax, Sólskógar, Kvistabær, MHG, Vorverk, Galdur brugghús, Ölgerðin, Útúrkú súkkulaðigerð, Lífland, Kaldrnarneshreppur og Vesturbyggð.

Í fyrri hluta þingsins sögðu Sæmundur Þorvaldsson og Arnlín Óladóttir frá ágætis reynslu af starfssviði skógræktar á Vestfjörðum. Skógar eru fjölbreyttir og það er landið líka. Í skógræktaráætlunum jarða á Vestfjörðum er eftirtektarvert hversu mikið er lagt upp úr skógrækt í sátt við umhverfið með líffjölbreytileikann að leiðarljósi.

Það þótti brjálæði á sínum tíma að halda því fram að tré gætu vaxið við svo erfið skilyrði sem víða eru á Vestfjörðum. Sighvatur Jón Þórarinsson sagði frá skjólbeltarækt sinni og alls konar reynslu henni tengdri. Lærdómurinn yfir árin er margþættur en það eitt, að hafa tilfinningu fyrir ætlunarverkinu, skiptir mestu máli.



Á myndinni er forystufólk síns skógarfélags, deildar eða stofnunar. F.v.: Sigurkarl Stefánsson (FSV), Ágúst Sigurðsson (LogS), Hjörtur Bergmann Jónsson (Skóg-Bí), Björn Bjarndal Jónsson (FSS), Þorsteinn Pétursson (FSA), Lilja Magnúsdóttir (FSVfj.) og Birgir Steingrímsson (FSN).

Sigurkarl Stefánsson sagði frá vel heppnuðu samstarfi bænda, sveitarfélaga og Vegagerðarinnar á Skógarströnd um girðingarstæði. Það borgar sig að ræða málin við nágrannann í bróðerni. Nú vex upp stæðilegur skógur á Skógarströndinni, smalamennskur ganga snurðulaust og allir una hag sínum vel.

Lerkiblendingurinn Hrymur er tré sem nú orðið skipar stóran sess meðal skógræktenda um land allt. Þróttur þessa kynblendings hefur vakið aðdáun alls skógargeirans og um nokkur ár hefur verið mun meiri eftirspurn eftir honum en framboð. Jakob K. Kristjánsson, skógarbóndi á Fellsstönd, sagði frá stóru verkefni sem gengur út á fjölgun Hryms með stiklingum.

Það er merkilegt að á móður okkar Jörðinni skuli halla eins mikið á konur eins og raun ber vitni. Ragnhildur Freysteinsdóttir sagði frá félagsskap sem heitir Konur í skógrækt. Forystuhlutverk í skógrækt eru oftast á herðum karla. Þó hægt gangi þá virðist þó styttast í jafnari hlut kynjanna ef miðað er við höfunda sem skrifa í Skógræktarritið.

Naomi Bos fór yfir „Skógrækt framtíðarinnar“. Hún á að snúast um sjálfbærni; efnahagslega, náttúrulega og félagslega. Aðstæðuaðlögun (vistkerfisstjórn) við skipulag og ákvarðanatöku skógræktar hefur þar mikið að segja því einsleit skógrækt getur jafnvel verið skaðleg. Við skógrækt þarf að vinna að heildrænni vistkerfisstjórnun.

Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður Lands og skóga, hélt tímabært erindi fyrir skógarbændur. Í meginatriðum eru engar stórar breytingar í farvatninu sem koma niður á skógarbændum. Áfram verður unnið að bætingu gróðurauðlinda landsins og stutt verður enn frekar við fræðslu. Hvati til skógræktar heldur áfram og ýmsir staðlar munu verða meira áberandi í náinni framtíð. Yfirvegað og gott samtal er undirstaða góðra verka inn í framtíðina. Ágúst fór yfir málin og svaraði fyrirspurnum gesta. Síðustu ár hafa stjórnsýslubreytingar verið á helsta þjónustuaðila skógarbænda, þ.e. keðjuverkandi sameiningar í nafni hagkvæmni sem hófust með samruna landshlutaverkefna í skógrækt, sem voru starfandi heima í héraði, yfir í að virðist, miðstýrða stofnun sem nú heitir Land og skógur. Meðal annars er unnið að frekari hagkvæmni með því að sameina hvatakerfi til bænda í landgræðslu og skógrækt sem eru: Skógrækt á lögbýlum, Bændur græða landið, Landbótasjóður, Endurheimt votlendis, Varnir gegn landbroti og Endurheimt vistkerfa (Bonn). Má telja líklegt að allar þessar sameiningar síðustu ára, með lágmarks aðkomu bænda, hafi gert það að verkum að ráðuneyti skógarmála sé ekki lengur í tengslum við grasrótina. Spyrja má hvort þau tengslarof hafi svo haft þær afleiðingar að






Vel fór á með gestum í íþróttahúsinu á Laugum í Sælingsdal.

auðveldara sé fyrir yfirvaldið að draga úr fjárstuðningi eins og raun ber vitni? Getur verið að rof æðstu valda skógræktar í landinu við grasrót skógarbænda sé þess valdandi að óróleiki í greininni sé að myndast? Vonandi ekki, en samtal við grasrótina er ævinlega grunnur að farsælu starfi.

Það var á þeim nótum sem Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ, talaði í sínu erindi. Trausti náði vel til gesta og ekki bar á öðru en að hann hefði mikinn skilning á skógrækt sem búgrein sem mikilvægt er að hlúa vel að. Samstaða búgreina innan BÍ er mikilvæg fyrir fjölmargar sakir. Allar búgreinar geta haft hag af skógrækt í einhverri mynd og ljóst er að þótt skógar vaxi víða hægt er hún að slíta barnsskónum um þessar mundir. Megi skógarbændur styrkja stöðu bænda innan BÍ enn frekar.

Og samstaðan hélt áfram. Með samstöðu og eflingu skógarbænda innan BÍ geta skógarbændur haft töluverð áhrif. Ekki bara að skógarbændur geti deilt reynslu sinni til annarra búgreina, heldur, í nafni fjöldans, verður tekið mun meira mark á mikilvægi skógræktar í öllum skilningi. Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður búgreinadeildar skógarbænda, hvatti skógarbændur til að ganga í BÍ því þar eigum við helst rödd til stjórnvalda.

Ýmis mikilvæg mál eru í farvatninu hjá búgreinadeild skógarbænda. Hlynur Gauti Sigurðsson, starfsmaður deildarinnar hjá BÍ, fór yfir nokkur verkefni sem eru fyrirferðarmikil þessa dagana.

Hann sagði frá innleiðingu CE vottunar og gæðamála í timbri og fór yfir kosti þess að uppruni íslenskra jólatrjáa undir merkjum Íslenskt staðfest geti verið mikilvægur fyrir kaupendur. Samstarf við Norðurlandaþjóðir bar einnig á góma og kolefnismál.

Síðasta erindi þingsins var um smáforrit Orb, hugbúnaðarfyrirtækis sem þróar hugbúnað til skógmælinga. Íris Ólafsdóttir mætti til að segja frá þróuninni og leyfa okkur að fylgjast með hvers má vænta. Smáforritið auðveldar mælingar trjáa í mæliflötum og gaman verður að fylgjast með næstu skrefum.

Formenn skógarbændafélaganna fóru yfir aðsteðjandi mál sem öll áttu það sameiginlegt að mikilvægt er að fjölga félagsmönnum í búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ. Það má bæði gera með því að nýir félagar skrái sig í gegnum bondi.is og svo mega einnig núverandi félagsmenn skrá sig þar inn og haka við skógrækt sem aukabúgrein hjá sér.

Áður en kom að árshátíð fóru skógarbændur í skógarrjóður í Sælingsdalstungu þar sem Sigurbjörn Einarsson jarðvegslíffræðingur hefur gert ýmsar jarðvegstilraunir yfir árin. Þar undu skógarbændur sér vel og náðu að spjalla og mynda tengsl við hvert annað, ekki ólíkt því sem svepprætur gera í skógarbotninum.

*Höfundur er starfsmaður búgreinadeildar skógarbænda.*

**Bændablaðið á Instagram & Facebook**









# Ræktunarbú ársins 2024

**Eins og mörgum er í fersku minni tilnefndi Fagráð í hrossarækt alls 12 ræktunarbú til sérstakrar viðurkenningar fyrir framúrskarandi ræktunarárangur á árinu 2024.**


Þorvaldur Kristjánsson.

Heiðursviðurkenninguna ræktunarbú ársins 2024 hlutu Jón Árnason, Sigurveig Stefánsdóttir og fjölskylda á uppskeruhátíð hestamanna þann 15. október síðastliðinn en þau kenna hross sín við Skipaskaga.

Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri á sýningaárinu 2024. Til að afmarka val ræktunarbúa eru fyrst tilgreind öll hrossaræktarbú sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,00 eða hærra. Þá eru einkunnir leiðréttar eftir aldri og kyni líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búunum er svo raðað upp eftir leiðréttum einkunnum og fjölda sýndra hrossa. Búin sem komast í pottinn verða að ná fjórum hrossum að lágmarki með 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu sem er þá önnur sía á gögnin. Eingöngu er horft til hrossa sem ná 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu og miðast fjöldi sýndra hrossa frá hverju búi við þau hross. Þá reiknast afkvæmaverðlaunahross (stóðhestar og hryssur) til stiga fyrir sína ræktendur samkvæmt föstum reglum þar um.

Í meðfylgjandi töflu eru öll búin, 57 að tölu, sem uppfylltu fyrrnefndar lágmarkskröfur árið 2024. Dálkarnir sýna meðaltal leiðréttrar aðaleinkunnar og fjölda sýndra hrossa sem ná 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu (en afkvæmahross bæta við fjöldann). Þá er sérstaklega tilgreint í síðasta dálknum ef afkvæmahross leggja til stiga og auka á fjölda hrossa fyrir búið á árinu. Efst í töflunni eru þau tólf bú sem tilnefnd voru til viðurkenningarinnar í ár í þeim sætum sem útreiknuð stig raðaði þeim í en þar fyrir neðan eru búin sem komu auk þeirra til greina í ár í stafrófsröð.

*Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.*

| Ræktunarbú | | Mt. A.eink | Fjöldi | Sæti | |
|---|---|---|---|---|---|
| Skipaskagi | Jón Árnason, Sigurveig Stefánsdóttir og fjölskylda | 8,46 | 13 | 1 | Afkv |
| Sumarliðabær 2 | Birgir Már Ragnarsson og Silja Hrund Júlíusdóttir | 8,54 | 7 | 2 | |
| Ketilsstaðir / S-Gegnishólar | Bergur Jónsson og Olil Amble | 8,42 | 22 | 3 - 5 | Afkv |
| Auðsholtshjáleiga | Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og fjölskylda | 8,44 | 10 | 3 - 5 | Afkv |
| Hjarðartún | Óskar Eyjólfsson, Bjarni Elvar Pétursson og Kristín Heimisdóttir | 8,46 | 8 | 3 - 5 | Afkv |
| Fet | Karl Wernersson, Ólafur Andri Guðmundsson og Bylgja Gauksdóttir | 8,43 | 10 | 6 - 7 | Afkv |
| Garðshorn, Þelamörk | Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius | 8,53 | 6 | 6 - 7 | Afkv |
| Leirulækur | Guðrún Sigurðardóttir og Sigurbjörn Jóhann Garðarson | 8,46 | 6 | 8 | Afkv |
| Margrétarhof | Aðalheiður A. Guðjóndóttir, Reynir Örn Pálmason og Montan fjölskyldan | 8,38 | 10 | 9 - 12 | |
| Þúfur | Mette Mannseth og Gísli Gíslason | 8,39 | 8 | 9 - 12 | |
| Efri-Fitjar | Gréta B. Karlsd., Gunnar Þorgeirss., Jóhannes G. Gunnarss. og Tryggvi Björnss. | 8,44 | 4 | 9 - 12 | |
| Grund II | Örn Stefánsson | 8,44 | 4 | 9 - 12 | |
| Austurás | Haukur Baldvinsson, Ragnhildur Loftsdóttir og fjölskylda | 8,38 | 7 | | |
| Álfhólar | Sara Ástþórsdóttir, Rósa Valdimarsdóttir, Hrefna M. Ómarsd. og fjölsk. | 8,30 | 12 | | Afkv |
| Berg | Anna Dóra Markúsdóttir, Jón Bjarni Þorvarðarson og fjölsk. | 8,35 | 4 | | |
| Bessastaðir | Jóhann Birgir Magnússon og Guðný Helga Björnsdóttir | 8,24 | 4 | | |
| Brautarholt | Björn Kristjánsson og Snorri Kristjánsson | 8,16 | 5 | | |
| Bræðraá | Pétur Vopni Sigurðsson | 8,42 | 4 | | |
| Dalland | Gunnar Dungal og Þórdís Sigurðardóttir | 8,35 | 9 | | Afkv |
| Dýrfinnustaðir | Friðrik Ingólfur Helgason, Unnur E. Sveinbjörnsdóttir og fjölsk. | 8,23 | 5 | | |
| Efri-Hvoll | Lena Zielinski og Guðmundur Magnússon | 8,27 | 4 | | |
| Eystra-Fróðholt | Ársæll Jónsson, Anna Fía Finnsdóttir og fjölsk. | 8,39 | 4 | | |
| Eystri-Hóll | Halldór H. Sigurðsson, Sigurður G. Halldórsson og Ævar Ö. Guðjónsson | 8,21 | 6 | | |
| Finnastaðir | Björgvin Daði Sverrisson og Helena Ketilsdóttir | 8,39 | 4 | | |
| Fornusandar | Finnbogi Geirsson, Magnús Þ. Geirsson, Tryggvi E. Geirsson og fjölsk. | 8,38 | 4 | | |
| Heljardalur | Anton Páll Níelsson og Inga María S. Jónínudóttir | 8,39 | 5 | | Afkv |
| Hlemmiskeið 3 | Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfsdóttir | 8,13 | 5 | | |
| Hof I | Þorlákur Örn Bergsson | 8,38 | 4 | | |
| Hólabak | Björn Magnússon | 8,20 | 5 | | Afkv |
| Hólaborg | Emilia Staffansdotter og Ingimar Baldvinsson | 8,38 | 5 | | |
| Hrafnagil | Jón Elvar Hjörleifsson, Berglind Kristinsdóttir og fjölsk. | 8,25 | 7 | | |
| Hrafnshóll | Árni Björn Pálsson og Sylvía Sigurbjörnsdóttir | 8,40 | 5 | | |
| Íbishóll | Guðmar Freyr Magnússon, Magnús Bragi Magnússon og fjölsk. | 8,25 | 10 | | Afkv |
| Kagaðarhóll | Guðrún Stefánsdóttir, Víkingur Gunnarsson og fjölsk. | 8,24 | 5 | | |
| Kirkjubær | Ágúst Sigurðsson, Unnur Óskarsdóttir og fjölsk. | 8,27 | 5 | | Afkv |
| Kvíarhóll | Ingólfur Jónsson, Viðar Ingólfsson og fjölsk. | 8,39 | 6 | | |
| Leirubakki | Anders Hansen, Fríða Hansen og fjölsk. | 8,21 | 4 | | |
| Litli-Garður | Herdís Ármannsdóttir, Stefán Birgir Stefánsson og fjölsk. | 8,32 | 4 | | |
| Lækjamót | Elín R. Líndal, Þórir Ísólfsson og fjölsk. | 8,34 | 10 | | |
| Prestsbær | Inga Jensen og Ingar Jensen | 8,34 | 7 | | |
| Ragnheiðarstaðir | Helgi Jón Harðarson og Glódís Helgadóttir | 8,40 | 5 | | |
| Reykjavík | Leó Geir Arnarson | 8,37 | 5 | | |
| Reykjavellir | Hanna Kristín Pétursdóttir | 8,38 | 4 | | |
| Sauðárkrókur | Guðmundur Sveinsson og fjölskylda | 8,33 | 4 | | |
| Skálakot | Guðmundur J. Viðarsson, Jóhanna S. Þórhallsdóttir og fjölsk. | 8,23 | 4 | | |
| Skíðbakki I | Guðbjörg Albertsdóttir, Rútur Pálsson og fjölsk. | 8,31 | 6 | | |
| Skíðbakki III | Erlendur Árnason og Sara Pesenacker | 8,34 | 5 | | |
| Steinnes | Magnús Jósefsson, Jón Árni Magnússon og fjölsk. | 8,31 | 8 | | |
| Steinsholt 1 | Magnús J. Matthíasson, Magnús R. Magnússon og Marie G. Rasmussen | 8,27 | 5 | | |
| Stíghús | Guðbrandur Stígur Ágústsson og fjölsk. | 8,39 | 4 | | |
| Strandarhjáleiga | Sigurlín Óskarsdóttir, Þormar Andrésson og fjölsk. | 8,19 | 4 | | |
| Strandarhöfuð | Auður M. Möller, Guðmundur M. Stefánsson, Strandarhöfuð ehf | 8,29 | 5 | | |
| Svignaskarð | Guðmundur Skúlason, Oddný Mekkín Jónsdóttir og fjölsk. | 8,16 | 4 | | |
| Torfunes | Baldvin Kr. Baldvinsson | 8,41 | 4 | | |
| Tvenna | Thomas Kreutzfeldt, Tvenna ehf. | 8,22 | 4 | | |
| Þjóðólfshagi 1 | Sigurður Sigurðarson | 8,35 | 9 | | |
| Þóroddsstaðir | Bjarni Þorkelsson, Margrét Hafliðadóttir og fjölsk. | 8,27 | 4 | | |



Skipaskagi er ræktunarbú ársins 2024. Hér taka þau við heiðursverðlaunum fyrir Skagann frá Skipaskaga; Jón Árnason, Sigurveig Stefánsdóttir og Ólöf Helga Jónsdóttir. Mynd / Jón Björnsson






Lífrænt Ísland

# Villandi merkingar og grænþvottur

**Samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar er grænþvottur (greenwashing) þegar fyrirtæki setur fram rangar eða villandi upplýsingar um umhverfiságæti vöru.**

Grænþvottur er græn markaðssetning sem gefur til kynna að frammistaða seljandans sé betri eða ágæti vörunnar eða þjónustunnar meiri frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar en innistæða er fyrir.

Grænþvottur þarf þó ekki endilega að einskorðast við fyrirtæki eða vöru, heldur getur átt sér stað víðar, svo sem hjá stjórnvöldum og stjórnmálaflokkum. Í grunninn snýst þetta um blekkingar, að láta eitthvað líta út fyrir að vera umhverfisvænna en það raunverulega er.

Að þessu sögðu þá getur grænþvottur vissulega einnig orðið til vegna vanþekkingar, mistaka eða upplýsingaskorts, en það breytir ekki þeirri staðreynd að hann getur haft alvarleg áhrif á allt í senn: umhverfið, neytendur og markaðinn. Hætt er við að grænþvottur komi í veg fyrir að fólk velji vörur sem raunverulega eru betri fyrir umhverfið, grafi undan trausti neytenda og rýri verðmæti merkinga sem raunverulega hafa gildi.

Eitt dæmi um grænþvott getur verið notkun hugtaka sem hafa óljósa eða óskilgreinda merkingu. Þarna má nefna hugtök eins og „vistvænt“, „náttúrulegt“. Þau eiga það sameiginlegt að hljóma vel, skapa jákvæð hughrif og gefa til kynna að varan sem um ræðir standi öðrum sambærilegum vörum framar. Gallinn er þó sá að það er í raun þeim sem hugtakið notar algjörlega í sjálfsvald sett hvað það þýðir. Ekki er um að ræða ákveðnar eða samræmdar skilgreiningar og engin ákveðin skilyrði sem þarf að uppfylla. Notkun hugtaka af þessu tagi án þess að skilgreiningar og eftirlit standi þar að baki er mikill ábyrgðarhlutur og rýrir öryggi neytenda og rétt þeirra til þess að vita hvað þeir eru að kaupa.

Lífræn vottun getur sjálfsagt ekki talist fullkomin, ekki frekar en nokkurt annað mannanna verk, en hún hefur það þó fram yfir áðurgreind hugtök að vera skilgreind, afmörkuð og skýr. Farið er eftir ákveðnum reglum og vottun fæst ekki nema þær séu uppfylltar og starfað sé undir eftirliti þriðja aðila; vottunarstofu.

Á þennan hátt er lífræn vottun ekki einungis gæðamerki, heldur einnig merking sem stuðlar að öryggi neytenda og auðveldar þeim að taka upplýstar ákvarðanir. Reglur lífrænnar vottunar eru skýrar og hver sem vill getur flett þeim upp. Tilbúinn áburður er ekki notaður, ekki eiturefni og það eru auknar kröfur um betri aðbúnað búfjár. Unnið er með hringrásarkerfi, lífræn efni eru nýtt sem áburður, notast er við skiptiræktun og stuðlað er að lífrænum fjölbreytileika. Markmiðið er að hafa eins lítil umhverfisáhrif og mögulegt er. Minni hætta er á útskolun næringarefna og jarðvegsþreytu og auk þess eru strangari reglur gerðar þegar kemur að innihaldsefnum í unnum vörum.

Enginn er neyddur til að kaupa lífrænt vottaðar vörur, en ef þetta er það sem þú leitar eftir þegar þú kaupir í matinn, þá er lífræna vottunin það sem veitir þér vissuna um að þú valdir rétt.

Í raunninni er umræðan um grænþvott og vottunarmerkingar náskyld umræðunni um upprunamerkingar matvæla. Á sama hátt og neytandi á rétt á því að vita í hvaða landi matvaran sem hann kaupir er framleidd og á að geta treyst merkingum á umbúðum hvað það varðar, þá á hann rétt á því að geta treyst merkingum og fullyrðingum sem vísa til umhverfisáhrifa vörunnar.

Af þessum ástæðum er einnig mjög mikilvægt að við sýnum hugtakinu lífrænt þá virðingu sem það á skilið. Það er líka óumdeildur grænþvottur að kalla vöru lífræna án þess að vottun fylgi.

*Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu.*




**Dæmi um grænþvott. Eftir málsókn neyddist fyrirtækið til að fjarlægja 100% natural fullyrðinguna, enda kom í ljós að varan inniheldur bæði erfðabreyttar vörur og varnarefnið glýfosfat.**










# Þróun tækni og aðferða

## – Af ráðstefnu evrópskra búfjárvísindamanna – þriðji hluti

**Hér held ég áfram að fjalla um erindi á árlegri ráðstefnu Evrópusamtaka búfjárvísindamanna (EAAP) sem var haldin í Flórens á Ítalíu 1. til 5. september síðastliðinn.**



Jón Hjalti Eiríksson.

Að þessu sinni legg ég áherslu á erindi sem snúa að einhverju leyti að nýrri tækni eða aðferðum en sem fyrr er mest af því sem ég fylgdist með tengt kynbótum á einhvern hátt.

### *Innleiðingu erfðamengjaúrvals lokið?*

Síðastliðna næstum tvo áratugi hefur erfðamengjaúrval og þróun þess verið mjög fyrirferðarmikil í allri umfjöllun um búfjárrækt. Nokkur erindi fjölluðu enda um það að þessu sinni. Það bar þó til tíðinda að Daniela Lourenco, stjörnukynbótafræðingur frá Georgíu-háskóla í Bandaríkjunum, lýsti yfir endalokum erfðamengjaaldar og upphafi tímabils stafrænnar gagnasöfnunar. Þar vísar hún til þess að þróun og innleiðing erfðamengjaúrvals er gengin yfir fyrir helstu framleiðslukyn, í það minnsta fyrir nautgripi og svín í hinum vestræna heimi. Í umfjöllun um sauðfjárrækt og fyrir staðbundin kyn var hljóðið í fólki nokkuð annað enda innleiðing erfðamengjaúrvals mun styttra komin. Rebecca Martin frá Hohenheim-háskólanum sagði t.a.m. frá hermirannsóknum til að kanna fýsileika erfðamengjaúrvals fyrir þýskt Merínófé. Kynbótastarf og skýrsluhald er ekki mjög þróað í þessum stofni og mest af tekjum sauðfjárbænda koma frá styrkjum tengdum viðhaldi menningarlandslags. Niðurstöðurnar sýndu eins og við var að búast aukna erfðaframför, jafnvel þótt aðeins forvalinn hluti af mögulegum ásetningshrútum væri arfgerðargreindur. Innleiðing erfðamengjaúrvals í ítölsku fé er komið heldur lengra, rannsóknarverkefni til að kanna möguleika á því er lokið og verið að íhuga almenna innleiðingu. Svipaða sögu er að segja frá Kanada þannig að víða er einhver hreyfing í átt að erfðamengjaúrvali í sauðfjárræktinni þótt það sé óvíða komið í gagnið. Þótt útbreidd mjólkurkúakyn séu löngu búin að taka upp erfðamengjaúrval er það ekki endilega staðan fyrir staðbundin kyn, en líkt og í sauðfénu er víða verið að vinna í því. Sem dæmi sagði Enrico Mancin frá tilraun með erfðamengjaspá fyrir 5 lítil kúakyn sem finnast í mismunandi héruðum Ítalíu. Arfgerðirnar sem unnið var með komu úr mismunandi stofnerfðafræðirannsóknum.

### *Stafræn gagnasöfnun*

Erindi Danielu Lourenco fór ekki bara í að lýsa yfir endalokum erfðamengjaaldar – hún sagði líka frá þremur verkefnum á sviði stafrænnar gagnasöfnunar sem hennar rannsóknarhópur í Georgíu-háskóla vinnur að með PIC svínakynbótafyrirtækinu. Fyrsta verkefni snýr að því að láta vélnámslíkan gefa svínum fótaeinkunn eftir myndböndum, einkunn sem er ætlað að koma í stað einkunnar mennsks dómara. Fylgni einkunnar líkansins og dómara var um og yfir 0,5 en erfðafylgni yfir 0,9. Arfgengið var hærra á einkunninni sem líkanið gaf en dómararnir, sem bendir til að meiri árangur gæti náðst með vali ef tölvan er látin um dómana. Næsta verkefni sneri að því að greina atferli grísanna, hve miklum tíma þau verja í át, að drekka, ganga og í hvaða stellingum þau eru. Gögnin úr þessu reyndust með frekar mikið af ótrúverðugum gildum svo það þurfti að hreinsa mikið út af þeim. Helstu niðurstöður á þessu stigi eru að grísir sem standa mikið án þess að vera að gera eitthvað stækka minna en aðrir. Þriðja og síðasta verkefnið sem Daniela sagði frá gekk út á að nota tvívíðar myndir til að spá fyrir um framleiðslueiginleika, svo sem þyngd, þykkt vöðva og fitu en það verkefni er stutt komið. Rannsakendur sjá mikla möguleika í að nota myndbönd og hvers kyns sjálfvirkar mælingar til að rannsaka búfé og Daniela sagði möguleika tölvunnar til að greina úr myndunum ekki minni en þá sem mannsaugað getur greint. Það er bara spurning um réttu aðferðirnar fyrir hvert tilfelli.



Úr fjósi í Danmörku. Myndavélar eru festar yfir fóðurgang í fjósi og eru partur af CFIT-kerfinu. Það tekur myndir af kúnum og fóðrinu við fóðurganginn en með því er metið hve mikið hver kýr étur, sem eru verðmætar upplýsingar bæði í bústjórn og til að meta fóðurnýtingu einstakra kúa. Mynd / jhe

Annað dæmi um tækniþróun kom fram í erindi Franzisku Weik frá Beef and Lamb í Nýja-Sjálandi. Hún sagði frá tilraunum þeirra með notkun virknimæla til að meta betur eiginleika tengda frjósemi holdakúa á beit. Mat á frjósemi hjá kúm sem naut gengur í verður mun ónákvæmara en þegar sæðingar eru notaðar því fangdagsetningin er ekki þekkt, aðeins hvenær nautið fór í hvenær kýrnar bera. Í framleiðslukerfum sem eru mjög árstíðabundin er frjósemin aftur á móti mjög mikilvægur eiginleiki því vont er að burðartíma seinki. Þess vegna eru Nýsjálendingar að setja virknimæla á kýr í tilraunaskyni til að greina beiðsli – ekki til að sæða út frá heldur bara til að geta fylgst með hvenær kýrnar beiða og hvenær þær festa fang. Þannig fæst mat á hvort kýrnar halda á fyrsta gangmáli, daga frá burði að fangi og fleira.

CFIT-kerfið sem norræna kynbótafyrirtækið VikingGenetics hefur þróað ásamt fleirum þekkir kýr út frá myndum teknum ofan frá og metur út frá myndum hve mikið hver kýr étur í hvert skipti sem hún kemur að fóðurganginum. Þannig fást mælingar á áti einstakra kúa sem eru mikilvægar upplýsingar bæði fyrir bústjórn og kynbótastarf. Á EAAP sagði Rasmus Stephensen frá Árósaháskóla frá prófunum á líkönum til að nota þessar myndir til að meta holdastig Jersey mjólkurkúa. Niðurstöðurnar benda til að holdastigamatið sé sæmilega nákvæmt og bæti þannig við möguleikana sem CFIT-kerfið gefur bændum og rannsakendum.

### *Afleiðingar erfðamengjaúrvals – ekki jafn jákvæðar og búist var við*

Vonir stóðu til að með innleiðingu erfðamengjaúrvals myndu erfðaframfarir í eiginleikum sem tengjast frjósemi og heilbrigði aukast. Fyrir daga erfðamengjaúrvals varð oft lítil framför í þeim eiginleikum vegna lágs arfgengis og óheppilegrar fylgni við t.d. vaxtarhraða. Í svínarækt hefur aukin framför í þessum eiginleikum að mjög takmörkuðu leyti raungerst miðað við reynslu nokkurra kynbótafyrirtækja. Ástæðan er stóraukin erfðaframför í framleiðslueiginleikunum, og óhagstæð erfðafylgni þeirra við frjósemi og heilbrigði. Ignacy Mizstal frá Georgíu-háskóla í Bandaríkjanum talaði um mikilvægi þess að uppfæra erfðastuðla, einkum mat á erfðafylgni, við slíkar aðstæður. Hin mikla erfðaframför gerir nefnilega að verkum að breytingar á erfðastuðlum geta orðið mun hraðari en menn áttu að venjast með ætternisvalinu einu saman. Bæði Ignacy og Shogo Tsuruda, samstarfsmaður hans, sögðu frá nýjum aðferðum við að meta erfðafylgnina með stóru gagnasafni með arfgerðargreiningum fjölmargra gripa sem þeir telja geti verið hjálplegt í þessum aðstæðum.

### *Sýndargirðingar*

Áhugaverð tækni fyrir búfjárræktendur sem stunda beitarbúskap eru sýndargirðingar, þ.e. hálsólar með staðsetningartæki fyrir skepnur, einkum nautgripi, sem gefur skepnunum fyrst hljóðmerki og svo smá rafstuð ef þær fara yfir mörk þar sem slík sýndargirðing hefur verið sett upp. Rafstuðið er minna en það sem hefðbundnar rafmagnsgirðingar gefa jafnan. Skepnurnar læra fljótt að forðast stuðið og hljóðmerkið sem kemur á undan þeim. Þessar sýndargirðingar hafa verið notaðar aðeins í Noregi í nokkur ár en t.d. í Svíþjóð er almenn notkun ekki leyfð vegna velferðarsjónarmiða og frekari rannsóknarniðurstaðna beðið.

Lotten Wahlund frá Svíþjóð sagði frá rannsókn á sjö kvígum á beit þar sem prófað var að „færa“ sýndargirðinguna til að vita hvort kvígurnar væru fljótar að átta sig á breytingunni. Tvær af kvígunum í rannsókninni voru fljótlega fjarlægðar þar sem þær fengu fleiri rafstuð en talið var réttlætanlegt fyrir tilraunina. Hinar kvígurnar lærðu fljótt á sýndargirðinguna, hættu að fá rafstuð heldur sneru frá þegar þær fengu hljóðmerkið, og áttuðu sig fljótt þegar girðingin var „færð“, þ.e. mörk hins skilgreinda bithaga þrengd. Frida Petters, einnig frá Svíþjóð, sagði frá spurningakönnun meðal norskra bænda sem hafa notað sýndargirðingar og á áhuga sænskra bænda á þeim. Reynsla norsku bændanna var frekar jákvæð þó það kæmi fram að gripir sem væru alls óvanir slíkum girðingum slyppu oft 2–5 sinnum fyrstu vikuna úr „girðingunum“. Gripir sem væru orðnir vanir sleppi aftur á móti sjaldan, og þá helst vegna hræðslu eða tæknilegra vandamála, svo sem tómra rafhlaðna.

Víða í Ölpunum tíðkast sumarbeit mjólkurkúa uppi í fjöllum, nokkurs konar seljabúskapur. Andrea Confessori frá Flórensháskóla á Ítalíu sagði frá tilraunum til að samnýta staðsetningargögn með sýndargirðingum og gróðurmælingar með gervitunglum til að meta ástand slíkra fjallabeitlanda. Þrjátíu og fimm kúa hópi var haldið til beitar á þremur mismunandi stöðum í fjallendi í ítölsku Ölpunum með sýndargirðingum. Andrea og félagar töldu niðurstöðurnar sýna að allmiklir möguleikar væru á samnýtingu tækninnar, þ.e. gervitunglamynda og sýndargirðinga með staðsetningartæki þó ekki væri öllum spurningum svarað í fyrstu tilraun.

Dina Hamidi frá Göttingen-háskólanum í Þýskalandi kom í sínum fyrirlestri með innlegg í umræðu um hvernig best er að meta virkni sýndargirðinga. Hin hefðbundna leið er að meta hlutfallið af skiptum þar sem gripurinn fær hljóðmerki því hann nálgast girðinguna án þess að fá rafstuð (hann snýr frá því hann skilur hljóðmerkið) á móti öllum skiptum sem gripurinn fær hljóðmerkið. Dina taldi þessa nálgun aðeins takmarkaða því hún tekur ekki tillit til þess hve oft gripirnir reyna. Æskilegast sé að gripir séu öruggir í kringum sýndargirðinguna þannig að þeir fái oft hljóðmerki en aldrei (sjaldan) rafstuð, frekar en að gripir séu svo hræddir að þeir komi aldrei nálægt hinni ímynduðu girðingu.

### *Umfang búfjárvísinda*

Ég læt þessu lokið í yfirferð á því sem kom fram á EAAP-ráðstefnunni í ár. Ég komst aðeins til að sjá lítinn hluta erinda og hef ekki sagt frá nema hluta þeirra sem ég sá. Búfjárvísindi eru stór grein í Evrópu og í heiminum og rannsóknarstarf á því sviði, eins og mörgum öðrum, að vaxa frekar en hitt. Ný svið eru líka að bætast við, til dæmis eru fá ár síðan skordýr sem búpeningur fékk sína deild í EAAP og er jafnt og þétt að vaxa sem vísindasvið. Aukin rannsóknarumsvif í búfjárfræðum og búvísindum yfirleitt kemur okkur, þessum til þess að gera fáu hræðum, sem vinna á þessu sviði hér á landi frekar spánskt fyrir sjónir þegar við erum farin að venjast því að fólk sem hefur tækifæri á að vinna við rannsóknir í búvísindum fækkar frekar en hitt en við gerum hvað við getum til að fylgjast með og taka þátt.

*Höfundur er lektor við LbhÍ.*






Líffræðileg fjölbreytni á Þingvöllum. Mynd / Aðsend

# Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál

**Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir lífvera sem fyrirfinnast í hinni lifandi náttúru, breytileika innan sömu tegundar, milli tegunda, samfélaga og vistkerfa sem tegundirnar mynda svo og ferlum milli þeirra.**

Ísland býr yfir ótrúlegri fjölbreytni sem vert er að vernda. Þó hún sé ekki alltaf mjög áberandi þá er hana að finna í vistkerfunum okkar: votlendi, mólendi og önnur vistkerfi sem eru einstök á heimsvísu.

Á Íslandi gæti almenn umræða og skilningur á hugtakinu líffræðileg fjölbreytni talist á byrjunarstigi, að minnsta kosti ef umfjöllun um hana á opinberum vettvangi er borin saman við umfjöllun um loftslagsmál. Það er mikið áhyggjuefni fyrir samfélagið í heild sinni því tap á líffræðilegri fjölbreytni og hnignuð vistkerfi eru verr í stakk búin að milda loftslagsbreytingar með því að varðveita og binda kolefni í jarðvegi. Vistkerfin okkar eru sérstaklega viðkvæm fyrir óæskilegri landnýtingu og öðru raski og ef spár reynast sannar um kólnandi og vætusamara veður sem fylgja aukin skriðu- og flóðahætta þá gæti harðnað í ári hjá Íslendingum. Tap á líffræðilegri fjölbreytni gæti því haft ófyrirséð neikvæð áhrif á efnahag Íslendinga, auðlindanýtingu, lýðheilsu og önnur málefni sem tengja mannfólkið og náttúruna.

### *Losun frá landi (LULUCF)*

Land og skógur hefur mikilvægu hlutverki að gegna í báðum málaflokkum. Stofnunin sér um að mæla, greina og miðla gögnum í flokknum Losun frá landi (LULUCF), einum af þremur hlutum loftslagsbókhalds Íslands. Þar kemur fram að stærstur hluti losunar frá landi má rekja til vistkerfa í slæmu ástandi en til þess að snúa því við þá er mikilvægt að endurheimta þau vistkerfi sem eru illa leikin af ofnýtingu og jarðvegsrofi. Stofnunin ber einnig ábyrgð á áætlanagerð endurheimtar vistkerfa. Þau vistkerfi sem eru endurheimt líkt og votlendi geyma meira kolefni eftir því sem þau eru í betra ástandi og hafa þannig jákvæð áhrif fyrir bæði líffræðilega fjölbreytni og loftslagið.

### *Stefna í málefnum Lands og skógar – Land og líf*

Árið 2022 var stefnan Land og líf samþykkt en hún inniheldur framtíðarsýn málefna landgræðslu og skógræktar. Fjallað er um líffræðilega fjölbreytni sem afl til að efla virkni vistkerfa, þanþol og varðveislu landgæða fyrir komandi kynslóðir svo nokkur dæmi séu tekin. Vernd og endurheimt vistkerfa með líffræðilega fjölbreytni að leiðarljósi ætti að vera ein helsta aðgerðin gegn loftslagsvánni og fyrir framtíð samfélagsins.

### *COP29 og COP16*

Frá 21. október til 22. nóvember 2024 fara fram aðildaríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og rammasamnings um líffræðilega fjölbreytni, sem sagt COP29 og COP16. Þótt Ísland sé lítið land í hinum stóra heimi höfum við mikilvæga rödd á þessum ráðstefnum. Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda 30% land- og hafvistkerfa fyrir árið 2030, sem nálgast óðfluga. Þessi markmið eru mikilvæg, ekki bara í alþjóðlegu samhengi heldur sérstaklega fyrir Ísland og þær innlendu tegundir sem reiða sig á heilbrigð og fjölbreytt vistkerfi. Aðgerðir í þágu líffræðilegrar fjölbreytni og það að draga úr óæskilegri landnýtingu næstu ár munu skipta sköpum um framtíð vistkerfanna okkar, veðurfars og heilbrigði samfélagsins.

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og aðgerðir í loftslagsmálum eru óaðskiljanlegir þættir og íslenskt samfélag og efnahagur munu njóta góðs af ef vel til tekst.

*Fífa Jónsdóttir, fulltrúi Lands og skógar í sendinefnd Íslands á COP16.*





SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"

Málning & Húsaviðhald ehf
malningoghusavidhald.is
Tökum að okkur vinnu hjá byggingaverktökum o.m.fl.
Málarar, múrarar og smiðir geta bætt á sig verkefnum, hvar sem er á landinu.
Spörtlun, málning, múr, smíði, þakskipti, innanhússfrágangur,

Við bjóðum upp á sérfræðiþjónustu í :
- Spörtlun
- Málun
- Múrvinnu
- Steypuviðgerðum
- Smíðavinnu
- Þakskiptum og þakviðgerðum
- Flísalögn
- Almennu viðhaldi, innanhúss og utan

Af hverju velja okkur :
- Hágæða þjónusta
- Áreiðanlegar tímaáætlanir
- Áratuga reynsla lykilstarfsmanna
- Samkeppnishæf verð

malningoghusavidhald.is
Rúnar Eldjárn Jóhannsson, múrari
s. 774 3800
Ágúst Fjalar Jónasson, málarameistari
s. 774 3833

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu

Vindorkugarður í Fljótsdalshreppi

Fjarðarorka hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats 350 MW vindorkugarðs í Fljótsdalshreppi.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgáttina eigi síðar en 19. nóvember 2024.




STJÖRNUBLIKK SMIÐJUVEGUR 2, 200 KÓPAVOGUR



Niðurstöður skýrslu um tryggingamál bænda leiddu í ljós að tryggingaverndinni er nokkuð ábótavant. Ekki er hægt að vátryggja ræktarland en Bjargráðasjóður hefur veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á ræktarlandi. Mynd / ghp

# Búskapur og tryggingavernd

**Bændasamtökin hafa um nokkurt skeið lagt áherslu á nauðsyn þess að tryggingavernd í landbúnaði verði aukin.**

Tryggingaverndin í dag nær mest til útihúsa, vélageymslna, dráttarvéla, fóðurs sem er komið í hús og tækjabúnaðar. Einnig geta bændur keypt rekstrarstöðvunartryggingar. Bjargráðasjóður veitir að auki fjárhagsaðstoð vegna meiri háttar tjóns á girðingum, túnum og heyi vegna kulda, þurrka, óþurrka og kals. Þrátt fyrir að sú tryggingavernd sem er í boði sé góðra gjalda verð þá er of margt sem tengist búskapnum sem ekki er tryggt og ekki mögulegt að tryggja hjá vátryggingafélögum. Tryggingaverndin nær einfaldlega ekki yfir allt það tjón sem bændur verða fyrir þegar áföll dynja á.

Árið 2022 skilaði starfshópur matvælaráðuneytisins skýrslu um tryggingamál bænda. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru að gap í tryggingavernd bænda lægi einkum í heimaveitum, nytjaskógum, rekstrarstöðvun, smitsjúkdómum og plöntusjúkdómum. Þá sé tryggingavernd varðandi uppskeru, þ.m.t. grænmeti í ræktun, nokkuð ábótavant.

***Hvað er tryggt og hvað ekki?***

Í skýrslunni kemur fram að þó tryggingavernd á mannvirkjum sé með ágætum þá virðist engu síðar vera gap í tryggingavernd varðandi vatnsveitur, hitaveitur, stíflur og fallpípur í eigu bænda. Ekki er unnt



Margrét Ágústa Sigurðardóttir.



Hilmar Vilberg Gylfason.

að vátryggja slík mannvirki hjá NTÍ (Náttúruhamfaratryggingum Íslands) nema þau séu í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags. Þó geta bændur tryggt rafstöðvarhús og ýmist lausafé þeim tengdum, s.s. rafala.

Þá kemur fram að hægt sé að vátryggja bústofn hjá almennum vátryggingafélögum, m.a. gegn bruna eða köfnun, og hjá NTÍ gagnvart náttúruhamförum, ef frá eru talin tjón af völdum úrhellis, asahláku og óveðurs. Tjón á bústofni vegna niðurskurðar er bætt að hluta, sé hann fyrirskipaður af stjórnvöldum, sbr. lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma. Almennt er ekki fyrir hendi tryggingavernd hérlendis eða aðrar bótagreiðslur vegna annarra dýrasjúkdóma.

Einnig kemur fram að ekki sé unnt að vátryggja girðingar en Bjargráðasjóður hefur styrkt bændur vegna slíkra áfalla. Uppskeru er hægt að vátryggja að vissu marki, s.s. gegn náttúruhamförum, en Bjargráðasjóður hefur veitt bændum fjárhagsaðstoð í tengslum við uppskerubrest. Fóður og heyforða er hægt að vátryggja, t.d. gegn bruna, en tryggingavernd miðast í flestum tilvikum við að búið sé að taka hey saman og koma því fyrir í eða við hús. Sama á við um aðra uppskeru. Þá er ekki hægt að vátryggja ræktarland en Bjargráðasjóður hefur veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á ræktarlandi.

Gap er í tryggingavernd bænda varðandi nytjaskóga en þar er hvorki um að ræða mögulega tryggingavernd né fjárhagsaðstoð frá Bjargráðasjóði. Plöntur í ylrækt er hægt að vátryggja gegn náttúruhamförum, með sambærilegum hætti og heyforða, og einnig hjá vátryggingafélögum gegn ýmsum öðrum hættum, s.s. eldsvoða, vatnstjóni, óveðri, breytinga á hitastigi o.fl. Bændur geta hins vegar ekki vátryggt plöntur gegn sjúkdómum og þar er því greinilegt gap. Sama á við um grænmeti í ræktun, sem hægt er að vátryggja gegn náttúruhamförum. Tryggingavernd á grænmeti gegn frosti eða þurrkum er ekki í boði og þar er því einnig gap.

Í skýrslunni segir einnig að rekstrarstöðvun sé almennt háð því að tilteknir hagsmunir, þ.e. fasteignir eða lausafé, séu tryggðir fyrir tilteknum áhættum, s.s bruna eða vatni, og ef svo er og viðkomandi er líka með rekstrarstöðvunartryggingu, þá virkjast sú trygging til að bæta tap vegna rekstrarstöðvunar. Tryggingavernd gegn rekstrarstöðvun er því fremur takmörkuð, þó hún sé ekki endilega lakari en í öðrum atvinnugreinum.

***Hvað er til ráða?***

Bændasamtökin hafa talað fyrir sameiginlegu átaki til að ná fram heildstæðri tryggingavernd fyrir bændur. Hægt er að horfa til nágrannalanda til að skoða útfærslur en oftar en ekki hafa stjórnvöld aðkomu að landbúnaðartryggingum, t.a.m. með baktryggingu. Samtökin hafa rætt þennan málaflokk við matvælaráðuneytið, NTÍ og tryggingafélög. Í þessum samtölum hefur komið fram greinilegur áhugi til að leita lausna. Ljóst er að kostnaður við uppskerutryggingar yrði verulegur og líklega umfram það sem bændur geta réttlætt í sínum rekstri miðað við núverandi afkomu. Í skýrslu starfhópsins er niðurstaðan sú að komist á heildstæð tryggingavernd í landbúnaði þá þurfi aðkomu ríkisins með einhverjum hætti eins og þekkist í sambærilegum áfallatryggingum, s.s. þegar jarðskjálftar, snjóflóð eða eldgos valda tjóni.

*Margrét Ágústa er framkvæmdastjóri BÍ og Hilmar er sjálfbærnisérfræðingur hjá BÍ.*



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

**Pistill formanns**

# Land(búnaður) tækifæranna

**Bændaforystan heilsar nóvembermánuði full tilhlökkunar.**



Trausti Hjálmarsson.

Í fyrsta lagi er hringferð Bændasamtakanna fram undan og er dagskrá hennar kynnt í auglýsingu hér í blaðinu undir heitinu Á grænu ljósi landbúnaðarins. Vonandi er að allir fjórtán fundirnir verði vel sóttir og skoðanaskiptin hreinskiptin og lífleg. Í öðru lagi erum við svo allt í einu að detta inn í alþingiskosningamánuð með öllu því umræðufjöri sem tilheyrir.

**Við munum að sjálfsögðu** gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma helstu hagsmuna- og baráttumálum landbúnaðarins inn í pólitísku umræðuna í aðdraganda kosninganna. Í þessu Bændablaði má finna auglýsingu þar sem við drögum upp stóru myndina af helstu áhersluatriðum okkar í umræðunum um landbúnað. Þar látum við í ljós þá von að einhver þeirra, t.d. afkoma bænda, verði að kosningamáli, áherslumáli í stjórnarmyndunarviðræðum og forgangsmáli nýrra valdhafa.

> ... að koma helstu hagsmuna- og baráttumálum landbúnaðarins inn í pólitísku umræðuna í aðdraganda kosninganna.

**Vel kann að vera að það séu háleit** og bjartsýn markmið og þá ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að þau eru ólíkleg til að verða að pólitískum bitbeinum. Til þess er samstaðan og einhugurinn á bak við mikilvægi og tilvistargrundvöll íslenska landbúnaðarins einfaldlega of mikill. Það er hins vegar ekki hægt að ganga að áframhaldandi lífi hans vísu nema utan um hann sé tekið. Þess vegna er mikilvægt að aðalatriðin okkar drífi a.m.k. alla leið til frambjóðenda og fjölmiðlafólks í komandi umfjöllun, umræðu og kappræðum sem kosningunum fylgja. Þá er tilganginum náð.

**Sum þessara ellefu atriða** sem við tilgreinum í auglýsingunni eru samt svo brýn að þau beinlínis verða að komast af umræðustiginu eingöngu yfir í að vera hrint í framkvæmd. Þar á ég í fyrsta lagi við vandann sem við okkur blasir og þarf að leysa. Í öðru lagi hef ég svo í huga tækifærin sem bíða okkar í bunkum handan við hornið. Mikilvægt er að grípa þær bústnu gæsir á meðan þær gefast. Auðvitað er sú staðreynd að auki mikilvæg að við höfum um þessar mundir einstakt tækifæri til þess að slá tvær flugur í einu höggi: Ráðast að rót vandans í næstu búvörusamningum og fjárfesta um leið í sóknarfærum sem án nokkurs vafa geta fært íslensku samfélagi stóraukna framlegð úr landbúnaðargeiranum.

**Ég er ekki í nokkrum vafa um að á bændafundunum** munu þessar áherslur okkar skerpast enn frekar. Veganestið sem við munum taka með okkur verður svo nýtt gagnvart þeim þingmönnum og frambjóðendum sem hafa tök á að mæta til fundanna þar sem við bjóðum hverjum flokki fyrir sig að heimsækja okkur í bækistöðvar Bændasamtakanna í Borgartúni. Á þessum fundum er mikilvægt fyrir okkur að geta stutt málflutning okkar með vísan í fjölmenna og góða bændafundi og ekki síður að hafa frá þeim skýr skilaboð um áhersluatriði okkar og framtíðarsýn.

**Þegar alþingiskosningar skjóta upp kollinum** með sex vikna fyrirvara þarf að bregðast hratt við á ýmsum vígstöðvum. Eðlilega er pressan mest á stjórnmálaflokkunum sem nánast þurfa að manna listana sína á hraða ljóssins, meitla áherslur sínar í snarhasti og kynna þær fyrir landsmönnum á örfáum dögum. Fyrir haghafa sem vilja hafa sjónarmið sín með í umræðunni er þörfin fyrir skjót viðbrögð ekki síðri. Bændasamtökin eru þar á meðal. Okkur finnst löngu kominn tími til að brýn málefni landbúnaðarins fái pláss í kosningaumræðunni. Þess vegna tökum við forskot á sæluna, pökkum aðalatriðunum inn í handhægar umbúðir fyrir pólitíkina og tökum þau samtímis til umræðu á bændafundunum til þess að meitla þau enn frekar.

**Þessi samantekt okkar á aðalatriðunum** er langt í frá einhliða kröfugerð gagnvart stjórnvöldum. Sumt má miklu fremur flokkast sem tilmæli um gagnkvæman skilning sem vissulega gæti svo skipt máli þegar við setjumst niður með nýjum valdhöfum til þess að ræða m.a. um búvörusamningana sem bíða okkar á næsta ári. Þar á meðal má nefna afdráttarlaust lykilhlutverk öflugrar landbúnaðarframleiðslu í fæðuöryggi þjóðarinnar, kjölfestuframlag okkar til þjóðarframleiðslunnar, menntun og rannsóknir á sviði landbúnaðar, mikilvægi upprunamerkinga, loftslagsvegvísi Bændasamtakanna o.m.fl.

**En í þessum aðalatriðum eru líka brýnni mál.** Aðsteðjandi vandi sem vonlaust er að setja á biðlista eftir lækningu. Þar er afkoma og öryggi bænda vitaskuld í algjörum forgangi. Rekstrarumhverfi okkar er vægast sagt erfitt enda þótt segja megi að þokast hafi í rétta átt. Nauðsyn mun betri aðstæðna fyrir nýliðun og kynslóðaskipti í bændastéttinni er sömuleiðis gerð að umtalsefni í þessari upptalningu okkar. Það er verkefni nýrra búvörusamninga að færa þessi atriði til betri vegar og sömuleiðis verður að sjást í þeim skilningur stjórnvalda á nauðsyn tollverndar til samræmis við nágrannaþjóðir okkar.

**Við höfum löngum litið á Ísland** sem land tækifæranna. Undir það get ég tekið heilshugar. Og að undanförnu hefur sérstaklega runnið upp það ljós fyrir fólki að landbúnaðurinn eigi sér ótal tækifæri til glæstrar sóknar. Þetta græna ljós landbúnaðarins á ýmsum vígstöðvum verður okkur eflaust að yrkisefni á bændafundunum sem fram undan eru og ekki síður í samtölum okkar við stjórnmálaflokkana sem nú setja sig í stellingar fyrir kosningarnar í lok nóvember. Það kann að þykja bjartsýnt af hálfu formanns Bændasamtakanna en ég el mér samt þá von í brjósti að tækifærin sem landbúnaðurinn – og um leið íslenskt samfélag eins og það leggur sig – stendur frammi fyrir komist hraustlega á dagskrá í samtalinu sem fram undan er.

*Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.*



„Ástand vega landsins er víða óásættanlegt og hættulegt. Það er skylda okkar að tryggja að vegakerfið standist nútímalegar öryggiskröfur og uppfylli þarfir samfélagsins," segir Gísli m.a. í grein sinni. Mynd / Aðsend

# Þjóðarátak í samgöngumálum

**Íslenskt samfélag stendur á tímamótum þegar kemur að samgöngumálum. Vegakerfi landsins, sem einu sinni þótti fullnægjandi fyrir okkar fámennu þjóð, er nú orðið óviðunandi í ljósi aukinnar umferðar og kröfu um öryggi.**



Gísli Rafn Ólafsson.

Sérstaklega hefur mikill fjöldi ferðamanna á undanförnum árum reynt á innviði okkar. Vegirnir þola einfaldlega ekki þá umferð sem er á þeim í dag og öryggisstaðlar þeirra standast ekki þær kröfur sem gerðar eru til vega í Evrópu.

Á áttunda áratug síðustu aldar tókum við okkur saman og fórum í þjóðarátak til að klára hringveginn. Það var mikilvæg ákvörðun sem hafði djúpstæð áhrif á þróun landsins, bæði efnahagslega og félagslega. Nú er kominn tími til að endurtaka þetta afrek. Við þurfum nýtt þjóðarátak í samgöngumálum, átaksverkefni sem mun tryggja að vegakerfið okkar sé í stakk búið til að mæta þörfum nútímans og framtíðarinnar.

*Hugum að malbikun og jarðgangagerð*

Einn af þeim þáttum sem við þurfum að huga að er að malbika alla vegi þar sem yfir 2.000 bílar fara um á dag. Þetta er ekki aðeins spurning um þægindi, heldur fyrst og fremst um öryggi. Malbikaðir vegir draga úr hættu á slysum, minnka slit á bílum og gera akstur almennt öruggari og þægilegri. Í dag eru margir vegir sem ekki uppfylla þessa kröfu, sem setur bæði Íslendinga og gesti okkar í hættu.

Jarðgöng eru annað mikilvægt atriði. Með því að byggja fleiri jarðgöng getum við stytt vegalengdir, aukið öryggi og bætt samgöngur milli landshluta. Við getum litið til Dana og Færeyinga sem fyrirmynda í þessum efnum. Þar hafa þeir náð frábærum árangri með því að nýta hagkvæmar lausnir í jarðgangagerð. Með því að fylgja þeirra módeli getum við byggt upp öflugt jarðgangakerfi án þess að kostnaður verði of íþyngjandi.

*Þurfum að endurhugsa fjármögnun vegakerfisins*

En til að þetta verði að veruleika þurfum við að endurhugsa hvernig við fjármögnum uppbyggingu vegakerfisins. Það er sanngjarnt að þeir sem nota vegina mest og valda mestu álagi á þá greiði meira til viðhalds og uppbyggingar. Þeir sem keyra stóra flutningabíla ættu að bera hærri kostnað en þeir sem nota litla rafmagnsbíla. Með því að innleiða sanngjarnt gjaldtökukerfi getum við tryggt að fjármögnun vegakerfisins sé sjálfbær og réttlát.

Fjölgun ferðamanna hefur einnig áhrif á vegakerfið. Þeir koma hingað til að njóta náttúrunnar og ferðast um landið en setja jafnframt mikla pressu á samgöngukerfið. Við þurfum að taka tillit til þessa og tryggja að ferðamenn taki virkan þátt í að fjármagna uppbyggingu og viðhald vega. Þetta gæti verið gert með veggjöldum eða öðrum leiðum sem tryggja að þeir sem nýta innviði okkar greiði sanngjarnt framlag.

*Samgöngur eru lífæð samfélagsins*

Það er alveg ljóst að við verðum að setja okkur skýr og metnaðarfull markmið til næstu 10–20 ára. Við þurfum að hafa heildstæða áætlun sem tekur mið af þörfum allra landsmanna, óháð búsetu. Þetta krefst samvinnu milli ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Við þurfum að tryggja að fjármögnun sé til staðar, hvort sem er í gegnum opinbera fjárfestingu, einkafjármögnun eða blöndu beggja.

Samgöngur eru lífæð samfélagsins. Þær tengja fólk saman, gera viðskipti möguleg og stuðla að velferð og lífsgæðum. Með öflugu samgöngukerfi getum við styrkt efnahagslífið, aukið öryggi og bætt lífsgæði fyrir alla. Það er því ekki spurning um hvort, heldur hvenær og hvernig við ætlum að ráðast í þetta verkefni.

Við getum ekki leyft okkur að bíða lengur. Ástand vega landsins er víða óásættanlegt og hættulegt. Það er skylda okkar að tryggja að vegakerfið standist nútímalegar öryggiskröfur og uppfylli þarfir samfélagsins. Með því að ráðast í þetta þjóðarátak sýnum við framsýni og ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum.

*Höfundur er þingmaður Pírata.*

Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

VELTRON®
Byltingarkennd hitunaraðferð

Veltron infrarauður hitari er byltingakennd vara fyrir hraða tímabundna hitun.

Veltron DHOE-120 dísel knúinn far infrarauður hitari notar einungis 50W(sambærilegt við ljósaperu) og 2,3 lítra af eldsneyti á dag.

Hitarinn notast eingöngu við rafmagn við uppkveikju, brennara og tölvustýringu.

Margar stærðir til.



AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Lífrænt hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar
HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

# Ekkert fæðuöryggi án landbúnaðar

**Íslendingar eru og hafa ætíð verið landbúnaðarþjóð. Ræktun lands og nytjar hafa verið samofin sögu okkar og forsenda fyrir því að hægt sé að búa í okkar fjölbreytta landi.**



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Í nýrri aðgerðaáætlun fyrir landbúnaðarstefnu Íslands til ársins 2040 var mörkuð skýr framtíðarsýn sem miðar að því að styðja og efla íslenskan landbúnað, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Rauði þráðurinn í matvælastefnunni er að styðja og efla íslenskan landbúnað og á sama tíma nýta auðlindir landsins á ábyrgan og sjálfbæran hátt.

Fæðuöryggi er eitt af grunnmarkmiðum landbúnaðarstefnunnar og án landbúnaðar er allt tal um fæðuöryggi innantóm orð. Stefnan skilgreinir lágmarksbirgðir og tryggir nauðsynlegar forsendur fyrir framleiðslu á hættutímum. Auk þess að framleiða mat þarf að tryggja að við sem samfélag getum staðið undir framleiðslunni. Verið sjálfum okkur nóg. Sérstök áhersla er lögð á aukna kornrækt, sem hefur of lítið verið nýtt til þessa. Kornrækt getur orðið öflug grein en til þess að svo megi vera þarf að styrkja stoðir greinarinnar, veita fjárfestingarstuðning og auka kynbætur.

*Kraftaverkin gerast*

Raunhæf markmið um útrýmingu riðu er eitt það merkasta sem gerst hefur í sauðfjárrækt lengi. Það er sennilega versta martröð hvers sauðfjárbónda að upp komi riða. Nú loksins sér þar til sólar og við getum tekið upp nýjar leiðir í baráttunni gegn riðu og vonandi útrýmt henni fyrir fullt og allt. Það er mikilvægt að allir sem kindur eiga taki þátt í þessu verkefni og rækti upp verndandi gen í sinni hjörð.

Nýsköpun er lykillinn að sjálfbærri framtíð í landbúnaði. Miklar framfarir hafa orðið á undanförnum árum á sviði tæknivæðingar og rannsóknarstarfs, sem opnar nýja möguleika til að auka afköst og sjálfbærni eins og mörg dæmi eru um, t.d. notkun kyngreinds nautgripasæðis, sem getur haft mikil áhrif á framleiðslu og arðsemi til framtíðar.

*Engin tækifæri án áskorana*

Landbúnaður er einn stærsti valdur að losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Þess vegna setur aðgerðaáætlunin loftslagsmál á oddinn. Innleiðing loftslagsbókhalds er mikilvægt skref, svo hægt sé að fylgjast með losun og draga úr henni. Á sama tíma er lögð áhersla á að auka rannsóknir á stöðu loftslagsmála í landbúnaði. Til að draga úr losun eru nýsköpun og rannsóknir lykilatriði. En til að allt þetta megi verða þarf að tryggja réttláta fjárhagslega afkomu bænda. Stuðningskerfi landbúnaðarins þarf í framtíðinni að hvetja til landbúnaðar sem byggir á sjálfbærri landnýtingu og minni losun.

Ný reglugerð um sjálfbæra nýtingu lands tekur gildi í haust og leggur grunn að sjálfbærri landnýtingu. Við getum gætt þess að landnotkun sé sjálfbær og það skulum við gera. Það er best að nýta auðlindir með það fyrir augum að ganga ekki á möguleika komandi kynslóða og þess vegna leggur þessi nýja reglugerð áherslu á verndun vistkerfa og gróðurþekju sem og beitarstjórnun.

*Muna að deila með sér*

Við eigum Ísland ekki ein, við deilum landinu með fjölmörgum tegundum og landið er ríkt af einstökum vistkerfum og það er okkar að vernda þau og endurheimta þegar við höfum gleymt okkur í gleðinni. Landbúnaður þarf að blómstra í jafnvægi og sátt við líffræðilega fjölbreytni og verndun vistkerfa.

Með landbúnaðarstefnuna að leiðarljósi tryggjum við að íslenskur landbúnaður verði ábyrgur, sterkur og hér til framtíðar á styrkum stoðum. Íslenskur landbúnaður verður undirstaða fæðuöryggis, búsetu víða um land og mikilvægt tæki í baráttunni við loftslagsvána.

*Höfundur er þingmaður VG og fyrrverandi matvælaráðherra.*



Tuttugu félagskonur héldu í skemmtiferð í tilefni af 90 ára afmæli Kvenfélagsins Freyju. Mynd /Aðsend

# Kvenfélagið Freyja 90 ára

**Það var í júní árið 1934 sem nokkrar konur komu saman að Krossi í Austur-Landeyjum, sem þá var samkomustaður sveitarinnar, og ræddu stofnun kvenfélags.**



Sigurbjörg Fríða Ólafsdóttir.

Félagið var síðan formlega stofnað 15. október árið 1934 og hlaut nafnið Freyja. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Guðrún Jónasdóttir í Hallgeirseyjarhjáleigu og varð hún fyrsti formaður félagsins. Með henni í fyrstu stjórn voru systurnar Vilborg Sæmundsdóttir á Lágafelli, gjaldkeri, og Margrét Sæmundsdóttir í Miðey, ritari.

Tilgangur félagsins er að efla samúð og samvinnu meðal kvenna, gleðja og styrkja þá sem minna mega sín. Kvenfélagskonur geta verið stoltar af framlögum sínum til samfélagsins, þær njóta þess að vinna saman að góðum verkum og gleðjast yfir árangrinum. Kvenfélög eru mikilvægur hlekkur í hverju samfélagi.

Á afmælisárinu eru félagar í Kvenfélaginu Freyju samtals tuttugu og átta og hefur sá fjöldi verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Er mjög ánægjulegt að ungu konurnar í sveitinni hafa verið duglegar að ganga til liðs við félagið og er starfinu mikill styrkur að því.

Í tilefni afmælisins var sérstök afmælisnefnd skipuð sem sá um undirbúning og framkvæmd afmælisins í samvinnu við stjórn félagsins. Héldu félagskonur í skemmtiferð dagana 21.–22. september sl. Dásamleg ferð sem vakti mikla kátínu og var einkar vel heppnuð en í þessari ferð naut félagið góðs af þjónustu og rútu frá fyrirtækinu Southcoast Adventure sem starfar í heimabyggð.

Tuttugu félagskonur sáu sér fært að mæta og var ferðinni heitið að Geysi í Haukadal. Með þó nokkrum stoppum til og frá. Fyrsta stopp voru Hellarnir við Hellu þar sem Stefán Smári tók á móti okkur og veitti frábæra leiðsögn. Því næst var komið við í Hespuhúsinu hjá Guðrúnu Bjarnadóttur, þar sem hópurinn fékk fróðleik um litun á bandi en á vinnustofunni er hægt að versla sér jurtalitað band í öllum regnbogans litum og útfærslum en einnig að setjast niður og glugga í bækur eða grípa í prjóna. Að því loknu var haldið á Friðheima þar sem við fengum kynningu á fyrirtækinu og boðið var upp á matarveislu í nýju fínu Vínstofunni. Þar minntust við einnig góðs félaga, Sigríðar Kristjánsdóttur, sem nýlega var fallin frá.

Þegar allar voru saddar og sælar var haldið í Laugarvatnshella við Laugarvatn og fengin innsýn í líf íslenskra fjölskyldna sem þar bjuggu fyrir tæpum 100 árum. Eftir góðan og fróðlegan dag var svo endað á Hótel Geysi þar sem félagar gistu eina nótt eftir dásamlegan hátíðarkvöldverð og samveru.

Eftir morgunmat daginn eftir fóru nokkrar galvaskar konur í göngutúr um Geysissvæðið og voru rifjaðir upp gamlir og góðir tímar. Á heimleiðinni fór hópurinn að Gullfossi eins og góðum túristum sæmir og hélt því næst að Flúðum þar sem Ragnheiður Georgsdóttir hjá Flúðasveppum tók á móti hópnum með skemmtilegri leiðsögn og dýrindis súpu, brauði og kökum. Eftir það var haldið áfram heim á leið með stuttu stoppi í sjálfsafgreiðslu Hreppamjólkur við Gunnbjarnarholt þar sem mjólkurflaska bættist við farangur hópsins. Virkilega vel heppnuð ferð og áttu félagar ánægjulega stund í fögru umhverfi og góðu haustveðri.

Sunnudaginn 13. október sl. stóð svo kvenfélagið fyrir morgunverði eða dögurði í tilefni afmælisins í félagsheimilinu Gunnarshólma frá kl. 10–13. Mættu um 140 manns til að fagna og eiga notalega stund saman.

Fyrir hönd Kvenfélagsins Freyju.

*Höfundur er kvenfélagskona.*


## FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR,

**fh. Ríkissjóðs, auglýsir til sölu, og óskar eftir tilboðum í jarðirnar:**

**FLATEY 1, landnúmer: 160083 með fastanúmer: 218-057**

**og ODDA, landnúmer: 160102 með fastanúmer: 218-1631.**

**Jarðirnar eru í eigu Ríkissjóðs Íslands og staðsettar í sveitarfélaginu Hornafirði.**



### Flatey -1.

Heildarstærð jarðarinnar er 384,7 ha. og þar af ræktað land 31,1 ha.
Jörðin stendur á skilgreindu landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar.
Jörðin skiptist í ræktað land, beitiland, tún, móa, þúfur, möl, gróið mýrlendi /blautlendi. Ræktað land virðist ekki vera nytjað.
Afgirt er að jörðinni norðanverðri og hlið er á girðingu. Ár/lækjarfarvegur liggur í gegnum jörðina en er að mestu þurr. Fjara fylgir ekki með jörðunum.

Kvöð er um aðgengi eftir vegi sem liggur í gegnum jörðina en vegur liggur að Flatey 1 og Flatey 2 og 3 niður að fjöru.

Aðkoma að jörðinni er í gegnum þjóðveg 1 og ekið er að jörðinni um malarveg á móts við gatnamót að bænum Flatey. Ekki er húsakostur á jörðinni eða deiliskipulag á svæðinu og byggingarleyfi liggja ekki fyrir.

Landamerkjalýsing liggur fyrir, sjá skjal merkt landamerkjayfirlýsing með þinglýsingarnúmeri 447-H-000593/2021.
Núgildandi landamerki verða uppfærð áður en sala fer fram í samræmi við kort sem fylgir söluyfirlitinu.

### Oddi.

Flatey 1 umlykur jörðina Odda á þrjá vegu.

Heildarstærð jarðarinnar er 6,3 ha. og er að mestu móar, gras og þúfur.

Aðkoma að jörðinni er frá þjóðvegi 1 og ekið er að jörðinni um malarveg á móts við gatnamót að bænum Flatey.
Ekki er húsakostur á jörðinni eða deiliskipulag á svæðinu og byggingarleyfi liggja ekki fyrir.

Sjá einnig loftmynd, matsvottorð HMS dagss. 12.8.2024, með landamerkingu sem er fylgiskjal söluyfirlits þessa.
Jörðin er merkt C og D á mynd.
**Upplýsingar um jarðirnar og loftmynd eru sýnilegar á fasteignavefum mbl. og Vísis.**

**Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá FSRE með því að senda tölvupóst á eignasala@fsre.is eða gera tilboð hér: https://www.fsre.is/auglysingar/fasteignasala-og-leiga/**

FSRE

# Leitum samstarfsaðila fyrir landsbyggðarverkefni

**Landsbyggðin lifi leitar eftir samstarfi við framfarafélög, þorp, bæjarfélög eða sveitarfélög í verkefni með landsbyggðarkjörnum í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku um hvað þarf til að viðhalda byggðunum og sérstaklega að nýtt fólk geti flutt þangað.**



Hildur Þórðardóttir.

Nú þegar lífið á höfuðborgarsvæðinu snýst um umferðarteppur, óaðlaðandi miðbæ, mengun, hávaða og glæpi, endalaust frístundaskutl og langar vegalengdir, eru margir sem íhuga að flytja út á land og einfalda lífið. En hvað stendur í vegi? Vantar húsnæði? Atvinnu? Nettengingu? Þarf betri samgöngur? Þjónustu? Eru kannski fordómar sem standa í vegi?

Samstarf með bæjum og þorpum á Norðurlöndunum þýðir að þátttakendur geta deilt vandamálum og lausnum. Kannski hafa bæir í Finnlandi lausnir sem henta bæjum á Íslandi.

Með því að nálgast verkefnið ekki út frá fyrir fram ákveðnum hindrunum og að ekkert sé hægt að gera, heldur með opnum huga og hugsa „hvað ef ekkert stæði í vegi" er hægt að opna fyrir margar frjóar hugmyndir. Verkefnið er hægt að nota til að efla íbúalýðræði og þátttöku íbúa í nærsamfélaginu.

Verkefnið er til þriggja ára og á þeim tíma mun hvert þátttökuland skipuleggja málþing eða vinnustofur til að ræða ákveðna þætti sem mest brenna á. Landsbyggðin lifi mun skipuleggja málþingin fyrir Íslands hönd.

Verkefnið miðar að því að gera landsbyggðina að meira aðlaðandi stað til að flytja til og búa á með því að bæta skilyrðin fyrir húsnæði og þjónustu. Þannig verður landsbyggðin að raunhæfum kosti fyrir fleiri. Með fjölgun íbúa er markmiðið að endurvekja staðbundna þjónustu sem kemur öllum til góða. Hér áður fyrr voru mörg framfarafélög úti um allt land sem tóku málin í eigin hendur og unnu að framfaramálum í nærsamfélaginu. Með nýjum kynslóðum og örari lífsmáta hafa flestöll þessi framfarafélög sofnað. Það er von okkar hjá Landsbyggðin lifi að hægt sé að endurvekja þessi gömlu félög eða stofna ný íbúafélög með þessu verkefni.

Þeir sem hafa áhuga eða vilja frekari upplýsingar vinsamlega hafið samband við undirritaða.

*Höfundur er formaður Landsbyggðin lifi.*



**Guðrún Torfhildur Gísladóttir, Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Helga Jóhannsdóttir, Silke Van Broeck, Ómar Ragnarsson og Bjarni Þór Haraldsson. Myndin er tekin á sænska dreifbýlisþinginu sem hópurinn frá Íslandi sótti.** Mynd /Aðsend


VALTRA Q-LÍNAN
230-305 hestöfl
NORRÆN HÖNNUN Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI



AFLVÉL
AGCO Power, unnið með Valtra frá 1951 lengst allra

SKROKKUR
Allar Q-línu dráttarvélar eru smíðaðar í Finnlandi í háum gæðum

ÖKUMANNSHÚS
Háþróuð tækni, frábært jafnvægi næst með loftfjaðrandi framás og húsi

GIRKASSI
CVT stiglaus gírskipting sérsniðin að Valtra, hönnuð og þróuð af AGCO í Þýskalandi

reddot winner 2023
FARM MACHINE 2023

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Byggingarstjóri



Ertu í byggingarhugleiðingum,
eða kominn af stað með framkvæmdir ?
Tek að mér að vera byggingarstjóri
á öllum byggingarstigum og vera
tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur.
Hafið samband í síma 8523222
eða netfang: asgeirvil@gmail.com



Ársfundur RML

RML
Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

Ársfundur RML verður haldinn á **Hótel Kea á Akureyri**, föstudaginn 1. nóvember. Fundurinn hefst kl 13:30 en boðið er upp á súpu klukkan 13:00

**Dagskrá:**
- Skýrsla stjórnar
- Kynning á starfsemi RML
- Almennar umræður um málefni félagsins

**Áætluð fundarlok um kl. 15:30**

*Streymt verður frá fundinum en við hvetjum þá bændur sem hafa tækifæri til að mæta á staðinn.*



FAGMENNSKA - LIPURÐ – FRAMSÆKNI - SAMVINNA
Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins | 516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is



Vinnslutillaga endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037

**Auglýst eru opin hús vegna vinnslutillögu endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar.**

Vinnslutillaga endurskoðunar aðalskipulags er í kynningu í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og af því tilefni stendur Borgarbyggð fyrir opnum húsum þar sem fulltrúar Eflu verkfræðistofu, sveitarstjórn Borgarbyggðar og vinnuhópur endurskoðunar aðalskipulags kynna vinnslutillögu og taka þátt í umræðum varðandi verkefnið.

**Opnu húsin verða sem hér segir:**
**29. okt kl. 20 – 21:30 Opið hús í Lindartungu**
**31. okt kl. 17 – 18:30 Opið hús í Ráðhúsi Borgarbyggðar**
**31. okt kl. 20 – 21:30 Opið hús í Þinghamri á Varmalandi**

Kaffi og kruðerí - Vonumst til að sjá sem flesta.

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**

BORGARBYGGÐ


Á tískusýningunni hringdi síminn hjá Önnu Maríu í Hlíð – það er aldrei slegið slöku við.


Það var fjölmenni á markaðnum og mikil gleði bæði hjá gestum og framleiðendum.


Kathy Sparks bregður á leik á námskeiði í spuna.

# Heil vika til eflingar íslenskri sauðfjárrækt

## –Ullarvika á Suðurlandi 2024

**Þann 5. október síðastliðinn lauk ævintýralegri viku sem haldin var að frumkvæði kvenna á Suðurlandi og tileinkuð íslensku sauðkindinni með áherslu á ull hennar.**


Hulda Brynjólfsdóttir

Þetta er í þriðja sinn sem Ullarvika á Suðurlandi er haldin og fjölgaði þeim mikið sem komu gagngert til að vera með á Ullarvikunni og njóta þess sem þar var um að vera. Margir tóku sér frí frá vinnu til að geta verið alla vikuna, fóru á milli staða og tóku þátt í viðburðum, fóru á námskeið eða tylltu sér niður í prjónakaffihúsinu í góðum félagsskap, ræddu málin, skiptust á uppskriftum og uppbyggilegum ráðum varðandi prjónaskap og fleira tengt ullarvinnslu. Dagskrá Ullarvikunnar var líka metnaðarfull og viðburðir haldnir vítt og breitt um Suðurland, allt frá umhverfi Selfoss austur í Álftaver í Skaftafellssýslu.

### *Kraftur og hugmyndaauðgi*

Það eru fyrst og fremst tveir hópar kvenna sem standa að undirbúningi og viðburðastjórn Ullarvikunnar, en það eru Spunasystur í Rangárvallasýslu og Þingborgarkonur í Árnessýslu. Innan þessara hópa eru konur sem dreifast um Suðurland og eru þær með viðburði heima á búum sínum, en margar þeirra eru bændur og hafa komið upp vinnustofum heima hjá sér, þar sem þær vinna með ull af sínum eigin kindum á fjölbreyttan hátt. Tvisvar yfir vikuna opnuðu þær vinnustofur sínar og buðu gestum heim til að sjá hvað þær eru að fást við. Yfir 100 manns heimsóttu vinnustofurnar á þessum dögum og höfðu gestir á orði að þarna væri mikill kraftur, mikil hugmyndaauðgi og mikið listfengi að finna og þekkingin mikil.

Þá voru haldnar sýningar á munum unnum úr sauðfjárafurðum þar sem ullina bar hæst og mátti sjá glæsileg sjöl og prjónaðar flíkur úr íslenskri ull. Má þar helst nefna glæsilega sýningu Bergrósar Kjartansdóttur, en hún sýndi sjöl úr bók sinni Sjalaseiður. Sjá mátti húsgögn bólstruð með sauðagærum, bæði nýlega bólstruð af Spunasystrum sjálfum og einnig hinn fræga Sindrastól, sem var tískustóllinn um og upp úr miðri síðustu öld og er tímalaus klassík.

### *Námskeið og fróðleikur*

Innlendir og erlendir reyndir kennarar í ullarvinnslu og prjónaskap voru fengnir til að halda námskeið. Uppselt var á mörg námskeiðin, enda voru þau fjölbreytt og fræðandi og hentuðu bæði byrjendum og þeim sem hafa meiri reynslu.

Fyrir hátt í 100 manns fluttu sérfróðir einstaklingar fyrirlestra og svöruðu hvenær sem var og hvar sem var fjölmörgum spurningum gesta Ullarvikunnar og upplýstu þá um gæði íslenskrar ullar og hvað má gera úr henni og miðluðu þannig þekkingu sinni. Bæði Spunasystur og Þingborgarkonur eru fróðar um ullarvinnslu og hægt að fræðast af þeim um margt sem tengist sauðfé og ull og leiðist þeim ekki að tala um þetta áhugamál sitt sem sumar hafa gert að atvinnu sinni. Þeirra helsta áhugamál er að auka veg og virðingu fyrir íslensku sauðkindinni og afurðum hennar og efla með því sauðfjárrækt á Íslandi. Með Ullarviku á Suðurlandi tókst þeim að sameina fólk úr ólíkum heimshornum og kynna sauðkindina betur fyrir þeim.

Vikunni lauk með markaðsdegi þar sem hátt í 800 manns mættu og áttu góðan dag. Þar var hægt að kaupa vandaðar vörur beint af framleiðendum, en einnig sjá sýningar, fylgjast með keppni í að spinna og prjóna flík úr óunninni ull, setjast niður og prjóna með öðrum gestum hátíðarinnar og fá sér kaffi og með'í hjá kvenfélaginu í Flóahreppi. Hápunktur markaðarins var síðan tískusýning þar sem sýndar voru flíkur sem aðstandendur Ullarvikunnar hafa hannað og prjónað eða útbúið með öðrum hætti.

Allt fléttaðist þetta saman í eina stóra heild sem rammaði inn þessa merkilegu skepnu sem sauðkindin er og sannfærði gesti Ullarvikunnar um að íslenska sauðkindin hefur svo miklu fleiri möguleika en að framleiða bara kjöt og takmarkalausa virðingu megi bera fyrir henni.

Ullarvika á Suðurlandi 2024 þakkar fyrir sig og þeim fjölmörgu gestum sem mættu á viðburði hennar. Jafnframt þökkum við þeim sem komu að þessum mikilvæga menningarviðburði á Suðurlandi með stuðningi og styrkjum, en það voru meðal annars Uppbyggingarsjóður Suðurlands, Landsvirkjun, MS, Ullarverslunin í Þingborg, Nonna- og Brynjuhúsi í Álftaveri, Skinnhúfa, Uppspuni og Feldfjárbændur og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn. Ekki síst þökkum við okkur sjálfum; Spunasystrum og Þingborgarkonum, fyrir að standa að eins merkilegum viðburði og Ullarvika á Suðurlandi er og fjölskyldum okkar fyrir að snúast í þessu með okkur og styðja við framtakið með þolinmæði og hvatningarorðum.

Næsta Ullarvika á Suðurlandi mun fara fram haustið 2026. Við erum strax farin að hlakka til og eigum von á að stöðugt stækkandi Ullarvika muni laða að enn fleiri þátttakendur og viðburði um allt Suðurland.

*Höfundur er eigandi og framkvæmdastjóri Uppspuna og ein af stjórnarmeðlimum Ullarvikunnar.*


Þessi hressa fjölskylda lífgaði upp á tískusýninguna með alls konar sprelli.


**FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR**

**fh. Ríkissjóðs, auglýsir til sölu og óskar eftir tilboðum í jörðina: FLATEY 2 og 3 HORNARFIRÐI.**

**Landnúmer: 160088, með fastanúmer: 2181533.**

Heildarstærð Flateyjar 2 og 3 er 58,9 ha.
þar af er ræktað land 26,5 ha.
Jörðin stendur á skilgreindu landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Jörðin skiptist í ræktað land, beitiland, mela, móa, þúfur, mýrlendi og blautlendi. Á jörðinni eru tún sem hafa verið ræst fram. Ræktað land virðist ekki vera nytjað.

Kvöð er um aðgengi eftir vegi sem liggur í gegnum jörðina. Vegurinn liggur að Flatey 1 og Flatey 2 og 3 niður í fjöru. Aðkoma er að jörðinni frá þjóðvegi 1 og ekið niður að jörðinni um malarveg á móts við gatnamót að bænum Flatey.



Enginn húsakostur er á jörðinni og ekki gildandi deiliskipulag á svæðinu sem jörðin er á og byggingarleyfi liggja ekki fyrir.
Landamerkjalýsing liggur fyrir sjá skjöl með þinglýsingarnúmeri: 447-H-000593/2021 og 447-H-000416/2023.

FSRE

Sjá einnig loftmynd, matsvottorð HMS dagss. 12.8.2024, með landamerkingu sem er fylgiskjal söluyfirlits þessa.
**Upplýsingar um jarðirnar og loftmynd eru sýnilegar á fasteignavefum mbl. og Vísis.**
Jörðin er merkt E á mynd. Flatey 2 - lóð, með landnúmeri 219834 fylgir ekki með sölu jarðarinnar.



Efsta kollótta gimbrin kom frá Teigi, nr. 670. Hún var með 42 mm bakvöðva og 19,0 fyrir læri. Í hana heldur Tómas Jensson frá Teigi.



Efsti kollótti hrúturinn kom frá Sólvöllum, nr. 4060. Hann var með 38 mm bakvöðva og 19,0 fyrir læri. Í hann heldur ræktandinn og eigandinn; Hanna Valdís Guðjónsdóttir.

## Rangárvallasýsla:

# Dagur sauðkindarinnar

**Þann 12. október síðastliðinn var dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu haldinn hátíðlegur.**

Fjöldi fólks kom saman í Rangárhöllinni við Hellu með lömb til að láta dæma þau og meta og raða til verðlauna. Mikið var af glæsilegum gripum á sýningunni og einkunnir eftir því háar.

Keppt var um bestu kollóttu gimbrina og bestu hyrndu gimbrina, besta kollótta hrútinn og besta hyrnda hrútinn og síðan völdu áhorfendur litfegursta lamb sýningarinnar. Veitt voru verðlaun fyrir bestu fimm vetra ær, besta veturgamla hrút og ræktunarbú ársins 2023 og voru flest verðlaunin máluð plattar eftir Gunnhildi Jónsdóttur, en nokkrir þeirra eru farandgripir. */hb*



Efsta hyrnda gimbrin kom einnig frá Teigi, nr. 767. Hún var með 43 mm bakvöðva og 20,0 fyrir læri. Tómas heldur í gimbrina, en á verðlaununum heldur Jens Heiðar Guðnason frá Teigi.



Efsti hyrndi hrúturinn kom frá Hreiðri, nr 4267. Hann var með 44 mm bakvöðva og 19,5 fyrir læri. Hjalti Sigurðsson, ræktandi og eigandi, heldur í hrútinn.







Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands
NBÍ

RÉTTINDANÁM FYRIR FRJÓTÆKNA

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands og Nautastöð BÍ verða með bóklegt nám fyrir frjótækna. Námið er metið til tveggja framhaldsskólaeininga og fjöldi sérfræðinga koma að kennslunni.

Námið er einkum ætlað búfræðingum.

Staður: Stóra-Ármót í Flóa
Tími: 4. - 8. nóvember 2024

Skráning og allar nánari upplýsingar á vef okkar:
endurmenntun.lbhi.is/frjotaeknar

endurmenntun.lbhi.is | 433 5000 | endurmenntun@lbhi.is

Lífræn hreinsistöð




Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is













Mikið safn ljósmynda er til frá sýningum í gegnum árin. Frá vinstri, efst: Leikendur í Bangsímon í búningsherberginu árið 2005, Gosi á sviði árið 1992, leikhópur Skáld-Rósu, 1980. Svo kemur atriði úr Þremur skálkum árið 1973 og Dýrið og Blíða árið 2023. Í þriðju röð; Hús Hillebrandts, 1997, Atómstöðin 1944 og að lokum frá leiksýningunni Ísjakinn árið 1975. Hluti safnsins verður til sýnis á afmælinu.

## Leikfélag Blönduóss:

# Húllumhæ á áttræðisafmælinu

**Árið 1944 var Leikfélag Blönduóss formlega stofnað og starfaði nánast óslitið fram að aldamótum og sýningar settar upp með jöfnu millibili.**

Nú, 2024, fagnar það áttatíu ára afmæli sínu og er ætlunin að halda veislu þann 2. nóvember næstkomandi í félagsheimilinu á Blönduósi sem hefur hýst leikfélagið um árabil.

Blómlegt leikstarf einkenndi Blönduós fyrr á tímum og áhugavert er að segja frá því að árið 1897 var fyrsta leiksýningin sett upp þar í bæ. Bar sú heitið „Kómedía“, og voru flytjendur liðsmenn „Leikfimifélags Blönduóss“. Í samtali við Evu Guðbjartsdóttur formann kemur fram að hana langi að endurvekja þennan kraft samfélagsins, en í fyrra var fjölskyldusýningin Dýrið og Blíða á fjölunum, sú fyrsta í níu ár.

„Lengi vel var frumsýnt annað hvert ár, þá í kringum páskana eða sumardaginn fyrsta, en síðastliðin ár hefur því miður dregið úr virkni félagsins. Gaman væri að fjölga meðlimum leikfélagsins svo og fólki sem hefur áhuga á að vinna bak við tjöldin – allir sem áhuga hafa eru því hér með boðnir velkomnir.“

Eva segir að þó ekki séu sýningar ár hvert sé ýmislegt brasað. Nú á næstu mánuðum er í bígerð að setja upp hæfileikakeppni, North-West got Talent, sem verður byggð á hinum vinsælu þáttum Britain‘s got Talent og fleiri slíkum. Íbúar Norðvesturlands mega því fara að hlakka til eða jafnvel undirbúa atriði.

Mikill undirbúningur er vegna stórafmælisins enda ýmislegt skemmtilegt í gangi og svo auðvitað kaffi og afmælisterta í boði.

/sp

LÆTUR ÞÚ VERKIN TALA?

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændasamtök Íslands leita að öflugum einstaklingi til að leiða spennandi nýsköpunarverkefni á sviði sjálfbærni og hringrásarhagkerfis.
Helstu verkefni:
- Stýra og leiða verkefni tengdum Terraforming Life
  - Samskipti og samþætting milli innri og ytra hagaðila
  - Kynningarmál og viðburðahald
  - Stefnumótun, áætlanagerð og markaðsgreining
- Önnur verkefni tengd starfsemi Bændasamtakanna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi: t.d. verkefnastjórnun, samskiptamál, viðskiptafræði, opinber stjórnsýsla
- Mjög góð hæfni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Mjög góð hæfni til að starfa í teymi og lipurð í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Sjálfstæði, sjálfstraust og frumkvæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og reynsla af greiningum og áætlanagerð
- Sterkir forystuhæfileikar

Umsóknarfrestur: 3. nóvember
Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Ágústa Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands á margret@bondi.is

Umsóknir berist á alfred.is




Nýrri og mikilvægri gjöf fagnað: F.v. Elínborg Sigurðardóttir, Guðrún Þórðardóttir, Dagmar Elín Sigurðardóttir, Björk Steindórsdóttir, Linda B. Sverrisdóttir, Þórný Jóhannsdóttir, Jenný Jóakimsdóttir og Ágústa Magnúsdóttir. Mynd / KÍ

## Heilbrigðismál:

# Framfaraskref fyrir barnshafandi konur

**Kvenfélagasamband Íslands hefur gefið heilbrigðisþjónustunni nýjan hugbúnað.**

Hugbúnaðurinn rafvæðir sjúkraskrárgögn sem tengjast fósturhjartsláttarritum og sónarniðurstöðum og vistar miðlægt.

Gjöf til allra kvenna á Íslandi nefnist verkefni Kvenfélagasambandsins sem staðið hefur frá árinu 2020 í formi fjársöfnunar og þróunarvinnu.

Um er að ræða hugbúnað sem rafvæðir sjúkraskrárgögn tengd fósturhjartsláttarritum og sónarniðurstöðum og vistar þau miðlægt. Einn meginkosta þessa er að þetta getur komið í veg fyrir að konur séu sendar um langan veg til frekari skoðunar. Niðurstöður eru á rafrænu formi og hægt að nálgast þær og skoða á öðrum stöðum þar sem meiri sérhæfing er til staðar.

### Konur gefa konum

Um 30 milljónir króna söfnuðust. Stærsti hluti framlaga í söfnunina kom beint frá kvenfélögunum víða um land. Einnig studdu fjölmörg fyrirtæki og almenningur söfnunina með beinum framlögum.

Fósturhjartsláttarrit er hægt að sjá í rauntíma og fá þar með eftir öruggum leiðum faglegt álit frá hærra þjónustustigi, eins og t.d. Landspítala háskólasjúkrahúsi eða Sjúkrahúsinu á Akureyri. Ekki þarf lengur að prenta út ritin og fleiri geta séð ritin en bara sá aðili sem er inni á fæðingarstofunni þegar konur eru í fæðingu, eða að sinna eftirliti með fóstrinu á meðgöngu vegna einhverra áhættuþátta tengdum meðgöngunni.

### Sett upp hjá öllum fæðingarstöðum landsins

Hugbúnaðurinn verður settur upp hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi, á Akranesi, Ísafirði, í Neskaupstað, Vestmannaeyjum, Keflavík, á Selfossi og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Innleiðing hugbúnaðarins nær fram á næsta ár.

Innleiðingu á verkefninu var stýrt af starfshóp og var samstarf nokkurra stofnana og aðila: Kvenfélagasambands Íslands, Landspítala, Embættis landlæknis, Félags ljósmæðra og fæðingarstaða á landsbyggðinni. Ákveðið var að velja Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi sem tilraunastað fyrir verkefnið og þar lauk innleiðingu og var opnað á kerfið í sumar.

Allir fæðingarstaðir landsins eru nú tilbúnir að taka við tengingum kerfisins við Landspítalann. Þær innleiðingar og tengingar eru komnar í tímalínu sem unnið verður eftir í samvinnu við fæðingarstaði landsins, tæknisvið Landspítalans og seljendur hugbúnaðarins, Medexa.

### Gríðarlegt öryggisatriði

Björk Steindórsdóttir, yfirljósmóðir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, tók formlega á móti gjöfinni. Hún hefur stýrt innleiðingu og öllum samskiptum við fæðingarstaði og verið faglegur sérfræðingur í innleiðingu á verkefninu.

Björk sagði sérstaklega ánægjulegt að taka á móti svo stórri og höfðinglegri gjöf sem konur í landinu væru að gefa konum landsins og fjölskyldum. Gjöfin yki bæði gæði og öryggi skráninga og vistunar fósturhjartsláttarrita og niðurstaðna úr ómskoðunum sem bætti tvímælalaust heilsuvernd kvenna um allt land.

„Það að hafa sjúkraskrárgögn vistuð miðlægt er gríðarlega mikið öryggisatriði fyrir konur í meðgöngu og fæðingu. Með því móti er alltaf hægt að nálgast mikilvægar upplýsingar hvar sem er og einnig eru þær vistaðar með ábyrgum og löglegum hætti. Hægt er að meta gögn hvenær sem er, í rauntíma og milli skoðana og þessi gögn fylgja meðgönguskrá konunnar hvar sem hún býr,“ sagði Björk og bætti við að það hefði verið kjarkað og áræðið af konum í Kvenfélagasambandi Íslands að fara í svona mikla og flókna gjöf sem hefur í raun stækkað margfalt með tímanum. Þær hefðu hugsað að þessi hugbúnaður þyrfti að nýtast öllum konum landsins, ekki bara þjónustuþegum Landspítalans.

„Ljósmæður og læknar sem vinna úti á landi bíða af mikilli tilhlökkun og gleði eftir að tengjast kerfinu,“ sagði Björk.

/sá

Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is

# „... smalinn er alkominn heim“

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Stephan G. Stephanssyni.**


Stephan G. Stephansson.

Hann fæddist árið 1853 á Kirkjuhóli í Skagafirði og hlaut nafnið Stefán Guðmundur Guðmundsson. Til fimmtán ára aldurs bjó hann í Skagafirði en flutti þá í Þingeyjarsýslu þar sem hann vann fyrir sér í vinnumennsku uns fjölskyldan flutti til Vesturheims árið 1873. Hann ólst upp í fátækt og átti ekki kost á skólamenntun sökum bágra kjara en varð síðar vel menntur af eigin rammleik.

Fyrstu fimm árin vestra bjó Stefán í Wisconsin í BNA, þar næst að Görðum í N-Dakóta og var þar í áratug. Loks flutti hann til Alberta-fylkis í Kanada þar sem hann bjó alla daga síðan. Hann kvæntist Helgu Sigríði Jónsdóttur laust fyrir 1880 og varð þeim átta barna auðið, þar af komust sex upp.

Stefán starfaði í byrjun við skógarhögg og járnbrautalagningu en um fertugt einbeitti hann sér að búskap. Land nam hann þrisvar sem bóndi og þótti vel af sér vikið enda fór mestur tími hans í bústritið. Hann breytti nafni sínu til hægðarauka á enska tungu.

Fyrsta ljóðakver Stefáns kom út árið 1894 og í kjölfarið komu frá honum margar ljóðabækur, flestar gefnar út í Reykjavík. Meginverk hans verður að teljast Andvökur I–VI sem út kom á árunum 1909–1938. Andvökur draga nafn sitt af því að Klettafjallaskáldið, eins og Stefán er oft nefndur, átti erfitt með svefn í Vesturheimi og flest ljóð hans því samin á nóttunni.

Hann orti gjarnan ádeilukvæði og tók þá málstað lítilmagnans gegn auðvaldi og ógnarstjórn, stríði og kirkjuvaldi. Einnig skrifaði hann fögur ættjarðarljóð, innblásin af söknuði og rómantík, auk þess sem andi Íslendingasagna var honum aldrei fjarri í skáldskapnum.

Stefáns kom aðeins einu sinni upp til Íslands aftur, árið 1917, og fór þá hringferð um landið.

Hús Stefáns og Helgu í Alberta stendur enn á heimilisjörð fjölskyldunnar, skammt frá þorpinu Markerville. Húsið (Stephansson House) hefur verið gert upp og í dag er það sögustaður á vegum Albertafylkis (Alberta Provincial Historic Site). Á sumrin (maí-ágúst) er það opið almenningi.

Stefán lést árið 1927. /sá

***Smalavísa***

*Hann fæddist við jötu, hann fóstruðu kræv,*
*og fjárhúsin vóru hans uppeldis-bær,*
*en þó urðu smalanum kynnin sín kær*
*sem keisarahöllin mun þér.*

*Því það skaltu vita, þó veran sé þröng*
*í vistinni þeirri, er fjárgatan löng*
*um hálendið: frjálsræðið, sólskin og söng,*
*sem sumargjöf smalanna er!*

*Því það skiptir engu, þó átt hafi stríð*
*við örðugar brekkur, við þokur og hríð,*
*því heiðríkjan indæl og útsýnin víð*
*var engum svo fagnaðarkær.*
*Því smalinn á dalinn sinn, fjörur og fjöll,*
*allt fagrablik dagsins af brún o‘n á völl –*
*og björt eins og vinfengi er eignin hans öll,*
*sem unnustu dálát hver bær.*

*Hann gekk yfir tinda, en hjallana hann*
*í hlíðinni miðri sér þekkasta fann,*
*því þar skín í ljósmáli allt, sem hann ann:*
*hans eigið og sveitin hans víð.*
*Og hugsana ljósbreiður líða þar hjá*
*sem lagðsíðar hjarðir um fjallaskörð há,*
*og dátt óma ljóðin frá löngun og þrá*
*sem lóukvök neðan úr hlíð.*
*Hann hefur svo glaðværa einveru átt.*
*Hann óskar þess stundum – en hugsar það lágt,*
*því lítil er óskin að hrópa hana hátt*
*um hérað og fjallanna geim –:*
*„Þú hlíð varst mér ljúfust! Er leiðin mín þver,*
*ég leifa vil síðasta byrgið mitt hér,*
*því hér hef ég smíðað svo smátt sem það er –*
*og smalinn er alkominn heim.“*

*Ort 1903, Andvökur, 1. bindi, bls. 258–9, Bókaútgáfa Menningarsjóðs útg. 1953.*
















Þorsteinn G. Þorsteinsson innan um skógarkerfilinn í Hrísey en hann er uppalinn í eynni og ber til hennar sterkar taugar. Mynd / Aðsend

# Limrur og léttar hugleiðingar

**Þorsteinn G. Þorsteinsson er höfundur nýrrar bókar, Limrur og léttar hugleiðingar.**

„Við þekkjum hann betur undir nafninu Steini rjúpa og fyrir hreint makalausar fuglaveðurspár sem urðu mörgum umtalsefni og skemmtiefni og komu út vikulega á árabilinu frá 1995 uns samstarfsfélagi Þorsteins um Fuglaspána, menntaskólakennarinn Gísli Jónsson, lést í nóvember 2001. En bókina helgar Þorsteinn minningu Gísla," segir í fréttatilkynningu um útgáfu bókarinnar, sem inniheldur 99 limrur og texta í óbundnu máli sem þó tengist sjaldan limrunni á nokkurn hátt, tekur höfundur fram. „Það bregður sem sagt ýmsu fyrir í þessum textum," er haft eftir Þorsteini og sagt að þar sé farið um víðan völl en ávallt í stuttum og hnitmiðuðum texta. „Þar segir til dæmis af nautinu sem fór í gegnum eldhúsið hjá henni Matthildi á Bergi í Hrísey, hjátrú gamla vinnumannsins úr Vopnafirði og Cream soda." */ghp*




Aratunga í Bláskógabyggð. Mynd / Wikipedia

# Fjölmenningarhátíð í Aratungu

**Menning hinna ýmsu landa verða í forgrunni á fjölmenningarhátíð í Aratungu í Bláskógabyggð sunnudaginn 3. nóvember nk.**

Þátttakendur munu meðal annars kynna menningu Tékklands, Portúgals, Búlgaríu, Þýskalands, Ungverjalands, Noregs, Eþíópíu, Póllands, Íslands, Chile og Slóvakíu. „Þennan dag munu íbúar sem búa í okkar samfélagi kynna sína menningu með ýmsum hætti. Á hátíðinni verða kynningarbásar þar sem gestir geta fræðst um hin ýmsu lönd, kynnst ólíkum menningararfi og hægt verður að smakka mat og drykk frá ýmsum heimshornum. Á deginum verða líka básar þar sem gestir geta fengið upplýsingar um afþreyingu og kynningu frá félagasamtökum í Uppsveitum," segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar. Hátíðin stendur frá kl. 14–17. */mhh*

**Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir**

**Kynnir til sölu og óskar eftir tilboðum í jörðina: ESKEY, landnúmer: 213516, með fastanúmer: 230-6696.**
**Jörðin er í eigu Ríkissjóðs Íslands og staðsett í sveitarfélaginu Hornafirði.**

FSRE

Heildarstærð Eskeyjar er 755,9 ha. Þar af sunnan þjóðvegar 1, samtals 577,8 ha. og norðan þjóðvegar 178,1 ha. Jörðin stendur á skilgreindu landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Jörðin skiptist í árfarveg og aura, gróna sanda, mela, móa, þúfur, möl og gróið mýrlendi.



Aðkoma er að jörðinni frá þjóðvegi 1 og liggur hann í gegnum jörðina. Við norðurhluta jarðarinnar er Heinabergssandur. Afgirt er að jörðinni norðanverðri að Heinabergssandi en að sunnanverðu við þjóðveg 1. Jökuláin Hólmsá rennur í gegnum jörðina og er hún brúuð við þjóðveginn þar sem er áningarstaður og bílastæði ásamt útssýnissvæði með upplýsingum um Mýrar, Hólmsá og Vatnajökul.

Enginn húsakostur er á jörðinni og ekki gildandi deiliskipulag á svæðinu sem jörðin er á og byggingarleyfi liggja ekki fyrir. Landamerkjalýsing liggur fyrir sjá skjöl með þinglýsingarnúmeri 447-H-000593/2021 og 447-H-000416/2023. Fjara fylgir ekki með sölu jarðarinnar. Núgildandi landamerki verða uppfærð áður en sala fer fram í samræmi við kort sem fylgir söluyfirlitinu.

Sjá einnig loftmynd, matsvottorð HMS dagss. 12.8. 2024, með landamerkingu sem er fylgiskjal söluyfirlits þessa. Jörðin er merkt A og B á mynd. **Upplýsingar um jarðirnar og loftmynd eru sýnilegar á fasteignavefum mbl.is og Vísis.is.**

**Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá FSRE með því að senda tölvupóst á eignasala@fsre.is eða gera tilboð hér https://www.fsre.is /auglysingar/fasteignasala-og-leiga/**

# Lily Leaper Socks

**Prjónaðir stuttir sokkar í stroffprjóni úr DROPS Fiesta. Fiesta er nýtt nylonstyrkt garn frá Drops og kjörið í sokka en einnig húfur, vettlinga, peysur og margt fleira.**




**DROPS Design:** Mynstur fs-001-bn
**Stærðir:** 24/25 (26/28) 29/31 (32/34) 35/37 (38/40) 41/43.
**Lengd fótar:** 15 (17) 18 (20) 22 (24) 26 cm.
**Garn:** DROPS FIESTA (fæst í Handverkskúnst)
- 100 (100) 100 (100) 100 (150) 150 gr litur á mynd nr 14, regnbogaskraut.
**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 3½
**Prjónfesta:** 22 lykkjur x 30 umferðir í sléttprjóni = 10 x 10 cm.

**Hælúrtaka:**
**UMFERÐ 1 (rétta):** Prjónið sléttar lykkjur þar til 6 (8) 7 (7) 6 (6) 9 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.
**UMFERÐ 2 (ranga):** Prjónið brugðnar lykkjur þar til 6 (8) 7 (7) 6 (6) 9 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.
**UMFERÐ 3 (rétta):** Prjónið sléttar lykkjur þar til 5 (7) 6 (6) 5 (5) 8 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.
**UMFERÐ 4 (ranga):** Prjónið brugðnar lykkjur þar til 5 (7) 6 (6) 5 (5) 8 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.
Haldið áfram með úrtöku á sama hátt með því að prjóna þar til eftir er 1 lykkja færri áður en 1 lykkju er lyft af prjóni, þar til 8 (8) 10 (10) 12 (12) 14 lykkjur eru eftir á prjóni.

**LEIÐBEININGAR ÚRTAKA:** Byrjið 3 lykkjum á undan merki, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 2 lykkjur slétt (merkið er staðsett á milli þessa 2 lykkja), lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykkja slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 2 lykkjur færri).

**SOKKAR – STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:**
Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna, frá stroffi niður að tá.

**STROFF / LEGGUR:** Fitjið upp 40 (44) 44 (48) 48 (52) 60 lykkjur á sokkaprjóns nr 3½ með DROPS Fiesta. Prjónið stroff hringinn (= 2 lykkjur slétt / 2 lykkjur brugðið) í 8 (9) 11 (13) 15 (16) 17 cm. Nú er prjónað sléttprjón og stroffprjón frá byrjun umferðar þannig: Prjónið 2 lykkjur sléttprjón (= tilheyrir hæl), prjónið stroffprjón eins og áður (byrjar með 2 lykkjur brugðið) yfir næstu 22 (22) 22 (26) 26 (30) 30 lykkjur (endar með 2 lykkjur brugðið), prjónið sléttprjón út umferðina. Prjónið svona þar til stykkið mælist 9 (10) 12 (14) 16 (17) 18 cm. Munið eftir að fylgja uppgefinni prjónfestu.
Nú er prjónaður hæll og fótur eins og útskýrt er að neðan.

**HÆLL OG FÓTUR:** Prjónið 2 lykkjur sléttprjón, prjónið stroffprjón eins og áður yfir næstu 22 (22) 22 (26) 26 (30) 30 lykkjur og setjið þær á þráð (miðja ofan á fæti) og prjónið út umferðina í sléttprjóni = 18 (22) 22 (22) 22 (22) 30 lykkjur fyrir hæl. Prjónið fram og til baka í sléttprjóni yfir hællykkjurnar í 5 (5) 5½ (5½) 6 (6) 6½ cm. Setjið 1 merki mitt í síðustu umferð – síðar á að mæla stykkið frá þessu merki. Prjónið HÆLÚRTAKA – lesið útskýringu að ofan. Eftir hælúrtöku er næsta umferð prjónuð þannig: Prjónið sléttprjón yfir 8 (8) 10 (10) 12 (12) 14 hællykkjur, prjónið upp 11 (11) 12 (12) 13 (13) 14 lykkjur meðfram hlið á hæl, prjónið sléttprjón yfir 22 (22) 22 (26) 26 (30) 30 lykkjur af þræði ofan á fæti og prjónið upp 11 (11) 12 (12) 13 (13) 14 lykkjur meðfram hinni hliðinni á hæl = 52 (52) 56 (60) 64 (68) 72 lykkjur. Prjónið að miðju undir hæl – umferðin byrjar núna hér.
Setjið 1 merki hvorum megin við 22 (22) 22 (26) 26 (30) 30 lykkjur ofan á fæti. Prjónið sléttprjón undir fæti og stroffprjón eins og áður ofan á fæti jafnframt því sem lykkjum er fækkað í hverri hlið þannig: Prjónið síðustu 2 lykkjur á undan fyrra merki ofan á fæti slétt saman og prjónið fyrstu 2 lykkjur á eftir seinna merki ofan á fæti snúnar slétt saman. Fækkið lykkjum svona í hverri umferð alls 6 (6) 6 (6) 5 (5) 5 sinnum og síðan í annarri hverri umferð alls 4 (3) 3 (4) 6 (6) 6 sinnum = 32 (34) 38 (40) 42 (46) 50 lykkjur. Prjónið síðan þar til stykkið mælist 11 (13) 13½ (15) 17 (18) 20 cm frá merki á hæl, mælt undir fæti. Nú er afgangur af stykki prjónað í sléttprjóni. Prjónið þar til stykkið mælist 12 (14) 14½ (16) 18 (19½) 21 cm frá merki á hæl, mælt undir fæti. Það eru eftir 3 (3) 3½ (4) 4 (4½) 5 cm að loka máli, mátið e.t.v. sokkinn og prjónið að óskaðri lengd áður en lykkjum er fækkað fyrir tá eins og útskýrt er að neðan.

**TÁ:** Setjið 1 merki í hvora hlið á sokknum þannig að það verða 16 (16) 18 (20) 20 (22) 24 lykkjur ofan á fæti og 16 (18) 20 (20) 22 (24) 26 lykkjur undir fæti. Prjónið sléttprjón, JAFNFRAMT í fyrstu umferð er lykkjum fækkað fyrir tá hvoru megin við bæði merkin – lesið LEIÐBEININGAR ÚRTAKA (= 4 lykkjur færri). Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 3 (3) 4 (4) 4 (5) 5 sinnum og síðan í hverri umferð alls 3 (3) 3 (4) 4 (4) 5 sinnum = 8 (10) 10 (8) 10 (10) 10 lykkjur. Klippið þráðinn, þræðið þráðinn í gegnum lykkjur, herðið á þræði og festið vel.
Sokkurinn mælist ca 15 (17) 18 (20) 22 (24) 26 cm frá merki á hæl, mælt undir fæti. Prjónið hinn sokkinn eins.

*Prjónakveðja, stelpurnar í Handverkskúnst www.garn.is*




Gott garn á góðu verði!
Sendum um allt land.
Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611



Þau Guðbjörg Elín Heiðarsdóttir og Björgvin Einarsson taka á móti gestum matsölunnar með brosi á vör.





Þjónstumiðstöð þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi og íslenskur menningararfur sem innblástur hönnunar. Til vinstri má sjá dæmi um upplýsingaskjái sem koma ferðalöngum að góðum notum. Myndir / sp

## Hvolsvöllur:

# Samvinna fremur en samkeppni

**Rétt neðan við afleggjara Landeyjahafnarvegar stendur reisulegt hús með gömlu íslensku yfirbragði, nefnt Laufey Welcome Center. Er það eitt nokkurra en eigendur fyrirtækisins áætla að bjóða upp á áningarstaði víða um landið.**

Þar innan er hátt til lofts og vítt til veggja, gólfsíðir gluggar og auðvitað matsölustaður þar sem þau Guðbjörg Elín Heiðarsdóttir og Björgvin Einarsson standa vaktina.

„Dyrnar opnuðust hérna seint í sumar, þannig að margir hafa notið góðs af síðustu vikur,“ segja þau og benda á að hér geti fólk á ferðinni áð, fengið sér kaffisopa og með því áður en haldið er lengra. Aðspurð segja þau bollann réttum megin við fimmhundraðkallinn og ljómandi góðan.

Stefnt er að því að hafa opið öðrum megin í húsinu allan sólarhringinn svo atvinnubílstjórar eða aðrir ferðalangar geti rétt úr sér, nýtt sér salerni og fengið sér hressingu. Sjálfsafgreiðsla verður í boði síðla nætur, hægt verður að fá sér ýmis drykkjarföng og meðlæti en þeir sem sjái fyrir sér að vera með ólæti ættu að hugsa sig tvisvar um því bæði öryggismyndavélar og hitaskynjarar séu á staðnum.

Upplýsingaskjái er að finna í húsinu með íslensku fræðsluefni, salerni af bestu gerð, m.a. útbúin með leiðbeiningum fyrir blinda í talmáli og blindraletri. Einnig geta eigendur rafbíla prísað sig sæla því fyrir utan bygginguna má finna rafhleðslustöðvar.

Fram kemur í upplýsingum frá fyrirtækinu að stefnt sé að því að bjóða framleiðendum og handverksfólki í nágrenninu að selja og eða kynna vörur sínar en þá munu ekki vera í samkeppni við rótgróna þjónustuaðila. „Við viljum samvinnu fremur en samkeppni.“



Það er hátt til lofts og nægt rými til athafna. Bak við vegginn má finna sjálfsala með ýmiss konar hressingu.

Vefsíða þeirra sýnir m.a. kort þar sem áætlaðar hafa verið staðsetningar svipaðra móttökustöðva sem efla eiga þjónustu nærumhverfis og ferðafólks með verndun náttúruauðlinda í fyrirrúmi.

Guðbjörg og Björgvin eru ánægð með þessa þróun og segja ferðamannastrauminn jafnan og þéttan, bæði íslenskan og erlendan. Nokkuð sé um að fólk á leið til Vestmannaeyja staldri við og fái sér hressingu áður en lagt er úr Landeyjahöfn, enda ekki úr vegi að heimsækja þennan afbragðs áningarstað. /sp















Vélabásinn:

# Sparneytinn sjö manna jepplingur

## – Prufuakstur á Kia Sorento



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is




Kia er á algjöru flugi þegar kemur að hönnun. Þessi bíll er í grunninn sá sami og hefur verið á markaði í nokkur ár, en virðist vera splunkunýr ef horft er á hann að framan.
Myndir / ál

**Bændablaðið fékk til prufu Kia Sorento Plug-in Hybrid. Hér er á ferðinni stór sjö manna jeppi sem hefur nýlega farið í gegnum ærlega andlitslyftingu.**

Að framan er Sorento mjög ferskur og hélt undirritaður fyrst að um splunkunýjan bíl væri að ræða. Um leið og horft er á ökutækið frá hlið sést að þetta er í grunninn sami bíll og hefur verið á markaði í nokkur ár. Kia er á algjöru flugi þegar kemur að hönnun og hefur þeim tekist að gera smekklegan bíl enn betri. Jepplingurinn er kraftalegur á að líta þó svo að þetta sé enginn fjallajeppi.

Framljósin eru lárétt ljósrönd og kemur ein rönd niður í vinkil fyrir miðju. Þar liggja fjórir led-ferningar samsíða. Grillið er með sama grunnformi og á öllum Kia-bílum undanfarinn áratug en afar stórt að þessu sinni. Afturendinn er keimlíkur Sorento síðan fyrir andlitslyftingu, en Kia hefur hresst aðeins upp á afturljósin.

### *Hefðbundin innrétting*

Innréttingin er öll mjög nútímaleg á að líta en útfærslan er mjög hefðbundin. Það er greinilegt að dýrustu efnin hafa ekki verið notuð, en allt lítur þetta vel út og er ágætlega þægilegt í viðkomu. Hér eru alls konar takkar á víð og dreif og er gírinn valinn með snúningsrofa á miðjustokknum. Þar fyrir aftan eru hnappar til að velja akstursstillingar sem eru allt frá því að vera sérhæfðar fyrir sparakstur yfir í að bjóða upp á betri torfærueiginleika. Enn aftar á miðjustokknum eru takkar fyrir meðal annars hita í stýrinu, handbremsu og til að virkja 360 gráðu myndavélarnar.

Fremst í miðjustokknum er bakki til að leggja farsíma í þráðlausa hleðslu. Þar fyrir aftan eru tveir glasahaldarar og undir armpúðanum er lokað hólf. Hanskahólfið er rúmgott og fóðrað að innan. Hurðavasarnir eru prýðilegir.

Stýrið er með ágætis áklæði en undirritaður var ekki alveg sáttur við skarpar brúnir sem eru á plastinu sem notað er í neðstu pílárana. Í efri rimlunum eru sömu takkar og eru í flestum Kia og Hyundai-bílum. Vinstra megin er hægt að stjórna margmiðlun og síma, á meðan að hægra megin er átt við hraðastilli og akstursaðstoð. „Mute“ hnappurinn er í miklu uppáhaldi, en með því að halda honum inni í nokkrar sekúndur slokknar á viðvörunarhljóðinu sem heyrist annars í þegar ekið er yfir hámarkshraða.

Fyrir framan ökumanninn er stór skjár með öllum helstu upplýsingum um aksturinn. Þar við hliðina er snertiskjár af sömu stærð. Stýrikerfið í honum er ágætlega einfalt og er stutt af flýtihnöppum sem eru ögn neðar í innréttingunni. Til að komast að miðstöðinni þarf að breyta áðurnefndum flýtihnöppum en þetta tiltekna svæði er samnýtt til tveggja hluta. Eina stundina er annar snúningshnappurinn til þess að hækka í útvarpinu og hina stundina til að auka hitann.

### *Pláss fyrir sjö*

Framsætin eru rafdrifin í þessari útfærslu, ásamt því að vera rúmgóð og nokkuð þægileg eins og er að vænta af stórum jepplingi.



Breytingarnar að aftan eru minni.



Innréttingin er nútímaleg og vel útfærð.



Öftustu sætin eru nothæf en þröng fyrir fullorðna.



Skottið rúmar mikinn farangur.

Þrír fullorðnir komast fyrir í aftursætunum með sóma og fá tveir farþeganna hita í sætin rétt eins og þeir sem sitja fremst. Í afturrúðunum er innbyggt sólskyggni sem fellur eflaust vel í kramið hjá barnafjölskyldum. Aftursætisfarþegarnir fá glasahaldara í hurðaspjöldunum, flöskugeymslu í hurðavösunum og tvo glasahaldara í viðbót í armhvílunni.

Í þriðju sætaröðinni er nóg pláss fyrir tvo fullorðna einstaklinga í skamma stund, að því gefnu að önnur sætaröðin hefur verið færð aðeins fram á þar til gerðum sleða. Sætin eru það lág að hnén eru lengst uppi og höfuðplássið nokkuð takmarkað. Til að komast aftast þarf smápríl og því réttast að hugsa um þriðju sætaröð sem viðbót.

Skottið er risastórt ef þriðja sætaröðin hefur verið felld niður í gólfið. Þá er hægt að leggja aðra sætaröðina niður með hnöppum við skotthlerann sem gerir geymsluplássið eins og í sendibíl.

### *Gott grip og mjúk fjöðrun*

Til að ræsa bílinn er ýtt á hnappa, rétt eins og í hefðbundnum dísil- eða bensínbílum. Fjöðrunin er ágætlega mjúk og nær bíllinn góðu gripi með fjórhjóladrifinu. Felgurnar eru ekki óhóflega stórar, sem þýðir mýkri fjöðrun og betri hljóðvist. Þessi bíll stendur sig vel í ferðalögum innanbæjar, í langferðum og á grófum malarvegum.

Akstursaðstoðin í þessum bíl er greinilega af eldri kynslóð en til að mynda í Kia EV9 eða Hyundai Ioniq 6. Þó svo að kveikt sé á akreinaaðstoðinni er ekki hægt að láta bílnum eftir stjórnina, því þá fer hann að slaga á milli hvítu línanna. Því ætti helst að hugsa um þetta kerfi sem eitthvað sem grípur inn í frekar en eitthvað sem léttir verulega á akstrinum. Skynvæddi hraðastillirinn virkar hins vegar svo gott sem fumlaust og er notadrjúgur í mikilli umferð.

### *Að lokum*

Eins og áður segir er þetta tengiltvinnbíll sem blandar saman 1,6 lítra bensínvél og rafmótor. Saman gefa þessi tvö kerfi 248 hestöfl og á bíllinn að geta keyrt allt að 57 kílómetra á rafhlöðunni. Þetta er hentugt farartæki fyrir þá sem hafa aðgang að hleðslu ýmist heima eða á vinnustað, því hámarkshleðslugetan er 3,3 kílóvött og tekur þrjá tíma og 25 mínútur að fylla tóma rafhlöðu.

Með straumi á batteríinu er hægt að halda bensíneyðslunni mjög í skefjum, en meðaleyðslan stígur ansi hratt þegar rafhlaðan tæmist. Bensínvélin fer í gang í flestum ökuferðum, en hún er notuð til að framkvæma hita fyrir miðstöðina.

Ökumaðurinn verður ekki var við nein þyngsli frá rafhlöðunni, en þyngdarmunurinn á dísilbílnum og tvinnbílnum eru ekki nema rúm hundrað kílógrömm. Tengiltvinnbíllinn getur dregið allt að 1.010 kílógrömm, á meðan dísilbíllinn ræður við 2.500 kíló.

Ef litið er til alls þess búnaðar sem er í bílnum, hversu vel allt er útfært og hve áreiðanlegir allir bílar frá þessum framleiðanda eru, má segja að Kia Sorento sé á góðu verði. Nýir fjórhjóladrifnir sjö sæta tengiltvinnjepplingar liggja ekki á hverju strái, nema talsvert dýrari.

Helstu mál Sorento eru í millimetrum: Lengd, 4.815; breidd 1.900; hæð 1.700. Sjö manna Kia Sorento Plug-in Hybrid kostar frá 9.790.777 krónum með vsk. í Style útfærslu. Bíllinn í þessum prufuakstri var af Luxury útgáfunni, en þeir bílar kosta 10.490.777 krónur með vsk. Hægt er að fá Premium útfærslu sem kostar einni milljón meira. Nánari upplýsingar fást hjá Öskju, sem er með umboð fyrir Kia á Íslandi.



Hluti nautgripanna fær að vera úti allan ársins hring. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Leigja jörð og rekstur

**Nú kynnast lesendur búskapnum á Flugumýri í Blönduhlíð í Skagafirði og geta í kjölfarið fylgst með fjölskyldunni á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.**

Harpa Ósk Jóhannesdóttir og Helgi Fannar Gestsson tóku jörðina Flugumýri og búrekstur þar á leigu þann 1. ágúst 2023 og stefna að því að vera þar í þrjú ár til viðbótar. Þau eru bæði uppalin í landbúnaði. Harpa Ósk er fædd og uppalin á Herjólfsstöðum í Álftaveri þar sem stundaður er blandaður búskapur með sauðfé, kýr og hross. Helgi Fannar kemur frá Höskuldsstöðum í Blönduhlíð þar sem rekið er sauðfjárbú og tamningarstöð.


Fjölskyldan á góðri stundu.

**Hvenær hófu ábúendur búskap og hvers vegna?** 1. ágúst 2023. Okkur dreymdi um að spreyta okkur í búskap og ala börnin okkar upp í sveit.

**Býli, gerð bús, staðsetning og stærð jarðar?** Kúabú í mjólkurframleiðslu á Flugumýri í Blönduhlíð í Skagafirði. Árið 2021 var skipt út tveimur A2 Lely mjaltaþjónum og í staðinn komu tveir A5 Lely mjaltaþjónar. Kýrnar eru fóðraðar í Weeling 2x15. Uppeldisaðstaðan í fjósinu ber ekki nema um 30 gripi svo við erum með gripi úti allt árið um kring (á bilinu 30–40 stk).

Þeir hafa hálmskýli til að liggja í og eru fóðraðir í rúllugrind. Flugumýri á 79 ha af ræktuðu landi en leigir tún til nytja á þrem jörðum sem eru samtals um 32 ha. Úthagi er mikill og skiptur niður í 13 misstór hólf, þrjú af þeim 25 ha eða stærri.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Helgi Fannar Gestsson, búfræðingur og vélvirki, og Harpa Ósk Jóhannesdóttir, dýralæknir og doktorsnemi við LbhÍ. Börnin okkar eru tvö, þau Ægir Freyr, 5 ára, og Hugrún Ída, 9 mánaða. Að auki eigum við tvo Border Collie hunda, þau Ringó og Kötlu.

**Fjöldi búfjár?** Á Flugumýri eru 84 árskýr, 70 kvígur á öllum aldri og 5 nautkálfar. Að auki eigum við nokkur hross okkur til ánægju og matar (fjöldi hrossa er aldrei gefinn í Skagafirði).

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Vegna þess að okkur bauðst tækifæri til þess að taka reksturinn á leigu svo við ákváðum að slá til. Við vildum sjá hvort þetta væri eitthvað sem okkur myndi hugnast til framtíðar, svona áður en við færum að leita okkur að kúajörð til kaups af einhverri alvöru.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Engir dagar eru alveg eins en allir eiga þeir það sameiginlegt að hefjast og enda á mjöltum og eftirliti gripa.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Leiðinlegast er þegar skítaróbótinn stoppar eða þegar aflífa þarf veika eða slasaða gripi. Skemmtilegast er að hleypa gripum út í góðu veðri og fóðrun gripa.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Að fá að vinna saman að því sem við höfum bæði brennandi áhuga fyrir og sjá árangur þeirrar vinnu. Einnig eru forréttindi að fylgjast með börnunum okkar blómstra í kringum náttúru og dýr.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Að framleiða sem mesta mjólk á sem ódýrastan máta. Þar spila góð hey stóran þátt og þar með einnig áburðargjöf, tíðarfar, verkun og geymsla.

Nú í sumar tókum við af skarið og fórum í stæðuverkun í fyrsta skipti, það var mikið stress og áskorun en einnig mjög gaman.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Uppeldishús fyrir ungviði væri fjárfesting sem til lengri tíma myndi margborga sig. Eins má lengi gera betur í að auka afurðir eftir hvern grip.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Það er í sjálfu sér ómögulegt að segja en við erum bjartsýn. Það er margt spennandi í kortunum með tilkomu aukinna rannsókna og tækniframfara. Þó þarf að gæta sérstaklega að innflutningi matvæla og stjórnvöld þurfa að styðja vel við íslenska bændur.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Ætli það standi ekki upp úr þegar Helgi ákvað í morgunmjöltunum þann 20. janúar sl. að nú væri rétti tíminn til þess að skúra mjólkurhúsgólfið. Á meðan beið Harpa þess að komast á fæðingardeildina á Akureyri og var orðið óþarflega stutt á milli hríða þegar Helgi loksins skilaði sér inn úr morgunverkunum. Allt blessaðist þetta þó – sú stutta tolldi í móðurkviði á leiðinni á Akureyri og kom svo heim til að sjá mjólkurhúsgólfið nýskúrað.



Systkinin Hugrún Ída og Ægir Freyr njóta sín vel með dýrunum.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is




Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is




**MF 6S 135-200 HP**
EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

**ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ**
Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

**EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD**
Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

**STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA**
Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla

MASSEY FERGUSON
BÚVÉLAR
Gagnheiði 35,
Selfossi
Sími 4800080
www.buvelar.is

Matarkrókurinn:

# Grunnsósur fyrir sósuþjóð



**Hafliði Halldórsson**
haflidi@icelandiclamb.is

**Mér er nokk sama hvort tölfræðin er opinberlega skráð, allir kokkar landsins vita að engin þjóð hefur jafnmikið dálæti á sósum og við Íslendingar, höfðatöluheimsmeistarar í sósuáti.**

Sósumagnið sem þarf til að seðja hóp íslenskra matargesta er a.m.k. tvöfalt í samanburði við gesti af öðrum þjóðernum, og þá er nú kannski eins gott að sósan sé góð og vel gerð. Stuttar leiðbeiningar um sósugerð geta hjálpað þeim sem vilja vanda til verka, nördast jafnvel örlítið og sigra keppnina um besta matarboðið í vinahópnum.

Ríflega 120 ára skilgreining franska matreiðslumeistarans August Escoffier á grunnsósum, sem síðan greinast áfram niður í undirflokka, kallast „The 5 Mother Sauces“ á ensku og eru lykilatriði í skilningi á franskri matreiðslu sem megnið af okkar aðferðum eru byggðar á. Við erum hér að tala um sósur eins og Béchamelsósu og Hollandaise-sósu. Sumt á listanum þykir ögn gamaldags og er minna notað á veitingahúsum, eða ákveðnum hráefnum jafnvel sleppt á 21. öldinni. Við vitum auðvitað af sósum og aðferðum úr öðrum heimshornum sem falla ekki inn í þessa skilgreiningu, að ég tali nú ekki um blessað majonesið sem er stundum kölluð sjötta grunnsósan, kíkjum kannski á það seinna?

### *Hugtök við sósugerð:*

Soð: Gert með því að sjóða bein, grænmeti og krydd. Getur verið ljóst eða dökkt eftir því hvort hráefnin voru brúnuð áður en vatni er bætt við og soðið varlega. Dæmi; fisksoð, grænmetissoð, kjúklingasoð og nautasoð. Sum soð þurfa stutta suðu, en gott nautasoð þarf að lágmarki 6 klst. suðu og er oft soðið í 12–15 klst. Tilbúið soð í fernum og glerkrukkum fæst í sumum verslunum. Varist eftirlíkingar, innihaldslýsing á alvöru soði er örstutt: bein, grænmeti og kryddjurtir.

Ljós smjörbolla: Fita sem er yfirleitt smjör og hveiti í jöfnum hlutföllum, smjörið brætt í potti, hveiti hrært saman við og hrært áfram yfir lágum hita í 2 mínútur.

Dökk smjörbolla: Fita sem er yfirleitt smjör og hveiti í jöfnum hlutföllum, smjörið brætt í potti, hveiti hrært saman við og hrært áfram yfir lágum hita í 5 mínútur eða þar til verður fallega brúnt og hnetulykt myndast.

### *Fimm grunnsósur franska eldhússins:*

- Béchamel-sósa. Hvít sósa úr mjólk sem er þykkt með ljósri smjörbollu.
- Brún sósa/ spænsk sósa/Espagnole sauce. Brún sósa gerð úr dökku soði og dökkri smjörbollu.
- Tómatsósa. Maukaðir tómatar og grænmeti þykkt með ljósri smjörbollu.
- Velouté-sósa. Gerð úr ljósu soði og þykkt með ljósri smjörbollu.
- Hollandaise-sósa. Brætt smjör, eggjarauður og sítrónusafi eða edik.

### *Béchamel-sósa*

Einfalt að gera og grunnurinn fyrir margar aðrar klassískar sósur, t.d. rjómasósu og Mornay-sósu þar sem við bætist rifinn bragðmikill ostur, og sem grunnur í þykkar sósur, pottrétti og súpur. Bechamel er grunnurinn í hvítu sósunni í lasagna sem og í þekktu pastasósunni Alfredo. Við notum hana með hangikjöti og flestir þekkja hana þar sem uppstúf eða jafning.



**Hollandaise-sósa.** Mynd / Hafliði

### *Brún sósa, spænsk sósa „Espagnole“*

Grunnsósa fyrir dökkar kjötsósur. Dökkt nautasoð er þykkt með dökkri smjörbollu. Grunnsósan er síðan notuð til að búa til dökkar, bragðmiklar sósur með viðbættum hráefnum eins og Demi glace, piparsósu, dökka sveppasósu o.fl. Flest nútímaveitingahús sleppa þessu skrefi og nota frekar mikið niðursoðið nautasoð. Við að sjóða soðið um 80% niður í ummáli magnast upp bragðið og sósan þykkist náttúrulega vegna kollagens sem skilar sér í soðið frá beinunum. Með þessu er hægt að sleppa hveitinu til að þykkja sósuna, en vaxandi fjöldi kýs að sneiða hjá því vegna glúteinsins.

### *Tómatsósa*

Inniheldur tómata, lauk, gulrætur, svínafitu og kjötsoð sem er þykkt með smjörbollu og soðin í 1–2 klst. Í dag sleppa flestir svínafitunni og smjörbollu og útfærslurnar eru fjölmargar. Lykilatriði við góða tómatsósu er að sjóða hana rólega í nógu langan tíma til að hún þykkni og um leið fái dýpt og sætu í bragði sem fæst ekki við stutta suðu. Grunnsósuna má svo útfæra með viðbótum í ítalska, spænska og portúgalska rétti svo eitthvað sé nefnt.

### *Velouté-sósa*

Ég hvet lesendur til að læra að gera þessa sósu. Ljóst soð er þykkt með ljósri smjörbollu. Soðið getur verið fiskisoð, grænmetissoð, kjúklinga eða kálfasoð, allt eftir því hvað stendur til. Grunnsósuna má svo nota í fjöldann allan af afleiddum sósum og súpum, t.d. hvítvínssósu þar sem við bætist hvítvín, rjómi og sítrónusafi og Supreme-sósu sem er gerð úr kjúklinga Velouté, rjóma og sítrónusafa.

### *Hollandaise-sósa*

Grunnurinn fyrir aðrar smjörsósur, þar sem eggjarauður eru pískaðar og hitaðar upp rólega við lágan hita og bræddu smjöri blandað saman við ásamt sítrónusafa eða ediki. Til að ná tökum á sósunni þarf þokkalega athygli, örlitla æfingu og þolinmæði. Þeir sem kunna að gera Hollandaise geta þá líka gert Bérnaise-sósu sem er vægast sagt frekar vinsæl hér á landi. Hollandaise passar vel með eggjaréttum, fiski, kjöti og grænmeti. Afleiddar sósur eru t.d. Choron þar sem tómatmauki er bætt við, Mousseline þar sem þeyttum rjóma er bætt við í lokin og síðast en ekki síst áðurnefnd Bérnaise sem passar vel með steikum. Íslendingar eru sennilega þeir einu sem borða lambasteikur með Bérnaise sem ég get vel unað við.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

## HUGARÍÞRÓTTIR

# Bryndís og Rosemary

**Kunnar briddskempur, Bryndís Þorsteinsdóttir og Rosemary Shaw, eru Íslandsmeistarar kvenna í tvímenningi árið 2024.**


Björn Þorláksson.

Þær stöllur skoruðu 56,7 prósent og voru meira en einu og hálfu prósenti hærri en konurnar sem lönduðu öðru sæti, þær Inda Hrönn Björnsdóttir og Anna Heiða Baldursdóttir. Í þriðja sæti urðu Þorgerður Jónsdóttir og Guðný Guðjónsdóttir.

Mótið fór fram í Síðumúlanum, húsnæði Bridgesambands Íslands, en alls tóku 13 pör þátt. Í spili 75, undir lok mótsins, sást að sumar valkyrjurnar slógu ekki af í sagnhörkunni eins og vera ber. Svo mikil var löngunin til að vinna slemmu í spilinu sem hér fer á eftir að þrjú pör melduðu sex hjörtu!

Þar sem tveir ásar eru úti og ekki eyða í nokkrum lit segir sig sjálft að sú sem spilar slemmu er dæmd til að gefa út töluna í dálk andstæðinganna, eða hvað?

Samt er málið ekki alveg einfalt. Ef vörnin spilar til dæmis hlutlaus út trompi getur sagnhafi í suðri kastað tveimur laufum í blindum niður í tígul, tekið trompsvíningu og unnið sitt spil.




Eitt par sem meldaði 6 hjörtu fór niður á henni eftir að vörnin hafði vit á að nýta ásana tvo í upphafi leiks. Sem getur verið mjög góð hugmynd þegar varist er gegn sumum slemmum! En ekki öllum slemmum. Stundum er óvarlegt að flagga ás í útspilni og sú er ein ástæða þess að brids er dularfullt og skemmtilegt spil. Ólíkar stöður, ólíkar sagnir og ólíkar hendur kalla á ólíkar aðgerðir – hverju sinni – en þó skyldi hver og ein aðgerð að nokkru leyti mótast af rökvísi hverju sinni. Í samræmi við mismunandi upplýsingar og oftar en ekki eru sagnirnar helsti lykillinn að vel heppnuðu útspili.


Bryndís Þorsteinsdóttir og Rosemary Shaw, Íslandsmeistarar kvenna í tvímenningi árið 2024.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

# Kýrbyrjunin eða Cow opening

**Í skák eru til mjög margar byrjanir, sem í gegnum tíðina hafa fengið ýmis nöfn. Byrjanir eru oft nefndar í höfuðið á þeim sem fann upp á þeim fyrst og/eða hvers lenskir þeir voru.**


Hermann Aðalsteinsson.

Sama gildir um varnir gegn þeim fyrir svartan. Flestir hafa heyrt um Spænska leikinn, Ítalska leikinn eða Skotann. Sikileyjarvörn er líklega þekktust fyrir svartan gegn e4 byrjunum, sem er langalgengasti fyrsti leikur hvíts. Of langt mál væri að telja upp fleiri. En með tilkomu netstreymis og alls konar vídeórásum hafa ýmsir skákmenn farið að prófa ýmislegt nýtt til að koma andstæðingum sínum á óvart og setja síðan inn vídeó t.d. á Youtube. Það þarf stundum miklar „stúderingar" til að finna réttu leikina gegn einhverju nýju og framandi. Mjög margar af þessum skrýtnu byrjunum ná ekki fótfestu þar sem oft reynist auðvelt að verjast þeim. Bongcloud-byrjunin er dæmi um slíka byrjun.

Fyrir u.þ.b. ári síðan fann sænska skákkonan Anna Cramling, sem er dóttir Piu Cramling sem er sænskur stórmeistari, upp á nýrri byrjun sem er eins (speglun) bæði fyrir hvítan og svartan, sem hún kallar kýrbyrjunina, eða cow opening. Hvítur missir reyndar frumkvæðið í þessari byrjun þar sem það þarf að færa báða riddarana tvisvar strax í upphafi, en stundum getur það skilað sér vegna þess að andstæðingurinn veit ekki hvaða plön maður er með.

Ég hef sjálfur aldrei teflt hana en er vís til með að prófa hana á einhverju skákmóti til að koma andstæðingnum á óvart, eyða tíma fyrir hann og vonandi knýja fram sigur, þar sem fæstir hafa séð þessa byrjun og vita ekkert hvernig á að bregðast við. Hér fyrir ofan má sjá upphafsstöðu Kýrbyrjunarinnar.


Upphafsstaðan í Kýrbyrjun.

*Fyrstu leikirnir eru þeir sömu fyrir hvítan og svartan, e3 eða e6 fyrir svartan. Upphafsstaðan í Kýrbyrjuninni, sem næst fram í 6 leikjum, er eins og á skýringarmyndinni. Venjulega eru e og d peðin einum reit framar og riddararnir á f3 og c3. Á móti stigalægri skákmönnum getur svona byrjun gefið vel.*

Framhaldið ræðst af því hverju svartur leikur næst, eða eftir atvikum hvítur, þar sem frá þessari stöðu hefur ekki verið fundin upp enn þá, mér vitanlega, góður „varíantur" fyrir framhaldið fyrir hvítan né heldur svartan. Ómögulegt er að segja til um hvort Kýrbyrjunin muni ná vinsældum. Það verður tíminn að leiða í ljós.


Sænska skákkonan Anna Cramling sem fann upp á Kýrbyrjuninni. Mynd / Wikipedia

Þeir sem vilja vita meira um Kýrbyrjunina geta farið inn á Youtube og slegið inn „cow opening Anna Cramling" í leitarboxið og horft á. Þar fást skýringar á nafngiftinni og ég get lofað ykkur að það er gaman að horfa á það og prófa síðan að tefla þessa byrjun bæði með hvítu og svörtu. Áhugasamir ættu að prófa að tefla Kýrbyrjunina á netinu og sjá hvað gerist.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



Erfinginn:

# Hrafntinna afmælisbarn

**Nafn:** Hrafntinna Ögmundsdóttir.

**Aldur:** Á fimm ára afmæli í dag!

**Stjörnumerki:** Bogmaður.

**Búseta:** Bý á Kársnesi í Kópavogi.

**Skemmtilegast í leikskólanum:** Að leika við Maríkó og Berglindi á ærslabelgnum þegar við erum í göngutúr.

**Áhugamál:** Leika mér í Lego heima.

**Tómstundaiðkun:** Æfi fimleika og er kannski að byrja í handbolta.



**Uppáhaldsdýr:** Páfagaukar, einhyrningar og hundar.

**Uppáhaldslag:** Krumla.

**Uppáhaldslitur:** Bleikur og grænn.

**Uppáhaldsmynd:** Minions (Aulinn ég).

**Fyrsta minning:** Sá fugl og sagði „bíbí borðar ber".

**Skemmtilegasta sem ég hef gert:** Leika við vini mína, æfa fimleika og fara í dótavélina í ísbúðinni.

**Hvað viltu verða þegar þú verður stór?:** Strætóbílstjóri og ísbúðarkona.

**Viltu taka þátt ? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 6 | | 3 | 4 | |
| 4 | | | 1 | 7 | | | 5 | |
| 9 | | 2 | | 3 | | 7 | | 6 |
| | 9 | 8 | | 2 | 1 | | | |
| | 6 | | 4 | | 3 | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | | 6 | 3 |
| | 1 | 9 | | | 2 | 6 | 3 | 4 |
| 2 | 4 | | | 1 | 6 | | | |
| | | | | | 8 | 9 | 2 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | | 5 | |
| | | 9 | 3 | | 7 | 8 | | |
| | 2 | | | | | | | 6 |
| | | | | | | | 9 | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 2 | 3 | | | 4 | | | | |
| | | 1 | | 3 | 9 | | 4 | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| 4 | | | | | | | 2 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 7 | 9 |
| | | | 6 | | 8 | | | |
| 8 | 4 | 5 | | | | | | 3 |
| | | | | 2 | | | | 5 |
| 2 | | | | 4 | | | 3 | |
| | | 7 | 8 | | 1 | 2 | | |
| | 5 | 6 | 4 | | | | | |
| 7 | | 8 | | | | 9 | | |
| | 1 | | | | 7 | | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | | 9 | 6 |
| | 5 | | | | 6 | | | 4 |
| | | | | | | | | |
| | 3 | 5 | | 2 | | 6 | | |
| | | | 8 | | | | | |
| 2 | | 8 | | 1 | 4 | | | |
| | 2 | | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | 9 | | | |
| | | 9 | | | | | 7 | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** Jákvæð breyting verður í vinnumálum vatnsberans sem gefur honum rýmri tíma fyrir sína nánustu. Vatnsberar ættu að ganga í að lagfæra þau sambönd sem hafa verið slæm, bæði persónuleg og annars lags, en ást og vinátta verða ríkjandi næstu dagana. Happatölur 6, 11, 51.

**Fiskurinn** Þetta tímabil býður upp á tækifæri fyrir fiskinn til að kynnast nýjum hliðum á sjálfum sér. Athuga skal að sú vegferð helst í hendur við hversu mörgum markmiðum er náð. Persónulega lífið er spennandi og náin samskipti geta orðið enn nánari. Sjálfsrækt og hugleiðsla er mikilvæg. Happatölur 7, 26, 18.

**Hrúturinn** þarf að taka í hnappadrambið á sjálfum sér varðandi ýmis málefni. Lífið heldur annars áfram sínum hamstrahjólsgangi. Einhverjum hrútum þykir þeir þó ekkert þurfa að laga hjá sér, en þar kemur oflæti við sögu og vísast að stíga niður úr hásætinu og athuga samskipti við sína nánustu. Happatölur 6, 13, 19.

**Nautið** hefur staðið í því að reyna að ganga frá ýmsum lausum endum – á handahlaupum. Þreytudrungi hefur plagað það og gott væri að komast í óvænt frí þar sem truflun er lítil sem engin. Lítið er að gerast í tilfinningamálunum og best að njóta þess á meðan er, enda ekki eitthvað sem nautið nennir að eyða orku í núna. Happatölur 12, 4, 88.

**Tvíburinn** þarf að nýta sér persónutöfrana í félagslegum samskiptum en þar er hann á heimavelli. Einhver mál þarf að leysa og best að einfalda hlutina eins mikið og unnt er. Skýr sýn, blað og penni í bland við yfirvegun eru hjálpargögnin hérna, en tvíburinn á það til að fara út um víðan völl. Happatölur 7, 31, 63.

**Krabbinn** á það til að vera hræddur við skuldbindingu en nú fær hann tækifæri til þess að opna hjarta sitt og deila innstu tilfinningunum. Traust er nauðsynlegur þáttur í lífinu og þarf krabbinn að æfa sig í að leyfa öðrum að standa við sitt án afskipta hans sjálfs. Happatölur 44, 15, 20.

**Ljónið** þarf að athuga málin þegar kemur að fjárhagnum en hann er ekki óvanur því að finna nýjar og skapandi leiðir til tekjuöflunar. Það hefur hæfileikana til slíks flæðis enda mörg ljón sem standa á sviði sér til framdráttar. Ljónið þarf að trúa einlæglega á sjálft sig og peningarnir munu flæða inn. Happatölur 3, 9, 22.

**Meyjan** Tafir í vinnumálum og verkefnum sem að meyjunni standa eru óumflýjanlegar, en úr þeim mun greiðast á áhugaverðan hátt. Ný persóna kemur inn í líf meyjunnar sem mun hafa mikil áhrif á hennar fastheldna líf og hrista upp í hlutunum – eitthvað til góðs og annað miður gott. Happatölur 43, 9, 33.

**Vogin** þarf að skipuleggja sig, en henni hættir til að hlaupa úr einu í annað og finnast hún vera að missa af öllu mögulegu þó ekki sé raunin. Vogin þarf enn og aftur að hvíla sig enda er að hagræða hlutunum þannig að aðrir geti hlaupið svolítið um líka – og gera það með glöðu geði. Happatölur 3, 11, 87.

**Sporðdrekinn** Nú eru stjörnurnar afar hliðhollar málum tilfinninga, en tunglið er að klára göngu sína í ljóninu. Þegar heimar ljóns og sporðdreka samtvinnast er það ávísun á ástríður og gæfu. Fimmtudagurinn 24. október er sérstaklega öflugur og fram að 1. nóvember en þá hefst nýtt tungl. Happatölur 5, 55,46.

**Bogmaðurinn** nálgast endalok breytinga sem gefur honum tækifæri til að enduruppgötva sjálfan sig. Hann er lúinn eftir langt stríð en má vera stoltur af því að hafa ekki gefist upp. Í dag ætti hann að þiggja óhræddur alla þá hjálp sem honum býðst og halda þannig sem fyrst á þá braut sem honum er ætluð. Happatölur 4, 18, 67.

**Steingeitin** ætti að njóta góða veðursins, horfa á fegurðina í kringum sig og njóta þess að vera til. Æfa sig í æðruleysisbæninni og tileinka sér það að fullnustu að einu manneskjunni sem hægt er að breyta er hún sjálf. Steingeitin vinnur í happdrætti sér að óvörum og ætti að deila vinningnum með ástvinum sínum. Happatölur 21, 11, 15.



**Auðnutittlingur er lítill og fíngerður fugl af finkuætt. Hann er langalgengasta finkan sem verpur hér á landi. Auðnutittlingar eru fræætur og hefur fjölgað hér með aukinni skógrækt. Þeir eru afar félagslyndir, geta verið algengir gestir þar sem fuglum er gefið og geta hóparnir orðið nokkuð stórir. Þeir hænast auðveldlega að fólki þar sem þeim er gefið og geta jafnvel byggt upp svo mikið traust að þeir borði úr lófanum á fólki. Það hefur verið vinsælt að gefa þeim sólblómafræ en þeirra helsta fæða sem þeir sækja í eru birkifræ og má segja að þeir byggi tilveru sína hér á birkifræi. Það geta því verið nokkuð öfgakenndar sveiflur í stofninum eftir því hvernig árferði hefur verið fyrir þroska birkifræja. Auðnutittlingurinn er staðfugl og finnst svo að segja um allt land þar sem er skógrækt.** Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Lopi leiðtoganna

**Íslenska ullin hefur lengi verið aðaluppistaðan í klæðnaði hérlendis og staðið af sér bæði veður og önnur harðindi.**

Fyrst fór fólk höndum um vefstólana og óf sér klæði, en talið er að um miðja sautjándu öld hafi prjónakunnátta verið orðin almenn. Sérstaða íslensku ullarinnar er sú að hún er með tvenns konar þræði – ytri kallast tog og þeir innri þel. Ytri þræðirnir eru langir og harðgerir á meðan þeir innri eru fíngerðir, mjúkir og einangrandi. Önnur sérstæða ullarinnar okkar er að hægt er að prjóna úr óspunninni ull eða lopastrengjum, þá tvö-, þre- eða fjórföldum, en farið var að reyna slíkt hérlendis í kringum 1920. Þelið og togið var nefnilega ekki hægt að aðskilja með vélum og því blandað saman, en þannig varð til sá lopi sem við þekkjum í dag.





**Lopapeysa, hönnuð í tilefni fundar þeirra Reagans og Gorbachev.**

### *Upphaf ullarframleiðslu*

Ullarframleiðslan Álafoss, fyrsta vélknúna klæðisverksmiðjan hérlendis, er vel kunn bæði innan og utan landsteinanna.

Björn Þorláksson, bóndi á Varmá, við fossinn Álafoss – sem er stundum nefndur Tungufoss – stofnaði verksmiðjuna um aldamótin 1900. Klæðaverksmiðjurnar Iðunn og Gefjun bættust svo í hópinn en allar ófu þær og kembdu ull, spunnu og þess háttar fyrir þá sem þurftu. Árið 1919, eftir kaup Sigurjóns Péturssonar á Álafossi, hófst ullarvinnsla hérlendis í stórum stíl eins og kemur fram í rannsóknarskýrslu Ásdísar Jóelsdóttur lektors um uppruna, hönnun og þróun íslensku lopapeysunnar.

Þar segir einnig að: *„Vinsældir tvíbanda- og útprjónaðra peysa til útivistar með fallegum stílhreinum munstrum og litasamsetningum í sauðalitunum jukust til muna á sjötta og sjöunda áratugnum og vöruheitið „Íslensk lopapeysa“ varð til fyrir tilstuðlan ferðamanna sem hingað komu ...“*

Munstraða lopapeysan sem við þekkjum í dag kom nefnilega ekki fram á sjónarsviðið fyrr en þarna á sjötta áratugnum. Minjagripaverslanir voru þá þegar farnar að skjóta upp kollinum og í auglýsingu frá Álafoss í Alþýðublaðinu árið 1969 eru „húsmæður“ hvattar til þess að prjóna lopapeysur og selja minjagripaverslunum eða útflytjendum. Tekið er fram að hespulopa og prjónauppskriftir Álafoss séu þar nauðsyn, sérstaklega fyrir byrjendur. Mörg húsmóðirin tók fram prjónana og reyndi fyrir sér við þennan vinsæla söluvarning enda hespulopinn nýmóðins þarna eins og kom fram í auglýsingu fyrirtækisins.

*„Höfum hafið framleiðslu á nýrri gerð af lopa – hespulopa – tvinnaður, þveginn, mölvarinn og lyktarlaus. Eykur afköstin um helming, slitnar ekki, engin afföll, enginn þvottur...“*



**Skærlitar peysur úr lopa voru það heitasta árið 1988. Auglýsing frá árinu 1967 þegar hespu- lopinn kom á markað.** Myndir / tímarit.is

### *Afskaplega ómóðins*

Munstraður eða ekki, þá þótti þessi alíslenski klæðnaður ekki alltaf sérlega móðins. Árið 1988 birtist þó lífsstílsgrein í DV sem boðaði endurkomu flíkurinnar. Fer greinarhöfundur mikinn og útlistar hversu ósmört þessi þjóðlega gersemi hefur þótt, en þarna, rétt í lok níunda áratugarins, virðist hún vera á hægri uppleið. Helst þóttu sauðalitirnir kauðslegir og segir í fréttinni:

*„Íslensku lopapeysurnar í sauðalitunum hafa af mörgum verið taldar hallærislegar og eingöngu nothæfar í skítverk. Tískusinnaðir Íslendingar hafa ekki látið sjá sig á götum úti í þessum flíkum og ef íslensk lopapeysa var til á heimilinu var hún yfirleitt geymd í kassa niðri í kjallara.“*

Stærsta breytingin þarna á níunda áratugnum var að litadýrð lopapeysanna var í algleymingi. Á meðan dekkri litir voru í forgrunni voru mynstrin í skærum fjólubláum, bleikum og gulum tónum, að minnsta kosti í kventískunni. Karlmenn máttu enn við una að hafa grárri og brúnni tóna í sínum en þó birtust blátóna munstur hér og þar. Nokkuð var um að ullarfyrirtækin hönnuðu dragtir, pils og kápur og segir í frétt DV að: *„Álafoss-Sambandið framleiðir dragtir í dekkri haustlitum, brúnu, ryðrauðu og gráu.“*

Einnig segir greinarhöfundur frá því að þótt Íslendingar telji sauðalitina heldur púkalega séu lopapeysur í sauðalitunum þó enn vinsælastar hjá ferðamönnum.

### *Ekki leiðum að líkjast*

Leiðtogafundur Reagans og Gorbachev árið 1986 hefur mögulega kynt undir fiðringi ferðalanga fyrir lopavörum, en í tilefni fundarins lét Álafoss hanna lopapeysu með andlitum þeirra kappa með orðunum ICELAND 1986 undir. Fengu þeir félagar hvor sína peysuna en að auki voru 500 stykki handprjónuð og hafa sjálfsagt rokið út. Eitthvað býsnaðist fólk yfir verðlaginu, þá í kringum 2.000 krónur sem þótti heldur mikil álagning, en þær kostuðu 900 kr. í heildsölu samkvæmt Þjóðviljanum þetta sama ár. Mögulega eiga einhverjir þessa gæðaflík í fórum sínum og spurning hversu hátt væri hægt að verðmerkja hana í dag.

Íslenskur lopi hefur verið okkur landsmönnum ein helsta stoð frá upphafi, hvort sem er við að koma okkur á framfæri eða halda á okkur hita. Svo er lopafatnaður afar endingargóður og vel hægt að nýta áfram með því að rekja upp það sem einu sinni var föðurland og prjóna úr því húfur. Eða dunda sér við að stagla í sokka yfir sjónvarpsglápi. */sp*

**Jesús sagði:**
„Ég er ljós í heiminn komið svo að enginn, sem á mig trúir, sé áfram í myrkri."
*Jóh. 12.46*
biblian.is

malningoghusavidhald.is
**Málning og húsaviðhald ehf.**
Málarar, múrarar og smiðir geta bætt á sig verkum hvar sem er á landinu.
Spörtlun, málning, múr, smíði, þakskipti, innanhússfrágangur.
Tökum einnig að okkur vinnu hjá byggingaverktökum o.m.fl.

**Hlífðargas fyrir suðu**
Eignarhylki

Argon + 18% $CO_2$ — ARGX18 — fyrir alla almenna suðu
Argon — ARGX — fyrir ryðfrítt og ál



**20L**
Hylki + innihald
Fullt eignarhylki: Kr. **38.710**
Útskipti á eignarhylki: Kr. **21.129**
Ársleiga: Kr. **0**

**50L**
Hylki + innihald
Fullt eignarhylki: Kr. **58.468**
Útskipti á eignarhylki: Kr. **33.065**
Ársleiga: Kr. **0**

**Sendum hvert á land sem er!**
Afgreiðslustöð Landflutninga: Kr. **3.500** per hylki
Heim að dyrum: Kr. **6.500** per hylki

VELDIX
IÐNAÐARGAS
www.veldix.is - veldix@veldix.is
547 5577 - facebook.com/veldix.is
*Öll verð eru án vsk.*

HRÍMLAND
**Tvær nýjar iðnaðarhurðir og fylgihlutir frá Límtré Vírnet til sölu**
Stærð breidd: 3 metrar.
Hæð: 3,5 metrar.
Gerð fleka: K2 IS – stálklæddir með lóréttu mynstri.
Gerð brauta: Iðnaðarhurðabrautir.
Útfærsla: NP-staðalbraut.
Yfirhæð: 450mm.
Þakhalli í gráðum: 0.
Ending gorma: 25.000 opnanir.
Mótoropnari:
Þriggja fasa iðnaðarhurðamótor.
Litur: Utan, grár - innan, hvítur.
Áferð fleka: Hamrað.
**Verð kr. 420.000 m vsk. stk.**
Upplýsingar í larus@hrimland.is

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Leiðtogafundurinn í Höfða í Reykjavík árið 1986 – raunsönn lýsing á atburðarásinni og andrúmsloftinu vafin inn í sendibréfaástarsögu. ÁSTARSAGA fæst á www.ordlist.is og hjá s.asmundsdottir@gmail.com


Til sölu Exelsior harmonikka á kr. 150.000 og Cordovox Rafmagns harmonikka, magnari virkar ekki en harmonikkan er sæmileg. Upplýsingar í s. 855-3280.


Caterpillar 950H, árg. 2006. Notkun 7.430 tímar. Hraðtengi, skófla, plógur og keðjur. Verð kr. 9.400.000 +vsk. Vélaafl ehf. S. 575-2400.


Witzo Challenger, árgangur 2007. Lengd: 14,6 m. Breidd: 3,0 m. + breikkanir. Eigin þyngd: 9.775 kg. Verð kr. 4.500.000 án vsk. Vélaafl ehf. S. 575-2400.


Tesla Model Y, Long Range, AWD, árgerð 2023. Sjálfskiptur. Ekinn 50.000 km. Verð kr. 5.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.


Hreinræktaðir íslenskir hvolpar frá Gerplu kennel. Ættbók og heilsufarsbók. Fæddir í Búlandi Hvolsvelli. Góðir í sveitinni, eru ekki að rjúka í hesta, kýr eða bíla, þótt þeir séu fæddir í sveit. Þetta eru svona sveitahundar eins og ég vil hafa þá. Fæddir 31. júlí. Tilbúnir til afhendingar. Upplýsingar í s. 868-4500 sjá á facebook - Gerplu-kenner.


Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.


Vantar þig snjóblásara á traktorinn og kannski traktorinn líka? Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.

ÚLFATÍMI
TILBÚNIR KRAKKARÉTTIR

Óskum eftir atvinnueldhúsi, eða húsnæði sem hýst gæti framleiðslueldhús, til leigu. Helst á Suðurlandi en skoðum alla möguleika. Hafið samband við Halldóru Eldjárn í s. 661-8800.


Fullbúin og lyklaklár stöðuhýsi, 18 og 21 fermetri. Lítil og nett hús sem geta nýst sem t.d. gestahús á sumarhúsalóð, útleigueining o.fl. Verð frá kr. 7.490.000. Nánari Uppl í s. 898-3946 eða á stoduhysi.is


Byggt rétt fyrir 1980, er um 50 fermetrar. Fer að þarfnast viðhalds. Selst til flutings og verður laust næsta sumar. Er í Reykhólasveit. Tilboð óskast. Allar upplýsingar í s. 894-5785.


Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Eigum á lager reykgjafa/reykjara sem nota má í hvaða skáp eða kassa sem þú átt, sjá nánar á Borniak.com. Eigum einnig átta mismunandi gerðir af reyksagi. Upplýsingar í s. 822-8844.


Polaris Sportsman Big Boss 800 sexhjól, árgerð 2013, ekið 7.030 km. Nýyfirfarið af Stormi. Verð kr. 1.200.000. Hafið samband við Sæmund í s. 892-7746.

*Margar stærðir í boði, Verð frá 3.371.100+vsk*



*FSH/ARGO Sólbakka 2 Borgarnesi: Póstfang: argoiceland@gmail.com Sími 8610000*


**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.


**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.


**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.


**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.


**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.


**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957
**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

Tokvam®

**Styrkur og gæði frá Noregi**
**Mikið úrval á lager**



**Fjölplógur VT320**
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



**Salt - & sanddreifari**
SMA510 / 150 cm / 3p tengi
SMA800 / 200 cm / 3p tengi
SMA1100 / 200 cm / 3p tengi
SMA1600 / 230 cm / 3p tengi



**Snjóblásari F130H**
Glussadrifinn, fyrir 1 - 3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



**Snjóblásari 241 THS Flex**
Vinnslubreidd 240 cm
Þyngd 1.000 kg, 3p tengi.
Túða, drifskaft (f/ framan á vél)
Fyrir +70 hp vél.
Hægt að hafa að framan og aftan á vélinni.
Fjöldi aukahluta í boði



**Snjóblásari 256 THS Flex**
Vinnslubreiddir 256 - 299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.

**260 THS MONSTER**
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260 - 275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160 - 300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

AFLVÉLAR

**TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI**
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Vinsælu þurrkofnarnir eru til á lager á Völlum í Svarfaðardal og í Rvk. Gott verð og gæði. 10 grindur 40/40 allt ryðfrítt. Verð aðeins kr. 59.000 +vsk. Upplýsingar í s. 822-8844.



Til sölu byggingarkrani, upplýsingar í s. 775-6080.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

DEUTZ®

Útvegum varahluti fyrir Deutz og Perkins vélar. Einnig vélar. Original hlutir. Einnig allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Rexroth - Parker - Danfoss - Scanreco etc. Vökvatæki ehf. s. 861-4401, Búðahellu 4X 221 Hafnarfirði. netfang: vt@vokvataeki.is- www.vokvataeki.is



Can Am 650cc. Fjórhjól til sölu. Árg 2020. Aðeins keyrt 2.400 km. Upplýsingar í s. 842-4930.



Tveggja hesta kerra til sölu. Staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Nýlega skoðuð. Upplýsingar í s. 660-4412.



Til sölu Benz Actros árg. 2017. Ekinn 312.000 km. Vörukassi er 9 m langur og 2,4 m á hæð. Það kemst 21 bretti í gólf. Verð kr. 9.900.000 +vsk. Upplýsingar í s. 665-8150.



Eldsmíði: Steðji og áhöld. 50 kg steðji á trédrumb ásamt mótunarjárnum, eldsmíðatöngum o.fl. Tilboð óskast, en ekki undir kr. 100.000. S. 669-1127 er í Hafnarfirði.



Til sölu Adria Alpina 663 uk. vetrarhýsi árgerð 2020. Heildarlengd með beisli 857 cm. Húsið er 734 cm. Breidd 246 cm. Hæð 260 cm. Þyngd hýsis um 1.800 kg. Heildar leyfileg þyngd 2.000 kg. Grjótgrind, kojur, hjónarúm og sturta, svefnpláss fyrir 6. Tvöfaldir innfelldir gluggar, þykkt á veggjum og þaki er 33 mm og gólfi 47 mm. Skoðum skipti á húsbíl eða jeppa, jafnvel bát eða fjórhjóli/buggybíl. S. 893-6353.



Polaris Ranger 6x6 800cc. Árgerð 2012, ekinn 5.400 km. Spil, framrúða, rúðuþurrka, toppur og kastarar. Nýyfirfarinn. Verð kr. 1.990.000 +vsk. Uppl í s. 899-3487.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Nýjar 100 kva Cummins, 5.9 dísil rafstöðvar til sölu. Verð kr. 2.590.000 +vsk. Einnig til 70 kva 4 cyl dísel, verð kr. 2.090.000 +vsk. Agnar í s. 696-9468.



Véla - og rúlluvagn - Til á lager rúlluvagn með vökvastýrðum rampi til að keyra vinnuvélar upp á. Burðargeta 18 tonn. Lengd á palli 9,0 m. Dekk 650/50-22,5 Verð kr. 4.488.000 m/vsk. (kr. 3.619.000 án vsk) H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Volvo BL71 2006, 8.800 tímar. Verð kr. 5.500.000 +vsk. Upplýsingar gefur Friðrik í s. 660-1680.



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. 140 cm kr. 310.000 m/vsk. 160 cm verð kr. 335.000 m/vsk. 180 cm verð kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Marshall Sturtuvagn. Nýyfirfarinn og skoðaður 2025. Verð kr. 1.990.000 +vsk. Uppl í s. 865-7229.



Rúlluvagn DINA RP10500 14 tonna burðargeta/hlassþyngd. Pallur, stærð 2,55 x 10,5 m. Dekk 710/45-22,5 Verð kr. 3.690.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Til sölu Aquamassage tæki, (nuddtæki) ónotað. Tækið er á hjólum. Hægt að setja inn í bílskúr. Tækið er einsog 36 hendur sem nuddar viðkomandi. Poki með (37 °C heitu vatni) leggst að líkamanum og nuddar, blotnar ekki. Hægt að velja mismunandi stillingar. Tilvalið fyrir fyrir t.d. ferðaþjónustu, nuddara, hótel og hægt er að selja aðgang í tækið. Nýtt tæki kostar um kr. 6.000.000. Þetta tæki kostar aðeins kr. 600.000. Upplýsingar í s. 897-4305 og á netfanginu:halldorharaldsson@gmail.com. Vefslóð: https://www.youtube.com/watch?v=92N8IkJeVYw



Brettagafflar með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð áður 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Timbur í fjárhúsgólf Stærð 32 x 100 mm. Verð kr. 390 m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. Verð áður kr. 470 LM m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Bobcat TG 40140 skotbómulyftari, þarfnast aðhlynningar. Verð kr. 2.300.000,- +vsk. Seljandi gefur út reikning. Upplýsingar í s. 893-6975.



Til sölu vélavagn, burðargeta 40 t. Breidd 2,75 m. Verð kr. 2.000.000 +vsk. reikningur fylgir, upplýsingar í s. 893-6975.



Rexton 2002/3 ekinn 114.000 km. 33 t. breyting, gott ástand, viðhald og útlit. Aukadekk fylgja. Verð 1.400.000 eða tilboð. S. 842-0060.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm. x B 70 cm. 1 stk Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Salernisgámur til sölu. Gámurinn er í góðu standi með þrjár hurðir, þrjú klósett og eina sturtu. Gámurinn er staðsettur á Suðurlandi. Verð kr. 1.500.00 +vsk. Upplýsingar í s. 894-0045.



Weckman HARDOX sturtuvagn 13 tonna burðargeta/hlassþyngd, verð kr. 3.800.000 m/vsk. (kr. 3.065.000 án vsk) H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Óska eftir viðgerðarmanni í lengri eða styttri tíma, í viðhald á jöklajeppum og tilfallandi verkefnum. Erum staðsett við Jökulsárlón og gisting í boði. Frekari upplýsingar: Breidamerkurferdir@gmail.com



Rúlluvagn Weckman. Burðargeta/hlassþyngd 13 tonn. Pallur stærð 2,46 x 9,0 m. Verð kr. 3.260.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Gólfslípivélar til sölu. Hringið í s. 775-6080 til að fá upplýsingar.




KGM Korando Premium, 4x4, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 17.000 km. Verð kr. 5.790.000 - notadir.benni.is – s. 590-2035.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Vandaðir kapteinastólar á fjöðrun. Sterkt áklæði og ótal stillingar. Henta vel í ýmis tæki. Verð aðeins kr. 150.000 án vsk. S. 865-9700 eða axelm1991@gmail.com

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

***Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is***

Eignatorg



Eitt búnt mótatimbur með afslætti 1x6 (25x150) Lengd 4,8m Verð kr. 275 lm. H. Hauksson ehf. S. 588-1130



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Til sölu Karcher Professional Mic 34 C árg 2018. Tækinu fylgir sópur, snjótönn og saltdreifari. Notaður 640 tíma. Nánari uppl. veitir Sigurður í s. 858-0040.




SsangYong Rexton HLX, 4x4, árgerð 2020. Sjálfskiptur, ekinn 69.000 km. Verð kr. 6.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki heitgalv./ SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rúlluskeri með plastgrípara frá FKMachinery. Verð kr. 757.000 m/vsk. (kr. 610.500 án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130












VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

PRONAR



Fjölplógar f/smærri vélar
Breidd 1,5m, m/3p tengi
Breidd 2m, m/3p tengi



Fjölplógur PUV3300
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
Breidd 3,3m, án festiplötu



Fjölplógur PUV „M" Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6 m og 3,0 m



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6 m og 4,0 m

Festiplötur:

| | |
|---|---|
| Slétt plata | 3-punkta |
| EURU/SMS | EURO stór |
| JCB 3CX hrað | CASE 580SR |

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is







Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600





Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is


## Atvinna

Ég heiti Martin Soldner. Ég er búsettur á Akranesi og leita mér að atvinnu á Akranesi eða nágrenni. Ég er hraustur, kraftmikill og vingjarnlegur. Ég er sterkur og handlaginn, hef reynslu af sölumennsku og ósérhlífinn í erfiðisvinnu. Ég tala ekki mikla íslensku enn þá, en hef áhuga á að læra meira. Ef þú ert að leita að starfskrafti, endilega sendu mér tölvupóst á: m.schaue@gmail.com

## Einkamál

53 ára föngulegur kostur fáanleg í ýmis verkefni, hvort sem er kleinubakstur eða önnur verkefni til sveita. Ég leitast eftir föngulegum karlkyns kosti milli 50 og 60 ára til að vinna og njóta ævintýra með. Áhugasamir hafið samband í valkyrja1971@gmail.com

Hugheilar afmæliskveðjur til Sigríðar Magneu, vinkonu minnar í Bræðratungu, sem fagnaði 24 árum 20. október síðastliðinn!

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir Fis-pallhýsi. S. 694-4498.

## Til sölu

1.000 w. vindrafstöð, 15% framkvæmdaafsláttur til 15. nóvember, vegna slæms aðgengis frá götu. Verð kr. 120.000. - Orkubondinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavik s. 888-1185.

Til sölu MF 265. Verð kr. 150.000. Sturtuvagn, lítill, verð kr. 150.000. Sturtuvagn, 3 tonn, verð kr. 200.000. Upplýsingar í s. 699-4461.

Til sölu Dodge Ram 1.500, bensín, árg. 1997. Ekin kringum 150.000 km. Upplýsingar í s. 862-2933.

Negld vetrardekk til sölu, mjög lítið notuð. Stærð: 215/50-R17. Einnig til sölu,negld vetrardekk, stærð: 275/45-R20. Upplýs. í s. 896-6412.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Pro Country Rafskutla, keypt 2020 af Öryggismiðstöðinni. Skutlan hefur alltaf verið inni á veturna, í góðu ástandi og kemst um 50 km á hleðslu við góð skilyrði. Ræður vel við brekkur og sveitavegi. Gæti þurft að bæta lofti í dekk. Ryð hefur safnast upp á nokkrum stöðum en nýr eigandi sem kann til verka gæti bætt úr því. Með fylgir hleðslutæki, lás og lyklar. Frábær faraskjóti fyrir fólk með hreyfihamlanir. Upprunaverð er kr. 560.000 en ég er sátt við kr. 200.000 fyrir hana. Get sent hvert á land sem er á kostnað viðtakanda. Frekari upplýsingar hjá Hrönn Kristey í s. 869 - 5615.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Taðkvísl 140 cm með 8 teinum. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 126.480 m/vsk. (kr. 102.000 án vsk). H. Hauksson ehf. hhauksson@hhauksson.is s. 588-1130.



Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Argo-Watt ) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Salernisgámur til sölu. Gámurinn er 8 fet í góðu standi. Tvö wc og pissiskál. Staðsettur á Suðurlandi. Verð kr. 950.000 +vsk. Upplýsingar í s. 894-0045.



5.000 w. Vatnsaflstöð 15% framkvæmdaafsláttur. Verð frá kr. 498.000.- Orkubondinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavik s. 888-1185.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Dísilhitari 5 kw með aukahlutum 12 og 24 volt. Öll þjónusta. Verð kr. 53.800. Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Þjónusta

Vantar þig prófarkalestur? Tek að mér að lesa yfir texta af öllum gerðum. Hafðu samband. prentvilla@gmail.com. Betur sjá augu en auga.

Bjóðum upp á háþrýstiþvott á gripahúsum. Erum með öflugar dælur, góð meðmæli og notum eingöngu góðar sápur. Nánari upplýsingar í s. 848-7275 eða tvotturogtjonusta@gmail.com. Þvottur og þjónusta ehf.

Hátt og bratt þak? Ekkert mál. Mála allar gerðir þaka. Er að taka niður pantanir fyrir sumarið 2025. Geri verðtilboð. Sendið e-mail á magnus songudmundur40@gmail.com

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang hak@hak.is

Bændablaðið
www.bbl.is




# FÓÐUR TIL FRAMTÍÐAR

**Árið 2005 hóf Landstólpi að þróa kjarnfóður í samstarfi við De Heus sem er alþjóðlegur fóðurframleiðandi og er meðal fimm stærstu fóðurfyrirtækja heims.**



KEP; Nýr næringareiknir sem spáir fyrir um fituinnihald mjólkur. 60% af fituinnihaldi mjólkur ræðst af samverkandi þáttum, svo sem mjaltaskeiði, framleiðslu, erfðafræðilegu og fleiru, hin 40% ráðast af næringu. De heus hefur þróað reikniformúlu (KEP) sem gerir okkur kleift að spá betur fyrir um áhrif fóðurs á þessi 40%.

## Fatbooster - Góð blanda verður betri!

- Fatbooster blandan hefur verið notuð með góðum árangri á íslenskum kúabúum í mörg ár til að bæta mjólkurframleiðslu og fituinnihald mjólkur.
- Með tilkomu nýrrar reikniformúlu, KEP, höfum við nú getað bætt uppskriftina af Fatbooster. Þetta tryggir aukningu í fituinnihaldi mjólkur í enn fleiri tilvikum. Aukningunni náðum við án þess að bæta við aukinni fitu í fóðrið.

## Af hverju að nota Fatbooster?

- Mikið orkugildi fyrir heilbrigðar kýr og meiri mjólkurframleiðsla með góðu fituinnihaldi.
- Fóður með hæsta KEP = meiri fituframleiðsla í mjólk.
- Bragðgott fóður sem hefur margsannað sig í íslenskum aðstæðum.

**Vilt þú meiri mjólk, fitu eða betra heilbrigði? Hafið samband!**

FAGLEG RÁÐGJÖF | NÁIÐ SAMSTARF | EFTIRLIT & EFTIRFYLGNI | FRÁBÆR ÁRANGUR

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is


NIVEA
NÝTT
LJÓMANDI HÚÐ
BYRJAR MEÐ
HREINSUN
INSTANT GLOW EFFECT
+5% SERUM
NIVEA
NEW
Micellar Water
SKIN GLOW
FACE - EYES - LIPS
+5% SERUM WITH VITAMIN C & E
CLINICALLY TESTED*
1 Effective waterproof make-up removal 2 Gentle cleansing 3 Brightens the skin for a more even & radiant skin complexion
1 Entfernt wasserfestes Make-up effektiv 2 Reinigt sanft 3 Bringt die Haut zum Strahlen & sorgt für einen ebenmäßigeren Teint
NO PERFUME - FOR DULL & SENSITIVE SKIN
OHNE PARFÜM - FÜR FAHLE & SENSIBLE HAUT
DERMATOLOGICALLY & OPHTHALMOLOGICALLY APPROVED** 400ml
MEÐ
C- & E-
VÍTAMÍNI
KLÍNÍSKT PRÓFAÐ*
*Brightening Effect tested in clinical study